

Félagsráðgjöf

Október 2008

Félagsráðgjöf, félagsauður og íbúalýðræði.

Ella Kristín Karlsdóttir

Leiðbeinandi: Dr. Steinunn Hrafnadóttir

Nafn nemanda: Ella Kristín Karlsdóttir

Kennitala nemanda: 130252-4009

Félagsvísindadeild
Háskóla Íslands

Útdráttur

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að kanna viðhorf íbúa í tveimur hverfum Reykjavíkur og kanna afstöðu þeirra til nánasta umhverfis, hvað það er í huga þeirra sem skapar hverfi og félagsauð. Þá er spurt hvort félagsráðgjöf tengist félagsauði og íbúalýðræði? Rannsókn þessi fellur að þeirri hefð í félagsvísindalegum rannsóknum er kallast eigindleg rannsóknaraðferð. Tekin voru tíu viðtöl fólks sem annaðhvort býr og eða starfar í Árbæ eða Grafarholti. Niðurstöðum, rannsóknarinnar sýna, hvaða þættir það eru sem gefa viðmælendum þá tilfinningu að þeim finnst þeir vera sáttir við hverfið sitt. Hvernig þeir upplifa að þeir tilheyri því og að þeir séu hluti af heild og leggi sitt af mörkum með þátttöku sinni og hvað þeim þykir mikilvægt að sé í hverfi svo það standi undir nafni. Af greiningu viðtala má draga þá ályktun að það er ekkert eitt atriði sem skapar félagsauð. Með hugtakinu íbúalýðræði er átt við að íbúar taki meiri þátt í ákvörðunum sem varða þeirra nánasta umhverfi. Reykjavíkurborg hefur reynt að skapa grundvöll fyrir íbúalýðræði með stofnun hverfisráða. Fyrstu hverfisráðin voru stofnuð 1. nóvember 2001. Í dag eru starfandi 10 hverfisráð í Reykjavík.

Nátengt hugtakinu íbúalýðræði er félagsauður sem vísar til samskipta á milli einstaklinga og tengsla sem leiða til trausts og gagnkvæmra samskipta. Til að íbúalýðræði og félagsauður geti myndast þarf að eiga sér stað einhver virkni meðal íbúanna. Valdefling er leið til að auka félagsauð og íbúalýðræði. Rannsóknin leiðir í ljós að til að virkja íbúalýðræði er nauðsynlegt að valdefla íbúana en töluvert vantar upp á að íbúar hverfanna séu meðvitaðir um réttindi sín. Sömuleiðis má sjá að stjórnvöld þurfa að gera miklu meira af því að fræða íbúana og gefa þeim kost á að móta nánasta umhverfi sitt á lýðræðislegan hátt. Rannsóknir fræðimanna á þessu sviði hafa sýnt að íbúum líður mun betur í sínu hverfi ef þeim finnst þeir geta haft áhrif í veigamiklum málum sem varða sjálfa þá og nánasta umhverfi.

Formáli

Ritgerðin er 24 eininga lokaritgerð í meistaranámi við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Yfirskrift ritgerðarinnar er: Félagsauður, félagsráðgjöf og íbúalýðræði.

Leiðbeinandi minn var dr. Steinunn Hrafnisdóttir dósent við Félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands. Ég færi henni mínar bestu þakkir fyrir leiðsögn við framkvæmd rannsóknar, efnistösk, öflun heimilda og hvatningu. Þá vil ég þakka framkvæmdastjóra Þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts Sólveigu Reynisdóttur fyrir að veita mér námsleyfi í fimm mánuði til að sinna rannsókninni. Þá þakka ég viðmælendum mínum í Árbæ og Grafarholti fyrir þátttöku í rannsókninni og stjórn vísindasjóðs Félags félagsráðgjafa er þökkuð styrkveiting til að standa straum af útlögðum kostnaði við framkvæmd rannsóknarinnar. Maríu Önnu Þorsteinsdóttur frænku minni cand. mag. færi ég bestu þakkir fyrir yfirlestur, stuðning og hvatningu. Þá vil ég einnig þakka mínum nánustu fyrir margvíslega aðstoð og þolinmæði mér sýnda.

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| 1 INNGANGUR | 7 |
| 2 LÝÐRÆÐI | 11 |
| 2.1 HVAD ER LÝÐRÆÐI ? | 11 |
| 2.2 UPPHAF LÝÐRÆÐIS | 13 |
| 2.3 BEINT LÝÐRÆÐI | 14 |
| 2.4 ER ÖLLUM TRYGGÐ AÐKOMA AÐ LÝÐRÆÐINU ? | 16 |
| MYND 2.1: ÞÁTTTÖKUSTIGI ARNSTEINS | 18 |
| MYND 2.2: STIGI GUNNARS HELGA KRISTINSSONAR | 20 |
| 2.5 ÍBÚALÝÐRÆÐI | 20 |
| 2.6 UNDIRBÚNINGUR OG AÐFERÐIR ÍBÚALÝÐRÆÐIS | 23 |
| 2.7 ATKVÆÐAGREIÐSLUR | 25 |
| 2.8 ÍBÚALÝÐRÆÐI, HVERFISRÁÐ OG ÞJÓNUSTUMIDSTÖÐVAR REYKJAVÍKUR..... | 28 |
| 3 FÉLAGSAUÐUR | 35 |
| 3.1 HVAD ER FÉLAGSAUÐUR ?..... | 35 |
| 3.2 COLEMAN OG FÉLAGSAUÐUR | 36 |
| 3.3 PUTNAM OG FÉLAGSAUÐUR | 38 |
| 3.4 FUKUYAMA OG FÉLAGSAUÐUR..... | 39 |
| 3.5 BOURDIEU OG FÉLAGSAUÐUR | 40 |
| 3.6 FÉLAGSAUÐUR OG SAMFÉLAGIÐ | 41 |
| 3.7 FÉLAGSAUÐUR OG RANNSÓKNIR | 42 |
| 4 FÉLAGSRÁÐGJÖF | 47 |
| 4.1 FÉLAGSRÁÐGJÖF | 47 |
| 4.2 SAGA FÉLAGSRÁÐGJAFAR | 48 |
| 4.3 FÉLAGSAUÐUR OG FÉLAGSRÁÐGJÖF..... | 50 |
| 4.4 HEILDARSÝN | 50 |
| 5 VALDEFLING | 53 |
| 5.1 HVAD ER VALDEFLING ?..... | 53 |
| 5.2 RÆTUR VALDEFLINGAR Í FÉLAGSRÁÐGJÖF..... | 55 |
| 5.3 VALDEFLING Í FÉLAGSRÁÐGJÖF | 56 |
| 5.4 VALDEFLING OG FORSENDUR HENNAR | 56 |
| 5.5 ALLIR ERU SÉRFRÆÐINGAR Í EIGIN LÍFI | 57 |
| 5.6 VALDEFLING OG SAMFÉLAGSVINNA | 58 |
| 5.7 VALDEFLING, FRJÁLS FÉLAGSAMTÖK OG SJÁLFSHJÁLPARSAMTÖK | 65 |
| 5.8 VALDEFLING OG HINDRANIR | 67 |
| 6 AÐFERÐARFRÆÐI | 69 |
| 6.1 EIGINDLEG RANNSÓKNARAÐFERÐ | 69 |
| 6.2 VÆTÖL | 71 |
| 6.3 GRUNDUÐ KENNING | 72 |
| 6.4 VAL Á ÞÁTTTAKENDUM OG AÐGENGI OG ÁÆTLUN UM FRAMKVÆMD | 73 |
| 6.5 GREINING GAGNA | 77 |
| 7 NIÐURSTÖÐUR | 80 |
| 7.1 HVERNIG KYNNAST ÍBÚAR, HVAD RÆÐUR ÞVÍ HVERNIG FÓLK VELUR SÉR HEIMILI ? | 81 |
| 7.2 HVAD ÞARF AÐ VERA Í HVERFI SVO ÞAÐ GETI KALLAST HVERFI ? | 85 |
| 7.3 HVERFIÐ MITT- MÉR ÞYKIR VÆNT UM ÞAÐ | 86 |
| 7.4 ÚTIVIST..... | 88 |
| 7.5 HEILSUGÆSLA | 90 |
| 7.6 SKÓLAR..... | 90 |
| 7.7 FÉLÖG | 93 |

| | |
|--|------------|
| 7.8 FYLKIR | 94 |
| 7.9 FRAM | 96 |
| 7.10 KIRKJAN | 97 |
| 7.11 BOÐLEIÐIR | 100 |
| 7.12 HVERFASAMSTARF OG BORGARYFIRVÖLD | 105 |
| 7.13 MÓTSAGNIR | 110 |
| 8 NIÐURLAG | 113 |
| 8.1 SAMANTEKT OG UMRÆÐA | 113 |
| 8.2 ÍBÚALÝÐRÆÐI OG FÉLAGSAUÐUR | 115 |
| 8.3 TENGIST FÉLAGSRÁÐGJÖF, ÍBÚALÝÐRÆÐI OG FÉLAGSAUÐUR ?..... | 120 |
| 8.4 NIÐURLAG OG LÆRDÓMUR | 121 |
| HEIMILDIR | 122 |
| VIÐAUKI | 129 |

Myndir

| | |
|---|-----------|
| MYND 2.1: ÞÁTTTÖKUSTIGI ARNSTEINS | 18 |
| MYND 2.2: STIGI GUNNARS HELGA KRISTINSSONAR | 20 |
| MYND 6.1: ÍBÚAFJÖLDI Í GRAFARHOLTI OG ÁRBÆ 1. DESEMBER 2007 MYNDIN ER FENGIN FRÁ VELFERÐARSVIÐI REYKJAVÍKUR..... | 76 |
| MYND 6.2: ÁRBÆR OG GRAFARHOLT. MYNDIN FENGIN ÚR LANDUPPLÝSINGAKERFI REYKJAVÍKURBORGAR..... | 77 |

1 Inngangur

Þegar að steini er fleygt í vatn eða það verður neðanjarðarjarðskjálfti þá gárast yfirborð vatnins þannig að bylgjur og öldur fara oft langar leiðir áður en þær berast til lands. Afleiðingarnar eru ófyrirsjáanlegar. Þessa líkingu má hæglega nota um hvernig stefnur og straumar berast til landsins jafnvel úr órafjarlægð. Umræðan um íbúalýðræði og félagsauð hefur tiltölulega nýlega rekið á fjörur okkar hér á landi.

Eftir að hafa starfað sem félagsráðgjafi hjá Reykjavíkurborg í meira en 10 ár þá fannst mér áhugavert að kanna hvaða þættir það eru sem gefa fólki tilfinningu fyrir hverfinu sínu og hvað það er í huga þeirra sem skapar hverfi. Hvaða þjónustu finnst þeim að borgin eigi að veita eða hvaða þjónusta á að vera í hverfi svo það geti staðið undir nafni. Hvað er félagsauður og íbúalýðræði? Hvernig upplifa íbúar íbúalýðræði í sínu hverfi? Telja þeir að raddir þeirra heyrist? Hafa félagsráðgjafar eitthvert hlutverk í þessari umræðu og hvert gæti það verið?

Ástæður þess að mig langaði að kanna þetta er áhugi minn á þjóðfélagsmálum og félagsráðgjöf.

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að kanna viðhorf íbúa í tveimur hverfum Reykjavíkur og kanna afstöðu þeirra til nánasta umhverfis, hvað það er í hugum þeirra sem skapar hverfi og félagsauð. Þá er spurt hvort og á hvaða hátt félagsráðgjöf tengist félagsauði og íbúalýðræði? Sú leið sem var valin til að nálgast rannsóknarefnið var að gera eigindlega rannsókn og rætt var við tíu einstaklinga sem búa og/eða starfa í Árbæ og Grafarholti. Sjónum var beint að hugtökunum félagsauði, valdeflingu, félagsráðgjöf og íbúalýðræði. Rannsóknin byggir á umfjöllun erlendra fræðimanna um þessi hugtök og rannsóknum sem hafa verið gerðar á þessu sviði. Rannsókninni má skipta í tvo hluta annars vegar eigindlega rannsókn og hins vegar kenningarlega umfjöllun um félagsráðgjöf, félagsauð, valdeflingu og íbúalýðræði.

Lýðræði eins og við þekkjum það, hefur í langan tíma þróast og er enn í þróun. Kjósendur ganga til kosninga og kjósa stjórnmalaflokk sem þeir veita umboð. Þeir verða oft í kjölfar kosninga fyrir vonbrigðum. Því útkoman úr kosningum er sjaldnast augljós og fyrirheitin eru kjósendum oft illskiljanleg. Í lýðræði felst að fólk getur haft áhrif á ákvörðun með kosningum en loka niðurstaða þarf ekki að vera sem allir völdu en þó er ætlast til að fólk fylgi niðurstöðunni (Stoker, 2006). Ein gerð af lýðræði er íbúalýðræði og umræða um það er sífellt að verða meira áberandi.

Þó hugmyndir um íbúalýðræði og félagsauð séu til staðar þá verður íbúalýðræði og félagsauður ekki til af sjálfu sér það verður óhjákvæmilega eitthvað að koma til. Félagssauður er hugtak sem hefur verið að festa rætur undanfarin ár jafnt meðal fræðimanna og almennings. Félagssauður er ekki áþreifanalegur en hann finnst í tengslum á milli manna. Merking hugtaksins virðist í huga fólks vera nokkuð óljós en það er notað af einstaklingum, samfélögum, í stjórnmalum og efnahagsmalum. Með því að efla félagsauð er hægt að skapa sameiginlegt traust, vingjarnlegt og öruggt umhverfi (Putnam, 2000). Félagssauður hefur alltaf verið til þó hugtakið félagsauður sé innan við aldargamalt. Félagssauður getur vaxið upp úr grasróttinni eða fyrir tilstuðlan einhvers eins, félagasamtaka eða yfirvalda. Félagssauður vísar til félagslegra tengsla og gagnkvæmni. Orðið sjálft hefur á sér jákvæða mynd. Það virkar jákvætt á fólk eins og það feli í sér mynd af einhverju góðu. Er félagsauður þá jákvætt hugtak? Ef svo er merkir það alltaf eitthvað gott fyrir alla? Þannig þarf það ekki að vera. Margir fræðimenn hafa fengist við að útskýra það en í þessari rannsókn verður fjallað meðal annars um hugmyndir Fukuyama, Coleman og Putnam. Þeir eru sammála um að félagsauður felist í getu íbúa til að treysta hver öðrum og vinna saman að úrlausn sameiginlegra viðfangsefna. Meginatriðið er að félagsleg tengsl eru góður kostur bæði fyrir einstaklinga og samfélög. Félagssleg tengsl og sambönd eru okkur mikilvæg í gegnum lífið. Fjöldi rannsókna hefur verið gerður á þessu sviði. Hægt er að lýsa félagsauði á margan hátt og á einfaldan hátt má segja að þjóðfélag þar sem flestir telja að treysta megi náunganum sé ríkt af félagsauði. Þeir sem treysta stofnunum eru líklegri til að múta ekki eða reyna að spilla starfsfólki. Þar sem starfsfólk er spillt er dregin sú ályktun að það sama eigi einnig við um flesta íbúa. Traust á stofnunum leiðir til traust á náunganum. Það er ekki talið þjóna hagsmunum að treysta þeim sem eru spilltir (Rothstein, 2004). Helsti annmarki hugtaksins er sá

að ekki er sameiginlegur skilningur á því hvernig mæla beri félagsauð (Fukuyama,1999).

Þjóðarpúlsinn (Capacent) hefur kannað hér á landi frá árinu 1993 traust almennings til nokkurra stofnana. Mælingarnar gefa vísbendingu um afstöðu fólks. Frá því í desember 2006 hefur traust til allra stofnana minnkað. Í mælingum í mars 2007 kemur fram að Alþingi Íslendinga nýtur minnst trausts eða aðeins 29% svarenda bera traust til þess. Traust til dómskerfisins mældist 31%. Háskóli Íslands nýtur mest traust eða 85% þar á eftir kemur traust á lögreglunni eða 78% (Þjóðarpúls, 2008).

Félagsráðgjafar eru meðvitaðir um flókið samspil á milli einstaklinga og umhverfis og getu fólks til að hafa áhrif á og verða fyrir áhrifum frá sálfélagslegum þáttum.

Margar aðferðir til að bæta líf einstaklinga og fjölskyldna eru þekktar í félagsráðgjöf kunnastar þeirra eru einstaklingsvinna, fjölskylduvinna og samfélagsvinna. Í þessari rannsókn verður fjallað um þrennskonar nálganir að viðfangsefninu þ.e. heildarsýn, kerfiskenningar og valdeflingu. Kostur kerfiskenninga og heildarsýnar er sá að þær fást við heildina en ekki við einstaka þætti. Valdefling er hugtak sem getur átt við einstaklinginn sjálfan, aðra íbúa, hópa og heil samfélög. Deilt hefur verið á félagsráðgjafa að þeir fái um of að breyta einstaklingunum í stað þess að breyta þjóðfélaginu (Payne, 1997).

Framlag rannsóknarinnar er greina frá viðhorfum íbúa til íbúalýðræðis og félagsauðs. Það má nota niðurstöðurnar við að kanna viðhorf íbúanna til samfélagsins og til að skipuleggja þjónustu í íbúahverfum. Takmarkanir rannsóknarinnar er að hún er lítil og rætt er við fáa einstaklinga. Þess vegna er ekki hægt að alhæfa út frá rannsókninni en aftur á móti þá gefur hún ákveðnar vísbendingar um viðhorf nokkura einstaklinga til tveggja hverfa í Reykjavík í byrjun tuttugustu og fyrstu aldar.

Til að skilja og átta sig á íbúalýðræði þarf að skoða sögu lýðræðisins. Í öðrum kafla er fjallað lauslega um þróun lýðræðis og rætur íbúalýðræðis. Þá er fjallað um stöðu íbúalýðræðis eins og hún er árið 2008. Í þriðja kafla er fjallað um félagsauð og saga hugtaksins rakin. Undanfari íbúalýðræðis er félagsauður. Því án félagsauðs þá verður ekki íbúalýðræði. Í fjórða kafla verður fjallað um

valdeflingu. Til að félagsauður og íbúalýðræði geti orðið að veruleika verða íbúarnir að koma að verkinu. Það geta þeir ekki nema að valdefling sé til staðar. Í fimmta kafla er fjallað um félagsráðgjöf. Hvort og þá hvernig félagsráðgjöf tengist íbúalýðræði og félagsauði. Valdefling er þekkt aðferð í félagsráðgjöf. Félagsráðgjafar koma víða í þjóðfélaginu að valdeflingu. Í sjötta kafla verður lýst aðferðafræði rannsóknarinnar sem er eigindleg og í sjöunda kafla verður greint frá niðurstöðum rannsóknar á viðhorfum íbúa til félagsauðs. Þar eru tekin viðtöl við tíu íbúa sem starfa og/ eða búa í Árbæ og Grafarholti. Hvað finnst þessum íbúum um borgina og það hverfi sem þeir vinna og/ eða starfa í? Í áttunda kafla verður umræða og samantekt. Fremst er efnisyfirlit og skrá yfir myndir. Aftast er viðauki þar sem í er viðtalsvísir rannsóknarinnar og lög íbúasamtaka Grafarholts.

2 Lýðræði

Í rannsókn sem fjallar um íbúalýðræði er nauðsynlegt að skilgreina hugtakið lýðræði. Hvað merkir það? Hvaðan kemur það? Hefur það breyst? Ef svo er þá hvernig? Í þessum kafla er hugtakið skoðað og skilgreint, síðan verður fjallað um uppruna þess og hvernig það hefur þróast og þá notaður svokallaður þátttökustigi Arnsteins. Þá verður fjallað um nokkrar tegundir lýðræðis s.s. fulltrúalýðræði, beint lýðræði og íbúalýðræði. Þá er fjallað um það hvort það sé mikilvægt að öllum sé tryggð aðkoma að lýðræðinu. Leitað verður svara við þeirri spurningu hvort komin sé gjá á milli stjórnámálanna og kjósenda. Ef svo er, er þá eitthvað við því að gera? Rakin verður saga íbúalýðræðis og greint frá helstu aðferðum sem eru notaðar við að rækta það í dag. Þá er í lok kaflans fjallað um hverfisráðin í Reykjavík og þann vanda sem þau eiga við að glíma.

2.1 Hvað er lýðræði ?

Eftir orðanna hljóðan þá merkir lýðræði, að lýðurinn ráði þ.e. fólkið. Hér á landi höfum við fulltrúalýðræði til að tryggja lýðræðið og er ríkisvaldinu skipt upp í þrennt, Alþingi, dómstóla og framkvæmdavald. Allir þegnar þjóðfélagsins sem fullnægja tilteknum almennum skilyrðum mega kjósa til Alþingis, þá sem fara með löggjafarvaldið og æðsta framkvæmdavaldið. Kosningar eru leynilegar. Ríkisstjórnin ber ábyrgð á gerðum sínum og er undir eftirliti af hálfu þjóðarsamkomunnar, Alþingis. Handhöfum framkvæmdarvalds ber í hvítetna að fara að lögum og eru bundnir af þeim. Þegnarnir hafa rétt til að láta í ljós skoðun sína og þeim eru í stjórnarskránni tryggð tiltekin réttindi. Dómstólar eru sjálfstæðir (Ólafur Jóhannesson, 1960).

Fram til þessa hefur lýðræðið reynst besta lausnin að flestra mati til að stjórna ríki. Það þykir sjálfsagt á Vesturlöndum að búa við lýðræðislegt stjórnarfyrikomulag, en víða í heiminum er barist fyrir lýðræði þar sem ríkir einræði eða flokksræði (Stoker, 2006).

Í lýðræðislegu þjóðfélagi þar sem allar skoðanir eiga að heyrast fer þó fjarri að það sé fullkomið stjórnartæki. Ávallt má breyta og bæta. Gæta verður þess að meirihlutinn kúgi ekki minnihlutann og einnig verður að standa vörð um málfrelsi og ritfrelsi. Lýðræði er aðferð til að stjórna. Hér á landi hefur verið allsráðandi hefðbundin áhersla á fulltrúalýðræði, rétt ríkisstjórnar og meirihluta þings til að taka ákvarðanir, setja lög og er þetta jafnvel gert í óþökk meirihluta þjóðarinnar. Mikilvægt er að standa vörð um lýðræðið, það þarf að verja það, styðja og styrkja. Helstu gallar eru að kjósendur hafa ekki beinan tillögurétt hvorki til þings eða sveitarstjórna, en þó er leyfilegt samkvæmt lögum að koma með athugasemdir (Kristín Ástgeirsdóttir, 2004). Dæmi um þetta er að stjórnvöld verða í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/ 1997 að auglýsa tillögur að breytingum á deiliskipulagi. Íbúar fá þannig tækifæri til að skila inn ábendingum um tillöguna innan ákveðins frests. Þeir sem gera það ekki teljast samþykkja tillöguna.

Þegar verið er að kjósa um almenn málefni á sveitastjórnarstiginu þá hafa sveitastjórnir sjálfðæmi um það hvort kosningar eru ráðgefandi eða ekki.

Lýðræðið var ekki mikið í fyrstu Alþingiskosningum Íslendinga 1844. Kjósendur voru allt karlmenn efnaðasti sjöttungur bændastéttarinnar, flestir sýslumenn landsins, kannski helmingur presta eða um 2,2% af íbúum landsins var boðið að kjósa 20 fulltrúa. Þrátt fyrir þetta þá voru Alþingiskosningarnar merk nýjung því þær leiddu í fyrsta sinn hér á landi þá hefð að hópur fólks veldi sér fulltrúa til að tala máli þess við yfirvöld (Gunnar Karlsson, 2004). Lýðræðisþróun hér á landi hefur verið skrykkjótt og einkennst af sveiflum og óstöðugleika (Svanur Kristjánsson, 2006). Þetta má hæglega sjá þegar saga kosningaþátttöku er skoðuð. Árið 1882 fengu ekkjur og aðrar ógiftar konur sem stóðu fyrir búi eða sáu um sig sjálfar atkvæðisrétt í bæjar- og sveitarstjórnarkosningum en ekki kjörgengi fyrr en 1902. Kosningaréttur var takmarkaður við eignir og náði um aldamótin 1900 til um 10% þjóðarinnar. Árið 1907 fengu karlar og konur sama rétt til bæjarstjórnarkosninga í Reykjavík og Hafnarfirði og ári seinna annars staðar á landinu. 1915 fengu konur 40 ára og eldri og hjú kosningarétt en það var ekki fyrr en 1920 að kosningaréttur varð jafn fyrir konur og karla. Sveitarstyrksþegar fengu þó ekki kosningarétt fyrr en 1934 (Auður Styrkárdsóttir, 1982).

Á Norðurlöndunum hafa verið gerðar rannsóknir á stöðu lýðræðisins. Norðmenn hafa bent á að lýðræðishugtakið sé túlkað með fernum hætti og með áherslu á 1) stjórnskipan þar sem fulltrúar eru kosnir af þegnum, 2) réttindi þegnanna og réttarríkið, 3) almenna og virka þátttöku borgaranna og 4) sameiginlegt gildismat sem er hafið yfir mismunandi pólitískar stefnur (Kristín Ástgeirsdóttir, 2004).

Minnkandi kosningaþátttaka er áhyggjuefni víða í heiminum. Það hefur þó hingað til ekki þótt ástæða til að hafa áhyggjur af kosningaþátttöku hér á landi. Kannanir hér á landi benda til þess að traust almennings á stofnunum lýðræðis og stjórnámálamönnum fari minnkandi. Breytingin er hægfara en hún bendir engu að síður til þess að virkum kjósendum fækki hér líkt og annars staðar í hinum vestræna heimi. Ef íslenska þjóðin þróast eins og aðrar vestrænar þjóðir þá er það ekki ólíklegt. Talið er að auðveldara sé að efla þátttöku meðal almennings til að kjósa meðan hann er virkur kjósandi heldur en stofna til hennar eftir að einstaklingur er hættur að mæta á kjörstað (Heiða Björg Pálmadóttir, 2003). Í fljótu bragði virðist vera alveg ljóst við hvað er átt þegar fjallað er um lýðræði. Aftur á móti er það svo að þegar farið er að skoða það nánar þá er það hvorki einfalt né augljóst. Hver er aðkoma almennings að lýðræðinu? Fræðilega hafa allir aðgang að lýðræðinu en er það þannig í reynd? Þegar rætt er um lýðræði og lýðræðishugmyndir er oft talað um fulltrúalýðræði, þátttökulýðræði og íbúalýðræði. Mikilvægt er að fylgjast með hverjir hafa völdin í lýðræðisríki. Hefur fólk, lýðurinn, einhver völd fyrir utan atkvæðisréttinn þegar til kastanna kemur?

2.2 Upphaf lýðræðis

Í rannsókn sem fjallar um lýðræði er mikilvægt að skoða upphaf þess. Hér verður stiklað á stóru um uppruna lýðræðis.

Í Grikklandi hinu forna var lýðræði og frjálsir borgarar geiddu atkvæði um almenn mál. Eftir fall borgríkja Grikklands var það ekki fyrr en á 18. öld að lýðræðisleg þjóðfélög urðu til á ný. Árið 1776 var fyrsta lýðræðisríkið stofnað en það voru Bandaríki Norður - Ameríku (Magge, 2002). Nútímalýðræði er rakið til hugmynda franskra og enskra heimspekinga á 18. öld og byggir á hugmynd um frelsi, jafnrétti og bræðralag og að allir menn ættu þjóðarrétt og nokkurs konar

fæðingarrétt sem væri jafn fyrir alla menn. John Locke (1632-1704) er talinn vera helsti upphafsmaður raunhyggjunnar. Hann er einnig talinn hafa verið upphafsmaður rannsóknar á takmörkuðum skilningi mannsins. Áður var talið að maðurinn gæti aukið við vitneskju sína endalaust eða þar til hann vissi allt. Locke taldi að maðurinn fæddist inn í heiminn sem autt blað, sú hugmynd var byltingarkennd á þessum tíma. Hann trúði að með menntun væri hægt að frelsa almúgann undan samfélagslegri undirokun. Jeremy Bentham (1748-1832) taldi að hagsmunir einstaklingsins og þjóðfélagsins færu saman (Magge, 2002). Hugmyndir Frakkans Montesquieu (1689- 1755) gengu út á að það væri mikilvægasta skylda stjórnvalda að tryggja borgurunum frelsi til að gera það sem þeir vildu og koma í veg fyrir að þeir væru neyddir til að gera það sem þeir ekki vildu (María Anna Þorsteinsdóttir, 1996). Jean Jacques Rousseau (1712-1778) áleit að maðurinn fæddist frjáls en alls staðar væri hann í hlekkjum. Rousseau var þeirra skoðunar að löggjafarvaldið ætti að vera hjá almenningi sem kæmi saman, ræddi málin og kysi síðan. Þannig var kjarninn í lýðræðishugmyndum hans kvöðin að lúta almannaviljanum þegar hins vegar kjarninn í kenningu Lockes var verndun og varðveisla einstaklingsfrelsis (Magge, 2002).

Forsenda lýðræðis átti að vera jafnrétti sbr. slagorð frönsku byltingarinnar frelsi, jafnrétti og bræðralag. Hugmyndir þessara heimspekinga um manninn og samfélagið urðu til þess að hugtökin frelsi, jafnrétti, lýðræði og bræðralag komust á flug og breiddust út meðal evrópskra þjóða á 18. og 19. öld. En þegar til kastanna kom áttu karlarnir erfitt með að fylgja hugmyndum um jafnrétti eftir þegar kom að konum. Í stað þess að valdið væri kóngsins sem hefði það frá guði skyldi það fært til fólksins eða lýðsins, en langur tími leið þar til konur töldust þar með (María Anna Þorsteinsdóttir, 1996).

2.3 Beint lýðræði

Lýðræði má skipta í tvo flokka annars vegar fulltrúalýðræði og hins vegar beint lýðræði. Það kallast beint lýðræði þegar íbúarnir taka milliliðalaust ákvarðanir og gerist það með bindandi kosningum. Í fulltrúalýðræði þýðir að kosnir eru fulltrúar sem fara með umboð fyrir kjósendur. Sátt um fulltrúalýðræðið hefur ekki alltaf verið hér á landi.

Við lok nítjándu aldar stigu fram tvær fylkingar á opinberum vettvangi. Annars vegar fylking er aðhylltist fulltrúalýðræði og hins vegar fylking þeirra sem aðhylltust beint lýðræði. Þessar fylkingar tókust á um hugmyndir og leiðir. Öðrum hópnum fannst fulltrúalýðræðið vera æskilegra en hinum beint lýðræði. Eftir að ákveðið var á Alþingi að ráða skyldi borgarstjóra í Reykjavík kom fram djúpstæður ágreiningur um hvort hann yrði kosinn beinni atkvæðagreiðslu eða með fulltrúakosningu. Tillaga um beina kosningu borgarstjóra var felld á Alþingi 1907. Fylgismenn beins lýðræðis gátu ekki sætt sig við þá niðurstöðu. Þeir töldu að Alþingi hefði ekki siðferðilegan rétt til að hafna óskum Reykvíkinga um beina kosningu eigin borgarstjóra. Þeir töldu að borgarstjóri sem væri kosinn beinni kosningu yrði ekki háður bæjarstjórninni og myndi standa vörð um almannahag. Á þessum árum var mikið um vesturfarir Íslendinga og kynntust þeir því fyrirkomulagi sem var á kosningu borgarstjóra þar þ.e. beinni kosningu. Þeir trúðu því að bein kosning stuðlaði að meira lýðræði og hagkvæmni í stjórnsýslu Reykjavíkur. Þingmálafundir og bæjarstjórn höfðu mörgum sinnum farið fram á beina kosningu borgarstjóra. 1912 var frumvarpinu vísað til efri deildar til nefndar, sem skilaði ítarlegu nefndarálitni og mælti einróma gegn beinni kosningu borgarstjóra. Í álitni nefndarinnar kom fram að á þingmálafundum mætti aðeins hluti atkvæðisbærra manna og hluti af bæjarstjórnarmönnum á bæjarstjórnarfundi og því ekki mark takandi á samþykkt þeirra. Það var talið að ekki nokkur reyndur maður sæktist eftir starfi til sex ára en það var lengd kjörtímabilsins. Nefndin taldi að það væri hæpið að fá góðan mann í gegnum kosningu. Betra væri að ráða hann beint. Þá taldi hún að þessi aðferð yrði til þess að auka líkur á að bæjarstjórn yrði óábyrgari. Þá trúði hún því að bæjarstjórn gæti fengið hæfari mann til starfa. 1914 var tillaga um beina kosningu borgarstjóra samþykkt á Alþingi. Þá reyndist það orðið alþingismönnum um megn að berjast gegn beinni kosningu á Alþingi. Það var þó ekki fyrr en 1920 að borgarstjóri var kosinn beinni kosningu. 1929 var sveitastjórnarlögum breytt og var þá ákvæðið um beina kosningu borgarstjóra felld úr gildi (Svanur Kristjánsson, 2006).

Síðan þá hafa sveitarfélögin byggt á fulltrúalýðræði hvað varðar kosningu borgar- og bæjarstjóra.

2.4 Er öllum tryggð aðkoma að lýðræðinu ?

Heimspekingurinn Iris Marion Young er ein þeirra sem hefur rannsakað hugmyndir um lýðræði. Hún fjallar um fræðilegt lýðræði og hvernig það virkar í raun. Hún segir að það sé erfitt að virða lýðræðið vegna galla þess. Aðeins í lýðræðisríkjunum eiga íbúarnir kost á að velja sér stjórn sem þeir telji að muni verja hagsmuni þeirra. Hins vegar er einnig hægt að gagnrýna lýðræðið. Ríkjandi öfl stjórna í raun, þau hafa áhrif á umræðuna og ákvarðanatökuna en aðrir hópar eru útilokaðir og eiga þess ekki kost að hafa áhrif á umræðuna þrátt fyrir Netið og bloggíð. Kenning Young um lýðræðið snýst um að nýta skuli fjölbreytileika samfélagsins til að auðga og styrkja lýðræðislega samræðu og ákvarðanatöku svo lýðræðið geti náð til allra. Þeir sem hafa völdin skilgreina hvað sé rétt og við hæfi. Hugmynd hennar gengur út á það hvernig bæta megi lýðræðið með því að gera fulltrúum minnihlutahópa kleift að hafa áhrif á lýðræðislega ákvarðanatöku í samfélaginu. Þegar lýðræðið er sanngjarnt þá ættu minnihlutahópar að hafa möguleika á að koma skoðunum og tillögum sínum á framfæri. Í íbúalýðræði ætti öllum sem málið varðar að vera tryggð aðkoma að ákvörðun (Young, 2000). Young telur að það sé gott fyrir lýðræðið ef ólíkir aðilar koma að því. Það er ekki nauðsynlegt að allir séu steypdir í sama mótið. Mikilvægt er að viðurkenna margbreytileika og hvetja ólíka hópa til að setja orð á þarfir og óskir sínar og áhuga og sýna skilning á þjóðfélaginu. Niðurstaðan er að margbreytileikinn gefur lífinu gildi og það þarf að tryggja hann. Ýmsum aðferðum má beita til að íbúar hafi aðgang að lýðræðinu. Þar má nefna að yfirvöld verða tryggja að allir hafi aðgang að upplýsingum um hvað er á döfinni. Þetta er hægt t.d. með auglýsingum sem verða að vera hannaðar þannig að þær ná til fólks og að allir skilji þær.


Gerry Stoker (2006) er einn þeirra fræðimanna sem hefur fjallað um lýðræðið. Hann segir að það verði að hafa það hugfast að lýðræðið er ekki eingöngu vestræn hugsjón heldur er það alþjóðlegt. Í lýðræði felst að fólk getur haft áhrif á ákvörðun með kosningum en lokaniðurstaða þarf ekki að vera það sem sem allir völdu en þó er ætlast til að fólk fylgi niðurstöðunni. Niðurstaðan úr samskiptum í stjórn máli er því oft erfið og miðstýrð miðað við það sem gerist á markaðnum. Stoker segir að stjórn málin hafi fjarlægst almenning og því þurfi að breyta. Þegar einstaklingur er óánægður með stjórn málin þá getur hann annað hvort hætt í

stjórnmalaflokknum (exit) eða látið í sér heyra (voice) t.d. með því að mótmæla með einhverjum hætti t.d. að mæta ekki á kjörstað. Þetta má hæglega sjá þegar stærð stjórnmalaflokkanna eru skoðuð og kosningaþátttaka.

Stjórnmalaflokkarnir á Vesturlöndum hafa breyst á undan förnum árum. Félögum í þeim hefur fækkað og kosningaþátttaka hefur minnkað. Hinsvegar hafa tekjur þeirra hvorki minnkað né starfsfólki fækkað. Flokkarnir treysta á framlög frá fyrirtækjum og hinu opinbera í stað árgjalda. Þá hafa flokkarnir vanrækt sambandið við almenning. Stoker (2006) segir að stjórnmal valdi fólki oft vonbrigðum vegna gerðar sinnar. Til að mynda þegar þau eru miðstýrð þá virka þau fyrirskipandi. Stjórnmalin verða ef þau eiga að vera trúverðug að vera í fyrsta lagi lögleg, í öðru lagi að fela í sér ákveðna dyggð og í þriðja lagi að vera sveigjanleg. Stjórnmal snúast ekki um einstaklingsmal heldur snúast þau um hagsmuni hópa. Lýðræðið þarf á fólki að halda en ekki að það standi ósátt á hliðarlínunni. Stjórnmalamenn hafa að vissu leyti brugðist, þeir hafa fallið í gildirur óheiðarleika og hafa gleymt hugmyndafræðinni. Velheppnað lýðræði er þegar fólk sér fram fyrir sig og tekur þátt í sameiginlegum ákvörðunum. Stjórnmalin eru of fjarlæg og það þarf að færa þau til kjósenda. Það þarf að breyta stjórnmalunum á þann veg að þau veiti fólki tækifæri til að hafa eitthvað að segja um þau mal sem skiptir það máli. Það þarf að upplýsa almenning, rökræða, veita honum aðgang, tryggja að hann fái að koma skoðunum sínum á framfæri. Það má fara margar leiðir t.d í gegnum Netið eða með atkvæðagreiðslum. Stoker nefnir þrjár leiðir til að hafa áhrif á tiltrú almennings á stjórnmalum. Í fyrsta lagi að hinn kjörni fulltrúi sé virkari og sé til staðar, í öðru lagi tryggja að kjörnir fulltrúar hafi siðferði í hávegum og í þriðja lagi að gera kosningar eftirsóknarverðari. Kjósendur verða að hafa þá trú að atkvæði þeirra skipti máli. Stoker (2006) telur að við þörfnumst kosningakerfis sem styður við heilbriggt samband á milli fulltrúa og kjósenda. Þá þörfnumst við kerfis sem hvetur fulltrúa og stjórnmalaflokkana til að virkja kjósendur. Bein samskipti hafa sýnt mestan árangur. Stjórnmal snúast um samvinnu sameiginlegar ákvarðanir og um að jafna ágreining. Það þarf að finna leiðir til samskipta, til að vera sammála um að vera ósamála og til að starfa saman. Stoker (2006) telur lýðræðið hafa fengið byr undir báða vængi, það eflidist stórlega á tuttugustu öldinni en við þurfum að læra að lifa með því á tuttugustu og fyrstu öldinni.

Fræðikonan Sherry R. Arnstein (1969) er ein þeirra sem hefur kannað lýðræðið og lýðræðishugmyndir. Hún athugaði hver hefur völd og hver hefur vald til ákvarðanatöku. Til að varpa betra ljósi á og auka skilning, hefur hún gert svokallaðan þáttökustiga til að skilgreina ákvörðunartöku í lýðræðisríki. Arnstein segir að það sé stigsmunur á lýðræðinu.

Á þáttökustiga Arnsteins eru átta þrep á þremur stigum. Sjá mynd 2.1:



Mynd 2.1: Þáttökustigi Arnsteins

Í stiga Arnstein er neðsta þrepíð alræði/ algjör stjórnun og næsta þrep þar fyrir ofan er meðferð. Það sem einkennir þessi tvö neðstu þrep er að ekki er ætlast til að þátttakendur/íbúar hafi nokkuð til málanna að leggja. Þeir eru hvorki spurðir né

er á þá hlustað heldur er þeim sagt hvað þeir eiga að gera. Þeir eiga að taka við fyrirmælum eins og um lækningu og/eða meðferð sé að ræða.

Þá taka við þrepin upplýsingar, ráðgjöf og friðun. Þessi þrep tilheyra næsta stigi sem hefur verið nefnt málamyndaaðgerðir. Einstaklingarnir fá upplýsingar og þeir mega láta í sér heyra og hafa leyfi til að hlusta. Einhliða upplýsingar eru veittar í formi fréttatilkyninga, veggspjalda og dreifirita. Stjórnvöld gefa yfirborðskennð svör.

Íbúar eru í raun valdalausir og það er undir stjórnvöldum komið hvort raddir þeirra fá að heyrast. Dæmi: Sett er á fót stofnun og íbúum talin trú um að þeir eigi eitthvað í henni. En þegar upp er staðið þá ráða þeir engu um stjórn stofnunarinnar.


Íbúum er boðið til fundar til að kynna þeim málefni án þess að tryggja þeim aðgang að niðurstöðum fundarins. Gerðar eru kannanir, íbúar vonast til að eitthvað komi út úr þeim, en oft er bið á því. Íbúar þurfa oft að leggja hart að sér til að ná fram breytingum á því sem þeir vilja ná fram (Arnstein, 1969).

Dæmi um það er frá Alþingiskosningunum 2007. Í lögum um kosningu til Alþingis nr. 24 frá árinu 2000 í 82. grein er þess getið að almenningur geti haft áhrif á röðun manna á lista stjórnmalaflokkanna. Þrátt fyrir samantekin ráð kjósenda í tveimur kjördæmum um að losa sig við tvo þingmenn, þá tókst þeim aðeins að flytja þá neðar á framboðslista. Þetta hafði í raun engin áhrif því báðir frambjóðendurnir komust á þing.

Efst í þátttökustiganum er komið að íbúalýðræði en þar eru þrepin samstarf, fulltrúavald og bein áhrif íbúa. Á þessum þrepum koma íbúar að málum. Þarna eiga íbúarnir að fá tækifæri til að koma að ákvörðunum, stefnumótun og geta haft áhrif á mótun nærumhverfis síns í samstarfi við sveitarfélagið. Íbúarnir koma að samningaborðinu, kjósa sér fulltrúa og hafa fengið aðgang að völdum. Þarna samþykkja íbúar og yfirvöld sameiginlega að hafa samstarf og gengið er til samninga sem báðir aðilar virða. Báðir aðilar fá greitt fyrir starfið. Valdið er gefið en ekki tekið. Því fleiri sem koma að ákvörðunum því betra.

Í umfjöllun sinni um íbúasamráð einfaldar Gunnar Helgi Kristinsson (2005) hugmynd Arnsteins með því að skipta stiganum í þrennt : Kynningu, samstarf og valdaafsal.

Sjá mynd 2.2 :



Mynd 2.2: Stigi Gunnars Helga Kristinssonar

1. Kynning. Stjórnvöld kynna áform sín t.d. í skipulagsmálum og veita íbúum færi á að koma með athugasemdir.
2. Samstarf. Aðkoma íbúa að ákvörðunum er með þeim hætti að þeir hafi raunveruleg tækifæri til að hafa áhrif.
3. Valdaafsal. Kjörnir fulltrúar láta af hendi vald sitt í formi almennra og bindandi atkvæðagreiðslna, hverfisstjórna og notendaráða.

Skoðanir íbúa og fagaðila fara ekki allaf saman. Íbúar trúa oft að þeir séu að taka þátt í samstarfi eða valdaafsali á meðan fagfólk hefur tilhneigingu til að líta á samráðsferli fyrst og fremst sem kynningu (Gunnar Helgi Kristinsson, 2005). Þegar þátttökustigar Arnsteins og Gunnars Helga Kristinssonar eru skoðaðir er hægt að sjá hvernig aðkoma að lýðræðinu er ferill sem fer smám saman frá litlu lýðræði yfir í mikið.

2.5 Íbúalýðræði

Með hugtakinu íbúalýðræði er átt við að íbúar landsins taki meiri þátt í ákvörðunum sem varða þeirra nánasta umhverfi. Þegar íbúalýðræði er skoðað er mikilvægt að kanna þær hugmyndir sem liggja að baki þátttöku almennings í stefnumótun og skipulagningu á umhverfinu.

Rætur íbúalýðræðis má rekja til skýrslu sem heitir Okkar sameiginlegi heimur (Our common future) þessi skýrsla gengur einnig undir nafninu Brundtlandskýrslan (Hildur Kristjánsdóttir, 2002). Gro Harlem Brundtland, fyrrverandi forsætisráðherra Noregs, var formaður nefndar á vegum Sameinuðu þjóðanna sem gaf út þessa skýrslu árið 1987. Skýrslan er ákall til þjóða heimsins um að annast og fara betur með gæði jarðarinnar. Skýrsluhöfundar ferðuðust um jörðina í hartnær þrjú ár, þeir hlustuðu á íbúa sem sögðu frá högum sínum. Brundtlandskýrslan er afrakstur vinnu þessarar nefndar. Skýrslan átti ekki að vera spádómur um aukna mengun, meiri fátækt eða frekari erfiðleika í mengaðri veröld. Heldur átti hún að vera hvatning um aukna möguleika fyrir jarðarbúa. Höfundarnir sáu jafnframt að með sameiginlegu átaki þá væri enn von og jarðarbúar gætu snúið við blaðinu með því að nota sjálfbæra þróun. Með henni er vísað til þeirrar þróunar sem gerir okkur kleift að mæta þörfum okkar án þess að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum svo ekki yrði gengið á forða jarðarinnar hún eyðilögð sem yrði til þess að allt líf lognaðist útaf (Brundtlandskýrslan, 1987). Íbúalýðræði var fyrst notað í umhverfismálum vegna þess að þau standa flestum nærri.

Í kjölfar Brundtlandtsskýrslunnar var 1992 haldin umhverfisráðstefna í Ríó de Janeiro í Brasilíu. Afrakstur ráðstefnunnar var framkvæmdaáætlun fyrir heimsbyggðina Dagskrá 21 sem fjallar um umhverfismál og þjóðfélagsmál. Eitt af helstu slagorðum ráðstefnunnar í Ríó var Hugsaðu hnattrænt, framkvæmdu heima fyrir (Think Globally Act Locally) (Stefán Gíslason, 2001).

Þetta er stefnumótandi yfirlýsing sem um 180 þjóðir hafa undirritað og skuldbundið sig til að fylgja. Þar á meðal Íslendingar. Í yfirlýsingunni er hvatt til sjálfbærrar þróunar og íbúapátttöku (Agenda 21).

Í framhaldi af Ríófundinum var haldin ráðstefna í Álaborg. Þar var samþykkt að gera starfsáætlun fyrir einstök svæði í átt til sjálfshjálpar. Sú útfærsla fékk heitið Staðardagskrá 21. Reykjavíkurborg gerðist aðili að Álaborgarsamþykktinni 1997. Grundvallaratriði Staðardagskrár 21 er skipulagt áttak í umhverfismálum með aukinni áherslu á fræðslu og þátttöku allra íbúa samfélagsins. Í Reykjavík var 16. maí 2006 samþykkt ný Staðardagskrá og ber hún nafnið Reykjavík í mótun. Hún er byggð í anda Ríósáttmálans um umhverfi og þróun og byggð á víðtæku samráði við íbúa og hagsmunaaðila (Reykjavíkurborg umhverfissvið, e.d.)

Upphaf íbúalýðræðis í Reykjavík má rekja til setningar laga um reynslusveitarfélög nr. 82 frá árinu 1994. Markmið þeirra laga var að gera sveitarfélögum kleift að gera tilraunir í þeim tilgangi að undirbúa breytingar á löggjöf um stjórnslu sveitarfélaga, framkvæmd verkefna þeirra, tekjustofna sveitarfélaga og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Með tilraununum var stefnt að aukinni sjálfstjórn sveitarfélaga, að laga stjórnslu þeirra betur að staðbundnum aðstæðum, að bæta þjónustu við íbúana og nýta betur fjármagn hins opinbera. Þau sveitarfélög, sem fengu heimild til að gera tilraunir í samræmi við ákvæði laganna kölluðust reynslusveitarfélög. Árið 1997 var Grafarvogur gerður að reynslusveitarfélagi með eigin skrifstofu í Miðgarði.

Ýmsir hafa verið að velta fyrir sér hvernig eigi að túlka íbúalýðræði.

Ágúst Þór Árnason, Guðmundur Heiðar Frímansson, Ingibjörg Elíasdóttir (2007) skilgreina íbúalýðræði á þann hátt að það nái yfir beint eða milliliðalaust lýðræði, þ.e. að íbúarnir taka sjálfir ákvörðun um tiltekið mál, auk þess nái það yfir samráð þegar íbúarnir láta í ljósi skoðanir sínar á tilteknu máli og þær eru síðan lagðar fyrir stjórnvöld, sem getur verið nefnd eða bæjarstjórn, sem tekur endanlega ákvörðun í málinu. Heiða Björg Pálmadóttir (2003) telur að íbúalýðræði falli undir öll þau tilvik þar sem íbúum og/eða hagsmunaaðilum er veitt tækifæri til að vinna með yfirvöldum að stefnumótun eða ákvörðunartöku. Einnig að yfirvöld leiti eftir skoðunum íbúa og hagsmunaaðila og hafi þær til leiðsagnar við ákvörðun sína. Kostir íbúalýðræðis eru tvíþættir annars vegar er það tæki til að bæta stjórn málin og hins vegar til að auka áhrif íbúa (Guðmundur H. Frímansson, 2006).

Heiða Björg Pálmadóttir (2003) segir að greina verði á milli tveggja tegunda íbúalýðræðis. Annars vegar um samráð þar sem sveitarfélögin kalla eftir skoðunum íbúanna og óska eftir þátttöku þeirra við stefnumótun og ákvarðanir. Hins vegar sé um að ræða samvinnu við hagsmunaaðila þar sem löggjafinn hefur skyldað sveitarfélögin til samvinnu. Dæmi um þetta má nefna skipan umhverfis- og heilbrigðisnefndar þar sem að löggjafinn hefur ákveðið að í nefndinni skuli vera tilnefndur fulltrúi af samtökum atvinnurekanda á eftirlitsvæðinu. (Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998)

Þá kemur fram í lögum um félagslega þjónustu sveitarfélaga nr. 40/ 1991, 11. grein að eitt af hlutverkum félagsmálanefnda er að vinna með öðrum opinberum aðilum s.s. félögum, félagasamtökum og einstaklingum, við að bæta félagslegar

aðstæður og umhverfi í sveitarfélaginu. Annað dæmi er að í lögum málum fatlaðara nr.59/1992 fjórðu grein er kveðið á um stjórnarnefnd um málefni fatlaðra. Örykjabandlag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálþ, og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna fulltrúa í nefndina auk þess sem ráðherra skipar tvo fulltrúa.

Samkvæmt skoðanakönnunum virðast íbúar stærri sveitarfélaga óánægðari með þá þjónustu sem þeir fá þrátt fyrir að hún sé talin betri og skilvirkari en þjónustan hjá minni sveitarfélögum (Heiða Björg Pálmadóttir 2003; Gunnar Helgi Kristinsson 2001). Gunnar Helgi Kristinsson (2001) telur að þeir íbúar sem hafa reynt að hafa áhrif á niðurstöður sinna sveitarstjórna séu ánægðari með þjónustu þeirra en hinir sem ekki hafa reynt slíkt. Hins vegar er mikilvægt að taka tillit til þess að þeir sem taka þátt og reyna að hafa áhrif endurspeglar ekki endilega vilja fjöldans. Þeir eru oft ákafari og krefjast svara og ef þeir fá að taka þátt umfram aðra þá er hætt við að það leiði til minni trúverðugleika opinbera geirans.

2.6 Undirbúningur og aðferðir íbúalýðræðis

Íbúalýðræði er farvegur til að ná sátt um markmið, framkvæmdir og stefnu yfirvalda. Hugmyndin um íbúalýðræði sem samráð er tiltölulega ný og hafa sveitafélögin undanfarið ár verið að kynna þessari hugmyndafræði. Að mörgu þarf að huga hjá sveitarfélögum. Árið 2006 á Akureyri var settur á fót starfshópur er skyldi koma með tillögur um íbúalýðræði. Í erindisbréfi starfshópsins var hann sérstaklega beðinn að skoða eftirfarandi sex atriði.

Í fyrsta lagi hvaða mál er æskilegt að komi til kasta íbúa á milli bæjarstjórnarkosninga ? Í öðru lagi hvernig á að ákveða hvaða mál eigi að koma til atkvæðagreiðslu eða samráðs? Í þriðja lagi hvernig á að kynna mál fyrir íbúum sem þarf að taka ákvarðanir um? Í fjórða lagi hvernig er heppilegast að samráð við íbúa fari fram? Í fimmta lagi hvernig er heppilegast að atkvæðagreiðslur fari fram ? Og í sjötta lagi hvaða skilyrði þurfa niðurstöður atkvæðagreiðslna að uppfylla til að þær verði bindandi? Í lokaskýrslu hópsins kemur fram að það hafi ekki verið skynsamlegt fyrir þessa nefnd að svara öllum þessum spurningum í leit að lausnum. Niðurstaða hópsins er að slík svör eru ekki til og það væri heldur ekki skynsamlegt að leita þeirra (Ágúst Þór Árnason, Guðmundur Heiðar Frímansson og Ingibjörg Elíasdóttir, 2007).

Helstu aðferðir sem hafa verið farnar til að efla íbúalýðræði hér á landi eru að boða til íbúafings, halda kynningarfundir, stofna hverfisnefndir, koma á fót nettengingum, gera skoðanakannanir, koma á rýnihópum og efna til atkvæðagreiðslna. Atkvæðagreiðslur eru ýmist bindandi eða ráðgefandi (Ágúst Þór Árnason, Guðmundur Heiðar Frímansson og Ingibjörg Elíasdóttir, 2007).

1) Íbúafing hafa verið haldin víðsvegar um landið og einnig í nokkrum hverfum borgarinnar. Á löggjafarþingi 2004-2005 kom fram tillaga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 um að kafla um íbúafing yrði bætt við lög. Í tillögunni er gert ráð fyrir að sveitarfélögin hafi einu sinni á kjörtímabili íbúafing og tryggt verði að allir þátttakendur eigi jafnan möguleika að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Í greinargerðinni sem fylgir tillögunni segir að heppilegt sé að hafa íbúafingið í upphafi kjörtímabils. Þá segir að með íbúafingi sé vísað til þess að sveitarstjórnir boði til opins samráðs við íbúa og megin áhersla lögð á að um er ræða samráðsvettvang þar sem yfirvöld hlusti á íbúa frekar en að þetta sé kynning frá stjórnvöldum. Sveitarstjórnir boða til íbúafings þar sem málefni sveitarfélagsins eru kynnt. Íbúar taka þátt í hópastarfi og koma fram með hugmyndir sem sveitarfélagið vinnur síðan með og tekur væntanlega tillit til þeirra við ákvarðanatöku.

Nokkur íbúafing hafa verið haldin víðsvegar um landið. Fyrirtækið Alta hefur sérhæft sig í að styðja við sveitarfélög sem vilja halda íbúafing þar sem aðkoma íbúa á að vera tryggð (Alta, 2008).

2) Reglulega eru haldnir kynningarfundir í sveitarfélögum um margvísleg málefni t.d. tillögur sem liggja fyrir og íbúum gefinn kostur á að gera athugasemdir. Borgarstjóri Reykjavíkur heldur t.d. árlega fundi í öllum hverfum borgarinnar þar sem hann kynnir stefnu borgarinnar í helstu málaflokkum. Þá halda hverfisráðin a.m.k. einn opinn fund á ári.

3) Í Reykjavík hafa verið stofnuð hverfisráð í öllum 10 hverfum borgarinnar. Á Akureyri eru 8 hverfisnefndir. Hlutverk þeirra er m.a. að þrýsta á um bætt umgengni í hverfinu, fjalla um skipulagstillögur er varða hverfið og gera athuganir á umferðarmálum. Bæjarstjórn beitti sér fyrir stofnun hverfisnefndanna og er kosið í þær af íbúum hverfanna. Í þeim sitja fimm aðilar og þrír til vara og er kosið til tveggja ára í senn. Hverfanefndirnar setja sér sjálfar starfsreglur og hafa sérstakan tengilið. Þær eru ótengdar stjórnsýslu bæjarins en fá ýmsa aðstoð s.s. niðurfellingu póstburðagjalda, pappír og aðstoð við skipulagningu og auglýsingu

funda (Ágúst Þór Árnason, Guðmundur Heiðar Frímansson og Ingibjörg Elíasdóttir, 2007).

4) Mörg bæjarfélög eru komin með heimasíðu og geta íbúar að haft samband við yfirvöld í gegnum þær. Þar má nefna t.d. Garðabæ sem er með gagnvirka heimasíðu þar sem íbúar hafa sitt svæði á bæjarvefnum.

5) Ein leið til að fá vitneskju um álit íbúanna er að leggja fyrir þá skoðanakannanir. Mörg sveitarfélög leggja þær fyrir íbúa sína. Algengar eru símakannanir þar sem hringt er í úrtak íbúa og þeir spurðir álits á bæjarmálunum t.d um það hvernig þeim líkar sú þjónusta sem er í boði sveitarfélagsins. Önnur aðferð til að afla vitneskju frá íbúunum er að gefa þeim tækifæri til að fylla út svarblað á stofnunum bæjarfélagsins þar sem spurt er hvernig íbúunum líki við þjónustuna. Ýmist liggur eyðublað frammi eða einhver aðili býður viðkomandi að taka þátt t.d með aðgangi að tölvu.

6) Rýnihópar (focus groups). Þetta er hugmyndaskapandi könnunaraðferð og byggist á samræðu nokkurra einstaklinga um ákveðið umræðuefni. Markmiðið er að þátttakendur komi saman og tjái sig opinskátt um viðfangsefnið. Hóparnir eru misstórir allt frá fimm til tíu í hópi. Hóparnir mega ekki vera of stórir því þá getur skapast sú hætta að of fá sjónarmið komi fram. Markmiðið er að skilja sjónarmið þátttakenda. Umræðan er tekin upp á segulband eða hún er tekin upp á myndband. Viðtalið er síðan afritað (Kristín Guðmundsdóttir og Sigrún Júlíusdóttir, 2006). Þar sem er íbúalýðræði er íbúum boðið í rýnihóp. Síðan koma nokkrir íbúar saman og ræða um tiltekið málefni.

2.7 Atkvæðagreiðslur

Sveitarstjórnir geta stofnað til atkvæðagreiðslu um ýmis málefni. Atkvæðagreiðslurnar geta annaðhvort verið ráðgefandi eða bindandi. Í sveitarstjórnarlögum nr.45/1998 kemur fram heimild um atkvæðagreiðslu en niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er ekki bindandi nema að það hafi verið ákveðið fyrir fram að svo skuli vera. Samráð gefur íbúunum færi á að hafa áhrif á mál snemma í vinnsluferlinum en atkvæðagreiðslur bjóða einungis upp á að íbúar samþykki eða hafni tilteknum möguleikum. Íbúum gefst kostur á að taka þátt í ákvörðunum á ólíkum stigum máls. Þegar um er að ræða ráðgefandi atkvæðagreiðslur hefur sveitarstjórn endanlegt ákvörðunarvald og ekki er skylt að

fara eftir hugmyndum íbúanna. Til að koma í veg fyrir misskilning er nauðsynlegt áður en gengið er til kosninga, að tryggja að íbúar viti hvort verið sé að leita eftir álitum þeirra eða hvort um bindandi kosningu er að ræða. Ef niðurstaða skoðanakönnunar er afdráttarlaus getur verið erfitt fyrir sveitarstjórn að ganga í berhögg við vilja meirihluta íbúa. Þannig má segja að afdráttarlausar niðurstöður úr kosningum séu pólitískt bindandi. Það getur verið mjög erfitt fyrir pólitískt kjörna fulltrúa að taka ekki mark á slíkum niðurstöðum. Það gæti auðveldlega orðið til þess að þeir næðu ekki kjöri næst þegar íbúarnir ganga til kosninga. Eftir samráð taka kjörnir fulltrúar ákvörðun og bera ábyrgð á henni gagnvart íbúum.

Bindandi atkvæðagreiðslur geta líka farið saman með fulltrúalýðræði. Fulltrúarnir fara þá með ákvarðanavaldið en ákveða í sumum málum að færa valdið til íbúanna. Dæmi um beint eða milliliðalaust lýðræði er bindandi atkvæðagreiðsla. Hún felur það í sér að allir sem búa við eða eiga að búa við ákvörðunina fá að taka ákvörðun um hana. Í bæjarstjórn Hafnarfjarðar var árið 2003 samþykkt að bæjarstjórninni bæri að leggja þau mál sem hún álitir þýðingarmikil undir dóm íbúanna með skoðanakönnun eða atkvæðagreiðslu. Jafnframt var samþykkt að ef 25% kosningabærra manna krefjast atkvæðagreiðslu um tiltekin mál verði bæjarstjórn að verða við þeirri kröfu.

Hingað til hafa þessar kosningar aðallega verið um hundahald, áfengisútsölur og sameiningu sveitarfélaga. Dæmið um bindandi atkvæðagreiðslu er atkvæðagreiðsla sem haldin var í Hafnarfirði 2007 um deiliskipulag. Niðurstaðan var sú að meirihluti íbúa hafnaði tillögu bæjarstjórnar.

Þegar íbúar fá að taka þátt í mikilvægum ákvörðunum í sínu nærumhverfi hefur það ekki einungis góð áhrif á þá íbúa sem það gera, heldur fær sveitarfélagið sem gefur íbúum sínum tækifæri til að taka virkan þátt í stjórn þess gleggri mynd af óskum þeirra og þörfum. Þó draga megi ályktanir um vilja fólksins á fjögurra ára fresti í sveitarstjórnarkosningum er ekkert sem kemur í staðinn fyrir þær upplýsingar sem fást með samskiptum fólks augliti til auglitis (Gunnar Helgi Kristinsson, 2006).

Hugmyndir um íbúalýðræði hafa verið gagnrýndar með þeim rökum að nútímaríki séu í fyrsta lagi of fjölmenn til að möguleiki sé að færa ákvarðanir frá kjörnum fulltrúum til íbúanna (Heiða Björg Pálmadóttir, 2003). Í öðru lagi er talið vera ókostur að íbúalýðræði er dýrt. Í þriðja lagi það er tímafrekt. Allar ákvarðanir eru hægar. Í fjórða lagi eru líkur á að óvinsælum aðgerðum verði frestað (Svanborg

Sigmarsdóttir, 2003). Rannsóknir hafa sýnt að íbúar minnstu sveitarfélaganna eru virkari en íbúar þeirra stærri. Þeir reyna oftast að hafa áhrif á ákvarðanir stjórnvalda heldur en íbúar stærri sveitarfélögunum. Þeir tala oftast við sveitarstjórnarfólk og mæta frekar á fundi. Íbúar stærri sveitarfélögunum beita öðrum aðferðum nota t.d. undirskriftarlista (Heiða Björg Pálmadóttir, 2003).

Það er umhugsunarvert að við íbúakosningar er yfirleitt kosið um tvo kosti, annars vegar að vera með einhverju og hins vegar að vera á móti. Hægt væri að setja upp nokkrar umferðir eða raða kostum í forgangs röð. Þá geta koma upp þau vandkvæði að forgangs röð íbúanna getur verið ólík og því hætta á að niðurstaða verði hvorki afdráttarlaus né ótvíræð (Ágúst Þór Árnason, Guðmundur Heiðar Frímansson og Ingibjörg Elíasdóttir, 2007).

Í könnun Gunnars Helga Kristinssonar (2001) kemur fram lítil ánægja borgarbúa með þjónustu borgarinnar. Hann dregur þá ályktun að borgin sé orðin of stór sem stjórnsýslueining og of fjarlæg íbúunum. Í fámönnum sveitarfélögum er meiri áhugi og þátttaka en hjá stærri sveitarfélögum. Sá hópur sem hefur minnstan áhuga á sveitarstjórnarmálum eru þeir er standa utan stjórnmalaflokka í fjölmönnum sveitarfélögum. Þetta fólk telur ólíklegt að það geti haft áhrif, því reynir það sjaldnar en aðrir og það hefur einnig minnsta þekkingu á viðfangsefninu (Gunnar Helgi Kristinsson, 2001).

17. nóvember til 9. desember 2006 gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands símakönnun fyrir Reykjavíkurborg um viðhorf borgarbúa til þjónustu borgarinnar. Niðurstöðurnar voru birtar í janúar 2007. Úrtakið var 1200 íbúar Reykjavíkur á aldrinum frá 16-80 ára, sem voru valdir af handahófi úr þjóðskrá. Svarhlutfall könnunarinnar var 63%.

Í könnunni kom fram almenn ánægja íbúanna með þjónustu borgarinnar. 65% borgarbúa töldu þjónustuna vera ýmist góða eða mjög góða en 10% töldu hana slæma eða mjög slæma. Þegar svör íbúa Árbæjar og Grafarholts eru skoðuð sérstaklega kemur í ljós að 61 % telja þjónustu borgarinnar vera góða og mjög góða, 15% töldu hana vera mjög og frekar slæma.

Þá kom einnig fram að 62% íbúa borgarinnar voru sammála um að ekki væri haft nægilegt samráð við íbúa og hagsmunaaðila við gerð skipulags í borginni. Þegar svör íbúa Árbæjar og Grafarholts eru skoðuð þá eru 58% sammála þessu. 36% eru ósammála þessari fullyrðingu.

53% íbúa borgarinnar voru sammála því að þeir fengju ekki nægilegar og skýrar upplýsingar um skipulags- og byggingamál borgarinnar. 47% svarenda íbúa Árbæjar og Grafarholts eru sammála þessu. Þá fannst 67% íbúa borgarinnar gatnakerfið ekki öruggt. 64% svarenda í Árbæ og Grafarholti tóku undir þetta viðhorf.

34% íbúa borgarinnar voru óánægðir með skipulag borgarinnar 23% hvorki ánægðir né óánægðir og 42% ánægðir og mjög ánægðir. 45% svarenda Árbæjar og Grafarholts eru ánægðir með skipulag borgarinnar. 30% eru óánægðir og mjög óánægðir og 25% hvorki ánægðir né óánægðir.

Þá höfðu 56% áhuga að fá kynningu á félagsstarfi eldri borgara. 67% svarenda í Árbæ og Grafarhoti höfðu frekar mikinn áhuga á þess konar kynningu. 58% íbúa sögðust þekkja illa eða frekar illa til starfsemi Velferðarsviðs. 64% svarenda íbúa Árbæjar og Grafarholts töldu sig þekkja illa og frekar illa til þeirrar starfsemi. Það er athyglisvert því þjónustumiðstöðvarnar eru undir því sviði.

74% svarenda töldu að borgarbúar hefðu litla eða mjög litla möguleika á að hafa áhrif á þær ákvarðanir sem eru teknar hjá borginni. 57% íbúa voru sammála um að hönnun bygginga á vegum borgarinnar væru faglegar og metnaðarfullar. Þessu voru 62% svarenda í Árbæ og Grafarholti sammála.

56% íbúa borgarinnar sögðust vera frekar ánægðir eða mjög ánægðir með gæði hins byggða umhverfis í borginni. 57% svarenda voru sammála og frekar sammála um að Reykjavík sé hrein og heilnæm borg. 57% svarenda íbúa Árbæjar og Grafarholts voru einnig sammála þessari fullyrðingu (Andrea G. Dorfadóttir, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Friðrik Jónsson, 2007)

2.8 Íbúalýðræði , hverfisráð og þjónustumiðstöðvar Reykjavíkur

Að tilurð og hlutverki hverfisráða er misjafnlega staðið milli landa og borga þ.e hvaða verkefni og hvers konar ábyrgð hverfisráð hafa. Ýmist koma hugmyndir frá ríkisstjórnnum eins og á Nýja- Sjálandi en hér á landi kom hugmyndin frá borgaryfirvöldum. Sum hverfisráð hafa sjálfstæðan fjárhagsramma og önnur ekki. Ein hugmyndin sem liggur að baki stofnun hverfisráða er að efla íbúalýðræði. Þar er átt við að almenningur fái aðgang að umræðunni áður en ákvörðun er tekin. Aðkoma almennings að ákvarðanatöku byggir á hugmyndum um þátttökulýðræði (Svanborg Sigmarsdóttir, 2003).

Fyrir borgarstjórnarkosningarnar 1994 gaf Reykjavíkurlistinn loforð um opnara stjórnkerfi og hverfalýðræði

1. nóvember 2001 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur að koma á fót hverfisráðum í Reykjavík. 21. febrúar 2001 samþykkti borgarstjórn formlega stofnun átta hverfisráða:

Hverfisráð Vesturbæjar, Hverfisráð Miðborgar, Hverfisráð Austurbæjar- norður, Hverfisráð Austurbæjar- suður, Hverfisráð Breiðholts, Hverfisráð Árbæjar, Hverfisráð Grafarvogs og Hverfisráð Nesja. Í hverfisráðum Reykjavíkur sátu til að byrja með fimm fulltrúar sem voru kosnir af borgarstjórn og jafnmargir til vara. Í janúar 2008 var gerð sú breyting á hverfisráðunum að fulltrúunum var fjölgað í sjö sem eru kosnir af borgarstjórn og jafnmargir til vara. Formaður hverfisráðs er kosinn af borgarstjórn úr hópi kjörinna nefndarmanna. Kjörtímabil ráðanna er hið sama og borgarstjórnar.

Greiðar Götur var verkefni sem var sett á fót af borgaryfirvöldum. Það hafði þrjú þætti markmið. a) að efla hverfalýðræði, b) að opna stjórnkerfi borgarinnar c) að bæta þjónustu við borgarbúa. Að baki liggja þrennskonar réttindi. Í fyrsta lagi réttur borgaranna til upplýsinga. Í öðru lagi réttur til þátttöku í lýðræðislegri umræðu. Í þriðja lagi réttur til sanngjarnar málsmeðferðar. Þannig er verkefninu Greiðum götum ætlað að greiða leið borgarbúa að stefnumörkun, ákvörðunum og þjónustu borgarinnar (Dagur B. Eggertsson, 2002).

Í samþykkt fyrir Hverfisráð Reykjavíkurborgar (2008) segir að hverfisráðin eiga að stuðla að hvers konar samstarfi innan hverfis, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varða verkswið þeirra. Þá hafa hverfisráð heimild til að gera tillögur um samræmingu á þjónustu borgarstofnana í hverfum borgarinnar. Markmið hverfisráðanna er að þau eiga að vera vettvangur samráðs íbúa, félagasamtaka, atvinnulífs og borgaryfirvalda. Þau eiga að vera virkir þátttakendur í allri stefnumörkun hverfanna. Þannig eru hverfisráð ráðgefandi fyrir starfsemi þjónustumiðstöðva og stuðla að eflingu félagsauðs í hverfum. Þá stuðla hverfisráð að kynningu skipulags, framkvæmda og þjónustu borgarstofnana í hverfunum og beita sér fyrir því að samráð verði haft við íbúa, allt eftir eðli máls hverju sinni. Hverfisráð eiga að fá til kynningar auglýstar breytingar á skipulagi er snerta hverfið og opinberar auglýsingar umhverfissviðs er varða hverfið, auk kynninga á stærri framkvæmdum og meginbreytingum á þjónustu. Þá geta þau gert tillögur til stjórnar Eignarsjóðs um forgangs röðun framkvæmda í hverfinu. Hverfisráð eiga

að jafnaði halda fund mánaðarlega. Fundirnir eiga að jafnaði að vera opnir fulltrúum íbúasamtaka. Þá geta framboðslistar sem fulltrúa eiga í borgarstjórn en eru ekki í hverfisráðunum tilnefnt áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt. Hverfisráðin eiga að halda fundi einu sinni á ári hið minnsta, sem eru opnir almenningi. Þess utan halda ráðin fundi eftir þörfum. Aðsetur hverfisráðanna er á þjónustumiðstöðvum borgarinnar (Samþykkt fyrir Hverfisráð Reykjavíkurborgar, 2008).

Svanborg Sigmarsdóttir (2003) heldur því fram að ef virk þátttaka íbúa í hverfisráðum eigi að verða að veruleika þá verði að koma til kennsla og þjálfun. Íbúar þurfa að fá þjálfun til virkrar þátttöku til þess að þeim finnist þeir hafa eitthvað til málanna að leggja.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (2004) leggur áherslu á að lýðræði er ekki ákvörðun heldur ferli sem byggist á umræðu. Það verður ekki til í eitt skipti fyrir öll heldur er það í stöðugri þróun. Það þarf að rækta lýðræðið og þjálf sig í lýðræðislegum vinnubrögðum.

Eftir borgarstjórnarkosningarnar 2006 var staðfest í borgarstjórn 20. júní að hverfisráðunum var fjölgað upp í tíu þau eru: Hverfisráð Vesturbæjar, - Miðborgar, - Hlíða, - Laugardals, - Háaleitis, - Breiðholts, - Árbæjar, - Grafarvogs, - Kjalarness og Grafarholts - Úlfarsárdals.

1. júní 2005 voru opnaðar 5 þjónustumiðstöðvar í Reykjavík sem sinna öllum hverfum borgarinnar. Um áramótin 2006 var þjónustumiðstöð Árbæjar breytt úr útibúi frá Breiðholtinu í sérstaka þjónustumiðstöð.

Meginmarkmið með stofnun þessara þjónustumiðstöðva var :

- Að þjónustan verði aðgengilegri og íbúar geti snúið sér á einn stað með erindi sín.
- Að veita markvissari þjónustu með samþættingu verkefna.
- Að efla félagsauð í hverfum, auka samstarf við íbúa, frjáls félagasamtök og aðra þá sem sinna grasrótastarsemi í hverfunum.
- Að búa borgina undir framtíðina, meðal annars til þess að hún geti tekið við fleiri verkefnum frá ríkinu.

Kostir hverfisráða eru þeir að þau geta auðveldað borgarbúum að nálgast stjórnkerfi, þjónustu og stofnanir borgarbúa (Gunnar Helgi Kristinsson, 2001).

Helstu gallar hverfisráða eru í fyrsta lagi er að íbúalýðræði dýrt. Í öðru lagi er það tímafrekt. Allar ákvarðanir eru hægar. Í þriðja lagi eru líkur á að óvinsælum aðgerðum verði frestað. Þá má spyrja sig hvort það sé ekki of lítið að hafa einn opinn fund á ári (Svanborg Sigmarsdóttir, 2003). Í fjórða lagi hafa þau ekki stjórnsýslulegt hlutverk heldur eru þau óskilgreindur samráðsvettvangur og hafa ekki endanlegt vald við úrlausn mála sem þar koma fyrir (Heiða Björg Pálmadóttir, 2003).

Fyrir borgarstjórnarkosningarnar 2006 þá höfðu hverfisráðin ákveðin fjárráð til að greiða laun nefndarfólks auk þess sem þau höfðu fjármagn til eigin ráðstöfunar. Þeim fjármunum var aðallega veitt í að styrkja hverfisblöð og veita hverfistengdum félögum styrki. Árið 2007 varð sú breyting gerð að ráðin fengu ekki lengur fjármagn til ráðstöfunar. Þannig var undirstrikað ráðgefandi hlutverk þeirra. Næsta borgarstjórn veitti þeim aðgang að fjármagni til eigin ráðstöfunar. Ákveðin óvissa ríkir um sjálfstæði hverfisráðanna í fjármálum. Á yfirstandandi kjörtímabili hafa þau bæði verið með og án sjálfstæðs fjárhags til að styrkja meðal annars starfsemi innan hverfisins. Þegar hverfisráðin hafa ekki fjárráð, finnst mörgum það miður og telja að þau séu í raun valdalaus. Þegar hverfisráðin voru ekki með fjármagn til ráðstöfunar þá gátu félagasamtök sótt um styrki í miðlæga potta hjá Reykjavíkurborg. Ráðgefandi hverfisráð hafa verið gagnrýnd fyrir það að hafa ekki formleg völd. Þau geta haft áhrif en þá verður umhverfið að vera þeim hliðhollt og taka tillit til þeirra. Það kom fram hjá einum viðmælanda í rannsókninni að honum þótti betra að hafa hverfisráðin ráðgefandi og svo þau eigi ekki að vera að vasast í fjármálum með því að þurfa að skipta fjármunum á milli borgaranna það sé hlutverk annara. Hann taldi að umsýsla með fjármagn geti skapað vissa hættu á að jafnræði sé brotið á borgurunum.

Fundargerðir hverfisráða Reykjavíkur er að finna á heimasíðu borgarinnar www.reykjavik.is Nokkur hverfisráð hafa haldið íbúafing og þau eiga það sammerkt að þau voru ekki vel sótt. Annaðhvort er því um að kenna að þau voru ekki nægilega auglýst eða sýnir áhugaleysi borgaranna á málefnum. Reykjavíkurborg hefur ekki látið gera kannanir á viðhorfi Reykvíkinga til hverfisráðanna og hlutverks þeirra. Eins og áður segir þá eru hverfisráðin ung og í mótun. Á meðan reglur um þau eru ekki skýrari þá er tilvist þeirra og hlutverk óviss og óljós.

Sverrir Óskarsson gerði rannsókn á hverfisráðunum í Reykjavík. Hann telur í fyrsta lagi að hverfisráðin hér á landi séu jákvætt skref til að styrkja íbúalýðræði. Hverfisráðin komu fram sem öflug tæki og farvegur til að efla íbúalýðræði. Þau eru leið sem hið opinbera getur farið til að leggja grunn að raunvirku lýðræði og nýja nálgun gagnvart borgurum. Í öðru lagi þá virðast í sumum tilvikum hverfisráðin ekki vera virk og eiga erfitt með að stuðla að auknu lýðræði fyrir íbúana. Þegar fáir fundir eru haldnir þá má segja að aðgengi sé skert fyrir borgarana og þar sem íbúar fá ekki að taka þátt í umræðum er lítill grunnur fyrir auknu íbúalýðræði. Í þriðja lagi þá er álitnið að þar sem íbúalýðræði hefur verið að styrkjast þar hafi verið til staðar virkir fundir og öflug vinna stjórnmalamanna og embættismanna. Einkenni á slíkri vinnu er að borgarbúum er gefið skýrt til kynna hverjir möguleikar þeirra til ákvarðana eru, ákveðinn farvegur er til að hafa áhrif, opnar umræður og tiltekin verkefni eru færð nær borgurunum. Borgarbúar fá að skilgreina afmörkuð verkefni og koma að úrlausn slíkra verkefna á jafningjagrunni (Sverrir Óskarsson, 2002).

Árið 2002 fór stjórnkerfisnefnd Reykjavíkur til Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur og kannaði hvernig þessum málum var þar háttað og gerði Regína Ástvaldsdóttir skýrslu um ferðina. Í skýrslunni kom fram að ef horft er til stærstu borga Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur þá hafa þessi lönd farið ólíkar leiðir en sameiginlegt markmið með hverfanefndunum hjá þeim er að efla lýðræði, bæta þjónustuna og auka skilvirkni. Í Stokkhólmi, Osló og Bergen hafa hverfanefndirnar umboð til reksturs og stjórnsýslu en eru ráðgefandi í Danmörku líkt og hér á landi. Ljóst er að ekki er eining um það í þessum löndum um hvort starfsemi hverfisráða nái tilætluðum árangri.

Frá sjöunda áratugnum störfuðu hverfisnefndir í Osló en þær önnuðust hvorki stjórnsýslu né rekstur. Árið 1988 urðu breytingar og frá þeim tíma starfa hverfanefndir sem hafa umboð til stjórnsýslu og reksturs. Í Osló eru 25 hverfisnefndir. Fulltrúar í tuttugu og eina hverfisnefnd eru valdir af borgarstjórn og í fjórar eru íbúar kosnir beinni kosningu. Mælt er til að nefndarmenn búi í hverfunum. Þá endurspeglar nefndirnar pólitíska samsetningu í borgarstjórn. Helstu verkefni þeirra eru á sviði heilbrigðis- og félagsmála, leikskóla og barnaverndar. Markmið með hverfavæðingunni í Osló voru í fyrsta lagi að bæta þjónustu við borgarbúa og auka gæði þjónustunnar. Í öðru lagi að stuðla að lýðræðislegri stjórnun. Í þriðja lagi bæta stýringu á fjármunum og í fjórða lagi að bæta borgina

sem vinnustað. Í verkefni sem unnin eru í hverfunum er varið 46% af rekstri borgarinnar. Bergen var skipt í 12 hverfi og báru þau ábyrgð á verkefnum á sviði félagsþjónustu, heilsugæslu og barnaverndar. Árið 1999 var hverfunum fækkað í átta og fleiri verkefni færð til hverfisnefndanna. Hverfisnefndirnar fá 85% af rekstarfé borgarinnar. Þær bera ábyrgð á skólum, heilbrigðis- og félagsþjónustu, görðum, opnum svæðum og hverfatengdri menningarstarfsemi. Markmið hverfavæðingarinnar í Bergen er í fyrsta lagi að auka lýðræði og gæði þjónustunnar. Í öðru lagi að veita heildstæðari og skilvirkari þjónustu. Í þriðja lagi að bæta vinnuumhverfi og auka kraft í grasrótastarfsemi flokkanna og færa pólitíska færni og þekkingu frá borgarstjórn til hverfanefndanna.

Í Stokkhólmi voru árið 1995 skipaðar 24 hverfisnefndir. Árið 1998 var þeim fækkað í 18 og verkefnum þeirra fjölgað. Nefndirnar hafa umboð til reksturs og stjórnsýslu. Markmiðið með þessum nefndum er að auka lýðræði og virkni hins almenna íbúa. Í öðru lagi að auka gæði þjónustu og bæta þjónustu og í þriðja lagi að auka skilvirkni í rekstri borgarinnar. Verkefni eru á sviði skólamála, félagsþjónustu, menningamála, gatnamála og umhverfismála. 75% af rekstarfé borgarinnar fer til þessara verkefna á vegum hverfisnefndanna. Við undirbúninginn var horft til þess að hverfin væru nægilega lítil til að íbúar upplifðu nálægð við nefndina en hinsvegar nægilega stór til þess að þau væru hagkvæmar rekstrareiningar (Regína Ástvaldsdóttir, 2002).

Í Kaupmannahöfn eru 15 hverfi og var gerð tilraun með hverfisráð í fjórum hverfum borgarinnar tímabilið 1. janúar 1997 til 31. desember 2001. 25% af íbúum Kaupmannahafnar bjuggu í þessum hverfum. Í nefndunum voru 20 fulltrúar og kosið var beint í þrjár þeirra. Markmiðið með tilrauninni var í fyrsta lagi að auka íbúalýðræði. Í öðru lagi að bæta þjónustuna í borginni og í þriðja lagi að auka skilvirkni. Verkefni sem hverfisráðunum var falið voru á sviði heilsuverndar, skólamála, menningarmála, félagsþjónustu og viðhalds og reksturs gatna. Hverfisnefndirnar fengu fjárráð yfir 80% af útgjöldum vegna verkefna sveitarfélagsins voru á vegum nefndanna. 30% af fjármagninu voru til eyrnamerktra verkefna en 70% til frjálsrar ráðstöfunar. Í lok tilraunarinnar var efnt til kosninga meðal íbúanna og niðurstöður þeirra voru að 66,4% íbúa vildu ekki hafa hverfisnefndir en 33,6% voru hlynnti þeim. Eitt hverfi kaus áframhaldandi hverfisráð og var haldið áfram með hverfisráð án reksturs. Markmið ráðsins er að vera brú á milli borgarstjórnar og hverfisins, tryggja

samstarf á milli aðila sem koma að borgarmálunum, undirbúa fundi í hverfinu og umsagnir og vinna að gerð þróunaráætlunar. Nefndin fær þó fé til ráðstöfunar til að styrkja nærumhverfið. Margar skýringar hafa verið settar fram um úrslit kosninganna. T.d. hafi kosningardagurinn verið óheppilegur en kosið var um evruna þennan sama dag. Flokkarnir sem studdu verkefnið hafi ekki stutt verkefnið nóg. Móttstaða var meðal embættismanna og því fyrirstaða vegna framkvæmda margra þátta (Regína Ástvaldsdóttir, 2002; Sverrir Óskarsson, 2002).

3 Félagsauður

Í þessum kafla verður fjallað um félagsauð (social capital) og verður hugtakið tengt umfjöllunarefni rannsóknarinnar. Þá verður leitað svara við þeirri spurningu hvaða þýðingu má ætla að félagsauður hafi fyrir íbúa og íbúalýðræði. Athugað er hvaðan hugtakið er komið, hvað það merkir, hvernig það er mælt og hvernig það er notað. Þetta er gert með því að skoða hvernig fræðimennirnir Putnam, Coleman, Fukuyama, Bourdieu, Stolle, Diani, Rothstein og Gunnar Helgi Kristinsson fjalla um hugtakið. Allir þessir menn eru þekktir fyrir umfjöllun sína um félagsauð.

3.1 Hvað er félagsauður ?

Félagsauður er hugtak sem er margrætt og hefur verið að festa rætur undanfarin ár jafnt meðal fræðimanna og almennings. Merking hugtaksins virðist í hugum fólks vera nokkuð óljós og það er notað af einstaklingum, samfélögum, í stjórnámálum og efnahagmálum. Félagsauður vísar til félagslegra tengsla og gagnkvæmni. Kenningin um félagsauð fjallar um að sambönd í þjóðfélaginu eru mikilvæg. Hugtakið vísar til samskipta á milli einstaklinga og tengsla sem leiða til trausts og gagnkvæmra samskipta. Þjóðfélag þar sem ríkir traust og gagnkvæm samskipti eru talin vera dyggð (Putnam, 2000). Hugtakið félagsauður er ungt innan við aldar gamalt. Það kom fyrst fram 1916 þegar L.J. Hanif umsjónarmaður sveitaskóla í Vestur-Virginíu skrifaði grein þar sem hann fjallaði um mikilvægi þess að samfélagið kæmi að skólahaldi svo það yrði árangursríkara. Ekki var tekið undir þessa hugmynd um félagsauð. Hugtakið var notað þrisvar sinnum í ritum fræðimanna frá 1950 til 1970. 1980 komu félagsfræðingurinn Pierre Bourdieu og hagfræðingurinn Ekkehart Schlicht fram með hugtakið (Putnam, 2000).

3.2 Coleman og félagsauður

Margir fræðimenn hafa glímt við hugtakið félagsauð. Einn af þeim var James S. Coleman sem árið 1988 vakti athygli á hugtakinu. Hann taldi að það þvi lægju tvær rætur annars vegar rót sem byggði á athöfnum sem stjórnast af félagslegum viðmiðum, reglum og skyldum. Hugtakið tengist einnig dyggð og hvernig megi lýsa hvernig hlutirnir eru gerðir í félagslegu samhengi. Og hins vegar rót sem lægi til hagfræði, þar sem athafnir eru byggðar á einstaklingsmarkmiðum. Þar eru einstaklingarnir óháðir og sjálfmiðaðir. Megindyggðin er að hafa einhver áform og nýta sér þau. Coleman taldi að félagsauður næði yfir þessa tvo þætti. Hann taldi að umhverfið hefði áhrif á geranda og að ekkert væri innra með mannum sem gæfi vísbendingu eða vísaði leið. Í efnahagsviddinni aftur á móti hafi reynslan og félagslegur veruleiki áhrif. Félagssauð ber að skilja eftir gerð. Hugtakið tekur ekki til eins atviks heldur vísar það til margra ólíkra atvika með tvo sameiginlega þætti sem vísa ávallt í félagslega uppbyggingu og einhverja aðgerð. Félagssauður líkt og annar auður getur aukið framleiðslu sína, sem væri ógerningur ef hann væri ekki áður fyrir hendi. Um er að ræða um fjórar gerðir af auði samkvæmt Coleman: 1. fjármagns auð 2. efnislegan auð, 3. mannauð og 4. félagsauð (Coleman, 1988). Mannauður verður til í breytingum í manneskjunni og gerir henni kleift að takast á við nýja hluti. Félagssauður stuðlar að breytingum á milli fólks og auðveldar þeim samskipti. Efnisauður er áþreifanlegur. Félagssauður er ekki áþreifanlegur en hann fyrirfinnst í tengslum milli manna. Mannauðurinn býr í einstaklingnum. Sameiginlegt eiga þessi hugtök að til eru aðferðir til að efla þau.

Coleman segir að baki félagsauði megi hæglega finna þrjá þætti, væntingar og skyldur, upplýsingar og viðmið og samþykktir.

1. Væntingar og skyldur.

Skyldur og væntingar sem eru byggðar á trausti. Þar er átt við að í hópum eru ákveðnar skyldur og væntingar sem eru byggðar á trausti. Þetta getur átt sér stað í einsleitum hópum þar sem ríkir traust jafnvel þarf hvorki að ræða hlutina né nefna þá á nafn. Dæmi um þetta getur verið hjá demantakaupmönnum í gyðingasamfélagi. Þeir lána hver öðrum demanta en vita að þeir fá þá aftur til baka. Annað dæmi er af móður sem kaus að flytja frá Bandaríkjunum til Ísrael.

Hún sagði að í Bandaríkjunum hefði hún ekki getað leyft börnum sínum að fara frjálsum ferða sinna vegna alls konar hættu en það gat hún í Jerúsalem. Hún upplifði þar öryggi fyrir börnin sín, þar gætir fólk sameiginlega að börnum en lætur þau ekki afskiptalaus eins og hún upplifði að væri gert í Bandaríkjum Norður- Ameríku. Þetta er hægt þar sem félagsauður er mikill.

2. Upplýsingar

Það er mikilvægt í öllum samfélögum að halda íbúunum vel upplýstum þannig að þeir viti hvað er að gerast. Upplýsingar eru mikilvægur þáttur í félagsauð. Þær eru mikilvægar til að hægt sé að koma einhverju í verk. Upplýsingar eru órjúfanlegar sem hluti af almennum samskiptum og kostnaðarsamt getur verið að afla þeirra.

3. Viðmið og samþykktir.

Þar sem viðmið gefa góða raun eiga þau til með að verða öflug en stundum verða þau brothætt. Þar sem viðmið eru sterk, er t.d. íbúum óhætt að fara út að næturlagi án þess að eiga á hættu að verða fyrir árás og aldraðir geta farið út án þess að þeim standi ógn af því. Sameiginleg viðmið eru mikilvæg í samfélögum því þar hefur fólk sameiginlega hagsmuni að leiðarljósi.

Annað sem Coleman lagði áherslu á og taldi mikilvægt er lokun (closure) þar á hann við að samskiptin komi til baka. Skilaboðin verða helst að vera eins og bergmál, skila sér aftur til baka. Viðmið er eins og tilraun til að takmarka neikvæð utanaðkomandi áhrif eða efla þau jákvæðu. Þannig geta t.d hefðir komist á, þær komast ekki á ef engin veit um þær.

Coleman (1988) segir að í fjölskyldum megi finna þrjár gerðir af auð, fjármagns auð, mannauð og félagsauð. Fjármagns auðurinn tekur til heimilistekna og með honum sér fjölskyldan sér farborða. Mannauður í fjölskyldum sé tengdur menntun foreldra og uppeldisskilyrðum barna sem örvar þau til náms. Félagsauðurinn er ólíkur á þann veg að hann tekur til samskipta foreldra og barna. Coleman viðurkennir þó að mannauður foreldranna hafi einhver áhrif á börnin. Hann heldur því fram að jafnvel í viðurvist foreldra, þá sé skortur á félagsauð ef ekki eru sterk tengsl á milli foreldra og barna og þá fái börnin ekki það sem þau þurfa frá foreldrunum. Hann skoðaði brottfall nemenda úr framhaldsskóla og skoðaði hvernig fjölskyldan og samfélagið hefur áhrif á það. Þá hafi þær fjölskyldur sem oft flytja á milli staða gjarnan lítinn félagsauð því þær skorti tengingar út í samfélagið. Þeir einstaklingar sem byggja meðvitað og markvisst upp eigin

félagsauð með því að koma sér upp tengingum fá frekar uppskorið laun erfiðis síns með meiri virðingu, betra starfi og jafnvel meiri ánægju af lífinu.

3.3 Putnam og félagsauður

Putnam er einn þeirra fræðimanna sem hefur fjallað um félagsauð. Hann segir að það séu sex svið í samfélaginu sem þurfi sérstaka skoðun út frá hugmyndum um félagsauð þ.e. ungdómur og skóli, vinnustaðurinn, trú, listir og menning, stjórnmal og umhverfisþættir. Félagsleg tengsl og sambönd eru okkur mikilvæg í lífinu og þau geta auðveldað okkur margt sem fólk þarf að takast á við á sínu lífshlaupi. Þar má nefna þætti eins að fá starf, útvega sér hluti á hagstæðu verði, fá húsnæði, nálgast iðnaðarmenn o.s. frv. Þátttaka almennings getur átt þátt í eflingu félagsauðs. Félagsauðurinn getur verið fjölbreyttur, hann þarf ekki að vera sá nákvæmlegi sami allsstaðar. Hann hefur áhrif á daglegt líf okkar. Félagsauður er mikilvægur til þess að viðhalda heilbrigði og hamingju. Í hverfum þar sem félagsauður er mikill þar virðist vera gott að ala upp börn. Þar er umhverfið þrifalegra, göturnar öruggari og íbúarnir vingjarnlegri. Traust, tengsl og virkni íbúa byggja upp öruggara umhverfi (Putnam, 2000).

Putnam (2000) segir að í félagsauði felist tvær víddir. Í fyrsta lagi er um að ræða hnýtingu (bonding) sem snýr beint að einstaklingum og hópum sem eru einsleitir og eiga sér eitthvað sameiginlegt t.d. aldur, stétt, þjóðerni o.s. frv. Þarna er átt við siðferðilega tengingu þar sem verið er að treysta böndin í nærsamfélaginu, við nágretta, við að útvega iðnaðarmenn, við nána vini, vinnufélaga, hverfafélög, fjölskyldu og trúarsöfnuði. Þarna er átt við einsleitna hópa með viðurkennda hegðun, verið er að koma á gagnkvæmi og vernda þá sem þess þurfa. Í öðru lagi vísar hin víddin brúun (bridging) til heildarinnar, hún vísar til ólíkra óskyldra tengsla t.d. milli ólíkra hópa þar sem tengslin eru formleg og geta verið veik. Þarna getur verið um óformlegar félagslegar tengingar sem tengja fólk með ólíkan bakgrunn t.d. útlendinga. Þarna eru tengingar við önnur landssvæði, landsfélög, samskipti við önnur lönd. Báðar þessar víddir geta haft jákvæð áhrif á gang mála í þjóðfélaginu. Eins og í flestri annarri flokkun þá er ekkert annaðhvort eða heldur verður að hafa í huga að mörkin á milli víddanna geta stundum verið óljós. Putnam (2000) segir að það sé erfitt að mæla félagsauð í Bandaríkjunum. Hann

líkir því við þá erfiðleika að mæla hlýnun jarðarinnar. Þar sem nákvæmar lýsingar af félagslegum tengingum eru ekki til staðar. Þannig sé allur samanburður er erfiður. Putnam mælir félagsauðinn með því að skoða breytingar á félagaaðild á milli ára og áratuga. Þá skoðaði hann einnig traust fólks til annarra og ánægju með yfirvöld. Hann komst að því að félagaaðild í Bandaríkjunum hefur minnkað og einnig traust og ánægja með yfirvöld. Hér á landi er hefð fyrir félagaaðild. Samkvæmt evrópsku lífsgildakönnuninni 1999 þá fer félagaaðild hér á landi ekki minnkandi. Samkvæmt vísbendingu þessarar könnunar fer félagaaðildin aftur á móti vaxandi. Árið 1999 þá var félagaaðild á Íslandi 2,21 % og hafði vaxið frá árinu 1990 úr 1,85%. Í rannsókn á þátttöku fólks í sjálfbærliðastarfi árið 2005 kom fram að 40,3 % svarenda sögðust hafa unnið sjálfbærliðastarf á síðastliðnum 12 mánuðum (Steinunn Hrafnadóttir, 2006a).

3.4 Fukuyama og félagsauður

Francis Fukuyama (1999) er einn þeirra fjölmörgu sem hafa skoðað félagsauð. Hann segir að félagsauður sé óformleg (venjuleg) viðmið (norm) sem efla samvinnu milli tveggja eða fleiri einstaklinga. Hann telur að það sé ekki auðvelt að búa til félagsauð. Tengsl geta bæði verið einföld og flókin. Allt frá því að vera á milli tveggja vina til að vera samskipti í stórum hreyfingum t.d. trúarsöfnuðum. Hann telur að góð viðmið séu ekki nægjanleg þau verði að leiða til samskipta í hópum. Hann tengir þau hefðbundnum dyggðum líkt og heiðarleika. Hann gagnrýnir Coleman og segir að hann hafi ekki lagt áherslu á þetta heldur að hver hámarki eigin ágóða. Mafían og Ku Klux Klan séu dæmi um þetta. Þau hafi góð samskipti inn á við en ekki út á við. Einstaklingar eru í samskiptum við nokkra hópa. Þetta getur verið fjölskylda, vinir, vinnufélagar o.s.frv. Allir þessir hópar hafa ákveðinn radíus af trausti. Einnig má sjá þetta sem mengi af fólki sem hefur samskonar viðmið. Þegar hóparnir skapa félagsauð þá getur radíusinn lengst og náð út fyrir hópinn. Radíus af trausti getur einnig verið minni en hópurninn. Það getur gerst í stórum félögum þar sem sameiginleg viðmið eru einungis hjá einhverjum sérhagsmunahópum. Fukuyama telur mesta veikleika félagsauðsins vera þann að ekki er sameiginlegur skilningur á því hvernig eigi að mæla hann. Hann tilgreinir fjórar leiðir til að efla félagsauð. Í fyrsta lagi telur hann félagsauð vera hliðarafurð af trú, siðvenjum og sameiginlegri sögulegri reynslu eða öðru

sem liggur utan við stjórnvöld. Það er mikilvægt að stjórnámálmenn og aðrir þeir er koma að stefnumótun verði sér meðvitaðir um þann félagsauð sem liggur í samfélaginu. Sérlega þar sem radíus af trausti er lítill. Þar gæti verið vagga fyrir neikvæð öfl í samfélaginu. Hann telur í öðru lagi menntun vera þann þátt sem stjórnvöld geta haft áhrif á við uppbyggingu félagsauðs. Menntastofnanir efla ekki einungis mannauð heldur efla þær félagsauð með reglum og viðmiðum samfélagsins. Og þetta á við öll skólastig. Dæmi um þetta er að lækna læra ekki einugis læknisfræði heldur skrifa þeir undir eið Hippókratesar. Félagsráðgjafar skrifa undir hollustueið í félagsráðgjöf. Í þriðja lagi þá stuðla yfirvöld að félagsauði með því að tryggja að íbúum öruggt umhverfi og félagsleg réttindi. Góðar aðstæður leiða væntanlega til að meiri líkur á trausti myndist og eflist á milli íbúanna.

Í fjórða lagi varar hann við því að stjórnvöld sinni því sem hann segir að einkaaðilar eiga að sinna. Hann segir ef yfirvöld taka að sér að skipuleggja alla hluti þá verði fólk háð því og missi tækifæri og hæfileikann til að vinna með öðrum. Þar tekur hann til sem dæmi gömlu Sovétríkin.

3.5 Bourdieu og félagsauður

Franski félagsfræðingurinn Pierre Bourdieu (1930- 2002) er einn þeirra fræðimanna sem er þekktur fyrir umfjöllun sína um félagsauð. Bourdieu (1986) greindi þrjár tegundir af auði, efnahagslegan auð, menningarlegan auð og félagsauð. Hann skoðaði hvernig auðurinn safnast upp smám saman og taldi að hann gæti breyst og færst til. Efnahagslegi auðurinn vísar til efnahgs og veitir fólk völd. Hann taldi að undirstaða menningarauðsins væri félagslega staða og menntun. Bourdieu taldi að hugsun ætti sér rætur í félagslegu umhverfi. Hann aðhylltist formgerðarhyggju (strukturnalism). Hann kallaði hugsunina sem formgerir veruhátt (habitus) sem er hugsunarformgerð af félagslegum toga. Reynslan eða habitus sem manneskjan býr yfir gerir það að verkum að heimurinn verður í huga hans merkingabær (Guðbjörg Vilhjálmisdóttir og Guðrún Á. Stefánsdóttir, 2006). Bourdieu taldi að félagsauðurinn væri í öllum tengslum og samskiptum bæði við einstaklinga og hópa. Í huga Bourdieu felst í félagsauðnum annars vegar tengsl sem veita viðurkenningu og hins vegar vísar hann í þær bjargar sem einstaklingurinn hefur aðgang að. Hópar í samfélaginu sem þekkjast

eiga í samskiptum og meta hvor annan. Það er ekki einstaklingurinn sem á félagsauð heldur felst hann í gildi samskipta á milli einstaklinga og er sameign hópsins. Ríkjandi hópar í samfélaginu eru þeir sem ráða. Þeir móta hugsun og hegðun, hafa greiðastan aðgang að auðnum, skilgreina gildi auðmagnsins og þekkja best leikreglurnar. Bourdieu taldi að í félagsauðnum fælist tækifæri til mismunar og skortur á jafnræði. Samstaða verður til í hópum þegar von er um einhvern hagnað. Þá er það kostur fyrir einstaklinginn að hafa aðgang að einstaklingum og hópum sem eru veltengdir. Gildi fólks og smekkur er ólíkur eftir stöðu þeirra í samfélaginu. Grunnurinn fyrir samstöðu er von einstaklinganna um hagnað af þátttöku þeirra í hópnum (Nysæther, 2004). Þannig er það einstaklingurinn sjálfur sem græðir að lokum. Félagsleg tengsl þróast með þátttöku í samfélaginu og með aðild í hópum. Þar opnast möguleiki fyrir einstaklinga að öðlast tækifæri til að bæta félagslega stöðu sína. Kenning Bourdieu hefur varpað ljósi á tengingar á milli menningar, félagslegra tengsla og valds. Bourdieu hafði aðra nálgun en þeir Coleman, Fukuyama og Putnam sem töldu að í félagsauðnum fælist traust, samstaða og gagnkvæmi og þetta væri frekar kostur fyrir samfélagið heldur en einstaklinginn sjálfan (Schugurensky, 2008).

3.6 Félagsauður og samfélagið

Félagsauður felst í getu íbúa til að treysta hver öðrum og vinna saman að úrlausn sameiginlegra viðfangsefna. Aðalatriðið er að félagsleg tengsl eru góður kostur bæði fyrir einstaklinga og samfélag. Félagsauður einkennir samfélög þar sem samborgaralegar dyggðir prýða íbúana í ríkum mæli. Samborgaralegar dyggðir er blanda viðhorfa sem greiða fyrir samvinnu fólks. Almennt traust til annarra er grundvallarforsenda samborgarlegra dyggða. Sá sem ekki telur að öðrum sé treystandi sér sjaldan ástæðu til að leggja sig fram fyrir aðra eða hlýða almennum reglum þegar það passar honum ekki. Félagsauður er forsenda sterkra lýðræðiskerfa. Félagsauður er að einhverju leyti sjálfstyrkjandi. Hægt er að finna rætur hans í reynslu og gildismati fólks. Félagsmótun og reynsla af þátttöku í sameiginlegum eignum er hluti af félagsauð (Gunnar Helgi Kristinsson, 2001).

Með því að efla félagsauð er hægt að skapa sameiginlegt traust, umburðarlyndi, vingjarnlegt og öruggt umhverfi. Virkir og meðvitaðir íbúar eiga auðveldara með að leysa sameiginleg vandamál eins og landnýtingu og ferðamál. Aukið

Íbúalýðræði er gott og það er gott fyrir stjórnvöld þegar íbúar tala einni röddu. Vinna með fólki en ekki fyrir fólk er hluti af félagsauði (Putnam, 2000). Vel tengd manneskja í illa tengdu samfélagi er ekki eins vel stödd eins og veltengd manneskja í veltengdu samfélagi. Jafnvel illa tengd manneskja nýtur góðs af því að búa í veltengdu samfélagi. Ábati einstaklinga af sameiginlegum aðgerðum getur verið honum til góðs hvort sem hann tekur þátt í þeim eða ekki. Óvirkir hagnast þannig á hinum virku t.d. við nágrennavörslu. Íbúarnir gæta að eignum hver annars og allir njóta góðs af því (Putnam 2000; Gunnar Helgi Kristinsson, 2005).

Orðið félagsauður hefur á sér jákvæða mynd. Það virkar jákvætt á fólk eins og það feli í sér mynd af einhverju góðu. Er félagsauður þá jákvætt hugtak? Ef svo er merkir það allaf eitthvað gott fyrir alla? Hægt er að misnota félagsauð líkt og annan auð í samfélaginu. Þegar verið er að efla félagsauð þá þarf að stefna að gagnkvæmni, samstarfi, trausti og virkni stofnana til að koma í veg fyrir neikvæðar athafnir, þjóðrembu og spillingu. Tengsl og sambönd eru venjulega góð fyrir hópinn og þá sem eru í honum, en þurfa alls ekki að vera góð eða jákvæð fyrir þá sem standa fyrir utan hópinn. Dæmi um þetta er hryðjuverkahópur sem sprengdi upp ráðhúsið í Oklahoma City í Bandaríkjunum Norður- Ameríku (Putnam, 2000). Þá má nefna Mafíuna, Ku Klux Klan og aðra slíka hópa. Þjóðfélagið hefur reynt að sporna við slæmum félagsauð með lagasetningu. Það má gera ráð fyrir því að félagsauður sé jafn góður öðrum viðurkenndum auði í samfélaginu (Fukuyama,1999).

3.7 Félagsauður og rannsóknir

Gunnar Helgi Kristinsson (2001) hefur rannsakað félagsauð á Íslandi með því að nota kenningu Putnams. Hann segir að nokkrir þættir hafi góð áhrif á félagsauð. Þar má nefna félags- og efnahagslega stöðu og menntun. Þá stuðlar félagsauður að betri rekstri sveitarfélaga og meiri ánægju með starfsemi þeirra. Þegar mæla á félagsauð þarf að skoða samborgaralegar dyggðir en þær einkennast af þátttöku borgaranna, pólitísku jafnræði, trausti, umburðalyndi, samvinnu og trausti. Umburðarlyndi og traust eykst við þátttöku í samfélaginu þ.e. félagsauður eykst með aukinni þátttöku. Kenningin um félagsauð er bæði frjálslýnd og íhaldsöm. Hún leggur áherslu á samfélagið en ekki ríkisvaldið. Kenningin hafnar því að

hægt sé að líta á manneskjuna sem annaðhvort eigingjarna eða félagsveru. Hún er hvorttveggja.

Umræðan um félagsauð snýst um tengsl. Þátttaka í félögum er einn þáttur sem talinn er spá fyrir um félagsauð. En spyrja má hvort traust sé í öllum tengslum og ef ekki í hvaða tengslum felst traust þannig að þau geti með réttu talist vera félagsauður og í hvaða tilfellum felst ekki traust í tengslum. Geta sömu tengsl virkað sem félagsauður í einu tilviki en í öðrum ekki? Félög hafa áhrif á félagsmenn. Í þeim hefur fólk með sameiginleg markmið tækifæri til að hittast og koma hugmyndum sínum á framfæri. Í félögum kynnist fólk og tengist og oft vara þessi tengsl lengi eftir að viðkomandi hættir í félaginu. Í rannsóknum um félagsauð er algengt að spyrja alla íbúa ekki sérstök úrtök. Mario Diani gerði rannsókn á tengslum og félagsauð í Lombardy héraði í Ítalíu 1993. Til að skoða tengsl ákvað hann að spyrja eingöngu fólk í félögum. Félagar í 164 frjálsum félagasamtökum voru spurðir um viðhorf til fimm tegunda starfsemi þ.e. stjórnmalasamtaka, yfirvalda, katólsku kirkjunnar, viðskipta og stéttafélaga. Útkoman var svipuð því sem hefur komið fram í sambærilegum rannsóknum. Traust mældist marktækt einungis til kirkjunnar og dómsvaldsins. Mario Diani (2004) segir að það sé ekki stöðugt samband á milli félagsauðs og trausts. Margt kemur til t.d höfðu þeir sem bjuggu úti á landi meira traust til einstaklinga (interpersonal) en þeir sem bjuggu í borgum. Borgarbúar höfðu aftur á móti meiri trú á stofnunum (institutional). Þá skiptir aldur fólks einnig máli. Þeir sem eldri eru treysta kirkjunni meira heldur en þeir yngri. Þeir yngri hafa svo meiri trú á á stéttarfélögum. Það skiptir máli um hvers konar tengsl er að ræða hvort þau stuðla að félagsauð eða ekki. Diani (2004) segir að félagasamtök skipti máli og hvernig þau skipta máli er mikilvægast. Við rannsóknir á félagsauð hefur komið í ljós að félagsauður verður ekki til í tómarúmi. Stjórnvöld geta haft áhrif á félagsauð annaðhvort eftt hann eða eytt honum. Þannig geta þau haft áhrif á hvort hann verður til góðs eða ekki. Í rannsókn sem Dietlind Stolle gerði á þremur svæðum í Svíþjóð Gnosjö, Kirunabæ og Kirunasveit kom í ljós að stjórnvöld hafa áhrif á traust íbúa. Þetta gildir hvort sem um er að ræða landstjórn eða sveitarstjórnir. Í samfélögum þar sem traust er lítið eru meiri líkur á ójöfnuði. Aftur á móti þar sem traust er mikið þar eru meiri líkur á jöfnuði og íbúarnir hafa meiri trú hver á öðrum. Þar sem íbúar upplifa óréttlæti, óheiðarleika og virðingarleysi þá eru meiri líkur til að þeir yfirfæri þessar tilfinningar á annað

fólk. Sama er að segja þegar að íbúum finnst þeir fá virðingu frá sveitarstjórnarmönnum þá vænta þeir þess sama frá öðrum. Það sama gildir ef stjórnámálamenn haga sér ekki heiðarlega þá er þess ekki að vænta frá öðrum (Stolle 2004).

Í háskólanum í Gautaborg er gerð árleg rannsókn á félagsauði. Í rannsókninni eru Svíar á milli 16 og 80 ára spurðir um traust til marga stofnana eins og banka, þings, verkalýðsfélaga, lögreglunnar, dómstóla o.fl. Mikill munur á trausti mælist eftir tímabilum og stofnunum. Traust á heilsugæslu, dómstólum og skólum er mikið en dregið hefur úr trausti á stjórnámálum. Það sem kemur á óvart er að þrátt fyrir að traust á stjórnámálum hefur dregist saman þá hefur almennt traust í Svíþjóð ekki minnkað. Þá kom í ljós í rannsókninni að því meira sem fólk treystir hvert öðru því líklegra er það til að hafa traust á stofnunum. Traust á ríkisstjórn og þingi fylgir almennu trausti. Sterkust eru tengslin á milli almenns trausts og lögreglu og dómstóla. 70% aðspurða trúðu því að sveitarstjórnarmenn misnotuðu vald sitt. Í könnuninni kom einnig fram að íbúar töldu að þeir væru fimm sinnum líklegri til að misnota vald sitt heldur en dómarmenn og saksóknarar. Skilgreining á trausti er væntingar til annara. Íbúar treysta t.d. stofnunum vegna þess að þeir vænta einhvers sérstaks eins og frá lögreglunni. Þar sem traust er lítið þar er minna um að íbúar treysti hver öðrum og stofnunum. Fólk treystir ekki fólki fyrr en það þekkir það, því aðeins þá hefur það safnað saman nægum upplýsingum til að telja sig geta treyst öðrum fyrir einhverju mikilvægu. Á norrænum löndum þar er traust á ríkisstjórnunum venjulega gott og það er talið nauðsynlegt fyrir heilbrigt og virkt lýðræði. Þeir sem styðja stjórnámálaflokka sem eru í ríkisstjórn eru líklegri til að treysta ríkisstjórninni betur heldur en þeir sem styðja flokkana sem eru í stjórnarandstöðu (Rothstein, 2004). Stjórnarfar getur haft áhrif á félagsauðinn. Í rannsókn Björnskov og Svendsen (2003) á ríkjum í Evrópu þar á meðal á Íslandi kom í ljós að í dreifstýrðum ríkjum eins og Norðurlöndunum og Íslandi þar meðtalið, mælist félagsauður meiri heldur en í miðstýrðum löndum eins og t.d. fyrrum austantjaldsríkjunum. Þar sem miðstýring er mikil þar geta íbúarnir haft takmörkuð áhrif á stjórnarfar, þar er mælist meiri spilling, minna traust og frjálslífgasamtök eru ekki eins algeng. Dæmi um þetta eru fyrrum kommúnistaríki þar sem ríkið sá um flesta þætti í lífi fólks.

Þjóðarpúls Capacent Gallup hefur kannað hér á landi frá árinu 1993 traust almennings til nokkura stofnana. Spurt er um afstöðu til átta stofnana. Mælingarnar gefa vísbendingu um afstöðu fólks. Frá því í desember 2006 til mars 2007 hefur traust til allra stofnana minnkað. Alþingi Íslendinga nýtur minnst traust aðeins 29% svarenda bera traust til þess. Traust til dómskerfisins mældist 31%. Háskóli Íslands nýtur mest traust eða 85% þar á eftir kemur traust á lögreglunni eða 78%. Traust til heilbrigðiskerfisins og þjóðkirkjunnar minnkaði á þessu tímabili um þrjú prósentustig (Þjóðarpúls, 2008).

Á undanförunum árum hefur Reykjavíkurborg beitt sér fyrir því að hugtakið félagsauður verði hluti af stefnumörkun og starfi þjónustumiðstöðva í borginni. Ein þjónustumiðstöðin Þjónustumiðstöð Grafarvogs er þekkingastöð í félagsauð. Sú þjónustumiðstöð skilgreinir félagsauð á þannig :

„Félagsauður hverfisins byggir á þekkingu, trausti, krafti og samtakamætti þeirra sem þar búa eða starfa og sameiginlegum vilja þeirra til að auðga og þróa samfélagið til betri vegar.“ (Reykjavíkurborg, 2008a).

Ekki eru allir sammála eða sáttir við ágæti hugtaksins. Það er gagnrýnt fyrir að vera kenningarlega hroðvirknislegt. Á einfaldan hátt má segja að í þjóðfélagi þar sem flestir telja að treysta megi náunganum sé ríkt af félagsauði. Þeir sem treysta stofnunum eru líklegri til að múta ekki eða reyna að spilla starfsfólki. Þar sem starfsfólk er spillt er dregin sú ályktun að flestir íbúar séu einnig spilltir. Í þjóðfélögum þar sem vitað er að líðst spilling þar reynir fólk einnig að hagnast. Traust á stofnunum leiðir til traust á náunganum. Það er ekki talið þjóna hagsmunum að treysta þeim sem eru spilltir. Þegar að alþjóðastofnanir eru ábyrgar og að fara að lögum því meiri félagsauðs er hægt að vænta í samfélaginu.

Putnam (2000) spyr hvort félagsauðurinn hafi fjarð hljóðlega undan okkur án þess að við tækjum eftir því. Hann svarar þessu játandi en telur þó að ekki sé öll von úti enn og telur að með sameiginlegu átaki sé hægt að snúa þróuninni við. Í rannsókn Gunnars Helga Kristinssonar (2001) um félagsauð komu fram vísbendingar um minnkandi félagsauð hér á landi. Það kom fram að íbúar Reykjavíkur voru óánægðari með þjónustu borgarinnar en íbúar annarra sveitarfélaga. Stærð borgarinnar og fjarlægð Reykvíkinga frá borgaryfirvöldum virðist hafa þar áhrif. Þetta mat kemur fram þó vitað sé að þjónustustig borgarinnar er ekki lægra en annarra sveitarfélaga. Eins og áður sagði þá er

félagsauður þau sambönd, stofnanir, reglur og traust sem móta samskipti og samvinnu og leiða til sameininlegs ávinnings í samfélaginu (Putnam, 2000). Putnam bendir á að til þess eru margar leiðir færar, hann nefnir í raun yfir 150 aðferðir eins og að heimsækja vini, gefa blóð, stunda spilaklúbba, gönguhópa, hlaupahópa, saumaklúbba og nágrannavörslu (Putnam,e.d.). Í Reykjavík væri hægt að auðvelda borgarbúum að nálgast stjórnkerfi, þjónustu og stofnanir borgarbúa (Gunnar Helgi Kristinsson, 2001). Eins og sjá má af framangreindri umfjöllun þá getur félagsauður haft mikla þýðingu fyrir borgarbúa. Mótun félagsauðs er mikilvæg ef það á að takast á að koma á fót íbúalýðræði.

4 Félagsráðgjöf

Í þessum kafla verður fjallað um félagsráðgjöf. Hér verður fjallað um sögu greinarinnar og hvernig félagsráðgjöfin hefur þróast. Greint verður frá helstu aðferðum í félagsráðgjöf. Þá verður fjallað um hvernig félagsráðgjafar tengjast hugmyndum um íbúalýðræði og félagsauð.

4.1 Félagsráðgjöf

Félagsráðgjöf er alþjóðleg starfsemi sem hvílir á traustum siðfræðigrunni með virðingu fyrir manngildi hvers einstaklings og rétti hans til að njóta sín í einkalífi og sem samfélagsþegn. Hún byggir á virðingu fyrir mikilvægi og reisn sérhverrar manneskju, án tillits til uppruna, starfs, aldurs, kyns eða litarháttar.

Alþjóðasamtök félagsráðgjafa IFSW, *International Federation of Social Workers* skilgreina félagsráðgjöf á eftirfarandi hátt ;

„The social work profession promotes social change, problem solving in human relationships and the empowerment and liberation of people to enhance well-being. Utilising theories of human behaviour and social systems, social work intervenes at the points where people interact with their environments. Principles of human rights and social justice are fundamental to social work.“ (International Federation of Social Workers, e.d.)

Þá segir í orðabók um félagsráðgjöf segir að félagsráðgjöf sé launað faglegt starf þar sem fólk er stutt til að sigrast á alvarlegum erfiðleikum í lífi sínu með því að bjóða því umhyggju, vernd eða ráðgjöf (Thomas og Pierson, 1995).

Félagsráðgjafar hafa siðareglur sem þeir styðjast við í starfi sínu. Í þeim kemur fram markmið félagsráðgjafar sem er meðal annars að vinna að lausn félagslegra og persónulegra vandamála og sporna við félagslegu ranglæti. Eins og að vinna gegn mannréttindabrotum (Félagsráðgjafafélag Íslands,e.d.). Allen Pincus og Anne Minahan (1973) segja að félagsráðgjöf sé fag sem lætur sig varða tengsl á

milli fólks og umhverfi þess sem hefur áhrif á hæfileika fólks til að kljást við tilveruna, minnka streitu, gera sér grein fyrir vonum og gildismati. Þau segja að markmið félagsráðgjafar séu fjögur.

1. Efla getu fólks til að leysa vandamál og ráða við aðstæður sínar.
2. Tengja fólk við kerfi sem geta fært þeim bjargir, þjónustu og tækifæri.
3. Skipuleggja gagnlega og mannsæmandi aðgerðir hjá þessum kerfum.
4. Leggja sig fram við að bæta og þróa félagslega stefnu.

4.2 Saga félagsráðgjafar

Upphaflega þróaðist félagsráðgjöf sem sérfræðigrein á seinni hluta 19. aldar frá sjálfboðaliðastörfum. Starfsemin byggðist á persónulegum samskiptum sjálfboðaliðanna sem veittu hagnýta aðstoð, ráð og stuðning og þeirra sem fengu aðstoðina sem voru aðallega yfirgefið fólk, aldraðir, vanrækt börn og fatlaðir. Aðstæður þessa fólks voru raktar til örra þjóðfélagsbreytinga. Frumkvöðlarnir störfuðu aðallega á sjúkrahúsum, fangelsum og hjá dómstólum (Thomas og Pierson, 1995). Félagsráðgjöf sem starfsgrein hefur vaxið og dafnað síðan. Ástæður þessarar þróunar eru margvíslegar t.d. borgarvæðing, breyttur lífsstíll og nýtt gildismat sem krefst nýrrar aðlögunar einstaklinga, fjölskyldna og samfélagsheilda.

Hlutverk í fjölskyldum, sem áður höfðu verið nokkuð einföld og skýr, urðu á tuttugustu öldinni fjölbreytilegri og flóknari. Ytri aðstæður hafa þróað örar en einstaklingar hafa við ráðið. Hugmyndir togast á og stangast jafnvel á við raunveruleikann. Það getur verið erfitt fyrir einstaklinga að fóta sig á nýjum og breyttum tímum. (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Auk þess eru viðfangsefni fjölskyldunnar að öllum líkindum fjölbreytilegri í dag en áður var og fleiri áhrifavaldar verða nú á vegi hennar. Sífelld verður sjaldgæfara að foreldrar séu heimavinnandi. Nú eru ömmurnar og afarnir gjarnan útivinnandi eins og mæðurnar og feðurnir og því eru tengslin við barnabörnin með öðrum hætti. Þessi þróun leiddi til þess að fjölskyldan hefur orðið að finna nýjar leiðir til að sinna verkefnum sínum. Mörg hlutverk sem fjölskyldan annaðist áður, hafa að einhverju leyti flust til stofnana og hafa því fagmenn á ólíkum sviðum tekið við þeim (Ella Kristín Karlsdóttir og Eyrún Jónatansdóttir, 1999).

Félagsráðgjafar hafa sótt í smiðju til annarra fræðigreina sem skoða manninn út frá líffræðilegum, félagslegum, sálfræðilegum og menningarlegum þáttum. Kenningar sem fjalla um áhrif efnahagslegra þátta á einstaklinginn og samfélög og kenningar sem fjalla um efnahagsmál, einstaklinga, stjórnsmál, stefnumótun og samfélög hafa eflt kunnáttu þeirra til að skilja hvernig þessi kerfi starfa. Á fyrstu dögum félagsráðgjafar var stuðst við tvær nálganir annars vegar góðgerðanálgun (charity organization societies) og hins vegar aðlögunarnálgun (settlement house movement). Í fyrri nálguninni var hugsunin sú að til þess að ná árangri varð að breyta einstaklingnum. Í þeirri seinni var hugsunin hinsvegar sú að breyta þyrfti þjófúfélaginu ef það átti að ná einhverjum árangri. Síðan kom sálgreinikenning Freuds, þá tóku við umhverfiskenningar líkt og atferliskenningar og hugrænar atferliskenningar. Frá 1970 hefur verið reynt að finna jafnvægi milli einstaklingisins og umhverfis hans með kerfiskenningum. Það er nálgun sem nær yfir einstaklinginn og allt umhverfi hans (Farley, Smith og Boyle, 1974). Kenningar um fjölskylduna komu fram um 1970 (Payne, 1997).

Um miðja síðustu öld komu fram nýjar hugmyndir og gagnrýni á neikvæð áhrif stofnanavæðingar. Upplýsingar, samskiptatækni og lýðræði hafa skapað einstaklingum nýjar forsendur til að meta sjálfir hvers konar þjónustu þeir óska. Í kjölfarið hefur skapast aðhald um gæði þjónustunnar og kannanir sýna að með hærri þekkingarstigi og menntunarstigi almennings hafa kröfur aukist um gæði og hæfni til að geta valið og hafnað þjónustu. Þróunarstarf í félagsráðgjöf, fagumræða og rannsóknir áttu sinn þátt í að þróa hugtakið valdeflingu (empowerment). Það fólst í að fagfólk ætti að nota þekkingu sína til að færa skjólstæðingum aukin völd og styrk til að hafa sjálfir áhrif á aðstæður sínar í náinni samvinnu. Hjálp til sjálfshjálpar þótti sjálfsögð. Með vaxandi sérhæfingu hefur þverfaglegt samstarf fengið meira fylgi. Það styrkir liðsheildina að sérfræðiþekking faghópanna fái notið sín. Í samvinnunni leikur félagsráðgjafinn miðlægt hlutverk og starf hans skilar sér í öflugra þverfaglegu samstarfi innan kerfisins og í betri heildarárangri (Sigrún Júlíusdóttir, 2006).

4.3 Félagsauður og félagsráðgjöf

Þegar bornar eru saman skilgreiningar á félagsráðgjöf og félagsauði þá er ljóst að margt er sameiginlegt. Bjargir og tengsl eru mikilvæg hugtök í umræðunni um félagsauð og þau eru einnig kjarninn í félagsráðgjöf. Einkenni vinnu félagsráðgjafar er samstarf í sinni víðustu mynd. Félagsráðgjafar tengjast mörgum aðilum og stofnunum í samfélaginu og auk þess vinna þeir við að leysa félagsleg vandamál. Sambandið á milli tengsla, bjarga og trausts getur verið grunnurinn að viðmiðum, gagnkvæmum skiptum, skyldum eða samningum. Tengingar og bjargir eru þættir sem eru þýðingamiklir í félagsráðgjöf og í félagsauði (Nysæther, 2004). Í félagsráðgjöf er vel þekkt að nota hugtök sem eru hluti af félagsauð eins og t.d. innri gildi, ónóg samstaða, gagnkvæm skipti og tryggð. Innri gildi eru mikilsverð fyrir skjólstaðinga, innri gildi segja til um líðan þeirra. Ónóg samstaða er einnig velþekkt en það vísar til þess þegar hópar eiga erfitt með að samlagast. Gagnkvæm skipti eru nauðsynleg öllum, t.d að eiga góð samskipti við nágranna. Þá er tryggð nauðsynleg í öllum hverfum. Þessir fjórir þættir eru allir vel þekktir í félagsráðgjöf og nauðsynlegt að vinna með þá til að allir geti aukið félagsauð sinn. Ákjósanleg leið til að framkvæma þetta er valdefling. Eins og hér hefur verið rakið þá er félagsauður mikilvægur fyrir félagsráðgjöf og félagsráðgjafa, hvort sem um er að ræða hugtak eða aðferð til að koma honum á eða efla hann. Hann hefur þýðingu fyrir einstaklinginn, efnahag og stjórnmal (Nysæther, 2004). Félagsauður er verkfæri sem eflir íbúalýðræði líkt og íbúalýðræðið eflir félagsauðinn.

4.4 Heildarsýn

Heildarsýn er aðferð í félagsráðgjöf. Að baki þeirri hugmyndafræði er sú sýn á manneskjuna að hver og einn einstaklingur sé sérstakur og margbreytilegur og að líta þurfi á aðstæður hans frá öllum hliðum og í samhengi við umhverfi hvers og eins. Þar er átt við fjölskyldu, vini, vinnufélaga, nágranna og í raun samfélagið allt í heild sinni (Lára Björnsdóttir, 2006). Í 10. grein siðareglna félagsráðgjafa segir að félagsráðgjafar stundi starf sitt með faglega heildarsýn að leiðarljósi og byggi á fræðilegum kenningum, niðurstöðum rannsókna og starfsreynslu í félagsráðgjöf.

Með heildarsýn er átt við að ekki megi slíta einstaklinginn frá umhverfi sínu. Heildarsýnin gerir félagsráðgjafanum kleift að skoða hvaða afli og möguleikum einstaklingurinn eða hópurinn ræður yfir. Jafnframt að skoða hvaða hindranir eru í veginum. Til öðlast heildarsýn eru margs konar nálganir og kenningar. Þar má nefna að innan félagsvísinda er t.d. notuð *Micro*, *Mezzo* og *Macro* nálgun .

Micro sjónarhorn vísar til einstaklinga og þar er átt við líffræðlega og sálfræðilega nálgun og að félagskerfið hefur áhrif á einstaklinginn.

Mezzo sjónarhorn vísar til smárra hópa sem hafa áhrif á einstaklinginn eins og fjölskylduna, vinnufélaga og áhrif félagslegra hópa.

Macro sjónarhorn vísar á hópa og kerfi sem eru stærri en fjölskyldan. Fjögur svið eru áhrifavaldar og má þar nefna félög, stofnanir, samfélagið og menningu (Farley, Smith og Boyle, 1974).

Heildarsýnin segir ekkert til um hvaða sjónarhorn er notað. Hlutverk félagsráðgjafa er að fylgja stefnu þeirra opinberu aðila sem þeir starfa hjá ef það samrýmist siðareglum og fagmennsku. Heildarsýnin er þá hvernig hver og einn telur sig sjá umhverfi sitt og/eða er undir áhrifum frá því (Hillgaard og Keiser, 1979).

Með heildarsýn í félagsráðgjöf er átt við kunnáttuna við að greina aðalatriði frá aukaatriðum, skipuleg vinnubrögð, samskipti að kunna að hlusta á aðra og taka tillit til allra þátta. Félagsráðgjafinn kynnir sér aðstæður og þarfir skjólstæðings og beitir faglegru þekkingu til þess að veita honum stuðning og meðferð. Heildarsýn er þannig sú aðferðarfræði sem einkennir vinnubrögð félagsráðgjafans og leggur grunn að samskiptum hans við stofnanir og einstaklinga sem tengjast málum skjólstæðings. Félagsráðgjafinn skoðar einstaklinginn í ljósi þeirra aðstæða sem hann stendur í hverju sinni. Hann reynir að skilja samhengi aðstæðna og þau áhrif sem það hefur á einstaklinginn eða fjölskyldu hans (Áslaug Ólafsdóttir, Ella Kristín Karlsdóttirog Guðrún Sederholm, 1997). Í dag reynist mörgum erfitt að komast yfir allt sem gera þarf og því er mikilvægt að nýta sér alla þá þjónustu sem hægt er að fá til að einfalda sér hlutina. Félagsráðgjafar geta veitt þjónustu sem byggist á því að einfalda daglegt líf og bæta samskiptin í fjölskyldum og stuðla þannig að aukinni vellíðan í samfélaginu.

Þegar félagsráðgjafar tengja saman, samstillu og virkja þau samskiptakerfi sem einstaklingurinn tengist þá notar hann aðferðarfræði heildarsýnarinnar. Vinna með

tengingar og samþættingu er miðlæg í félagsráðgjöf og einnennir hana og er eftir vill það sem aðskilur félagsráðgjafa frá öðrum greinum (Nysæther, 2004).

Félagsráðgjafar beina sjónum sínum að samskiptum milli fólks og kerfa í samfélaginu. Fólk er háð kerfinu til að fá aðstoð á tilfinningalega, andlega og efnhagslega sviðinu, það þarfnast aðstoðar við að komast áfram (Pincus og Minahan, 1973). Kostur kerfiskenninga er sá að þær fást við heildina en ekki við einstaka þætti. Með þeim má hæglega sjá hvernig einkageirinn og opinberigeirinn virkar. Fólk getur leitað í þrenns konar kerfi til að fá aðstoð á vanda sínum þ.e. í óformlegt kerfi, formlegt kerfi og samfélagskerfi. Með óformlega kerfinu er átt við aðstoð frá ættingjum, vinum og nágrönnum. Óformlega aðstoðin einkennist af tilfinningum, ráðum og upplýsingum. Þar má nefna barnagæslu og peningalán. Með formlega kerfinu er átt við stuðning frá félögum s.s. frá stéttarfélögum við að tala við vinnuveitendur. Með samfélagskerfinu er átt við samskipti einstaklinga við stofnarnir líkt og skóla og sjúkrahús (Payne 1997; Pincus og Minahan, 1973). Ekki geta allir notið hagræðis af þessum kerfum. Ástæðan getur verið sú að fólk hefur ekki aðgang að kerfi sem hentar erfiðleikum þess. Þar má nefna fólk sem hefur ekki í tengsl við neina. Það á ekki ættingja eða er í engum samskiptum við þá, nágrannar þeirra eru óvinveittir o.s. frv. Þar má nefna fólk sem þekkir ekki til kerfa eða óskar ekki eftir því að vera í tengslum við þau eins og dæmi eru með sum barnaverndamál. Kerfið getur kallað fram enn meiri erfiðleika og fólk er í andstöðu við kerfið (Payne, 1997).

Vitneskja sú sem félagsráðgjafar fá í starfi veitir þeim heildarsýn á sameiginlega hagsmuni og stöðu einstaklinga og fjölskyldna og nýtist sem baráttuaðferð fyrir bættum kjörum. Kostir heildarsýnarinnar í félagsráðgjöf eru ótvíræðir.

5 Valdefling

Í þessum kafla verður fjallað um valdeflingu. Hvað er valdefling, hvaðan kemur þetta hugtak og hvað merkir það? Hvernig tengist valdefling umfjöllun ritgerðarinnar? Valdefling (empowerment) er hluti af samfélagsvinnu. Samfélagsvinna er þekkt aðferð í félagsráðgjöf og hefur hún verið notuð af félagsráðgjöfum allt frá dögum frumkvöðlanna Til að íbúalýðræði geti þrífist og félagsauður myndast þarf að eiga sér stað einhver virkni meðal íbúanna. Valdefling er einn þáttur sem er nauðsynlegur til að byggja upp félagsauð.

5.1 Hvað er valdefling ?

Valdefling (empowerment) er hugtak sem hefur rutt sér til rúms á undanförunum árum. Hugtakið á það sammerkt með öðrum nýjum hugtökum í félagsvísindum líkt og félagsauði og félagslegri samheldni, að það er bæði flókið og margþætt. Þegar hugtakið er notað þá er nauðsynlegt að þar liggi að baki einhver sameiginlegur grundvallarskilningur.

Valdefling snýst um þá hugmynd að fólk öðlist meiri stjórn á eigin lífi (Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2006). Hér á landi hefur til þessa mikið verið fjallað um valdeflingu í tengslum við fatlaða þá aðallega þroskahefta og geðfatlaða. Sjálfsákvörðunarréttur og valdefling eru lykilorð þeirra sem tengjast starfsemi þroskaheftra (Sprague og Hayes, 2000). Valdefling er einnig notað í endurhæfingu. Enda er markmið með endurhæfingu að styðja fólk til sjálfshjálpar. Valdefling er hugtak sem getur átt við einstaklinginn sjálfan, aðra íbúa, hópa og samfélög. Þarna getur verið átt við eflingu félagsráðgjafa og notendur félagsráðgjafa (Adams 2003; Turner, 1996). 1976 var Barbara Bryant Solomon fyrst til að þróa hugtakið valdefling í félagsráðgjöf. Hún taldi það hafa beina og óbeina tengingu við vald. Nokkrir þættir hafa áhrif á valdaleysi s.s upplýsingarskortur, óöryggi í efnahagmálum, lært úrræðaleyfi, lítil reynsla á sviði stjórn mála, menntunarskortur og tilfinningalegir erfiðleikar (Turner,1996).

Valdefling er meira en hugtak. Þetta er einnig kenning sem snýr að því hvernig fólk getur öðlast sameiginlega stjórn á lífi sínu og hvernig það nær tilgangi sínum sem hópur. Kenningin fjallar um aðferð sem félagsráðgjafar nota, til að efla vald fólks sem skortir það eða er án þess (Thomas og Pierson, 1995).

Hægt er að sjá þrjár víddir valdeflingar Í fyrsta lagi þróun jákvæðrar hæfni hjá sjálfum sér. Í öðru lagi að byggja upp þekkingu og meiri skilning á umhverfi sínu. Í þriðja lagi að leggja rækt við samfélagið til að geta tekið þátt í því (Turner, 1996).

Neville (2004) segir að mörg orð og hugtök sem eru notuð um valdeflingu nái ekki fyllilega merkingunni. Þar má nefna orðið þátttaka en þar er átt við að einstaklingar hafi aðgang að einhverju. Þarna vantar að einstaklingarnir fái stuðning til að nálgast viðfangsefnið eða taka þátt.

Í skýrslu um hlutdeild notenda í einstaklingsmiðaðri félagslegri þjónustu (2004) hefur komið fram það sjónarmið að of oft sé fjallað um réttindi og þátttöku notenda ofan frá og að lítil tillitssemi og skilningur sé gagnvart því hvað fólkið hefur sjálft að segja um þarfir sínar og reynslu. Margar hugmyndastefnur og aðferðir eru ráðandi í þjóðfélögum. Þáttökustefna er ein þeirra. Meginatriði þeirra stefnu er að einstaklingarnir eigi sjálfir að taka þátt í að móta þjónustuna og lögð er áhersla á að notendur séu meðframleiðendur þjónustunnar. Þar er átt við að þeir taki fullan þátt ásamt fagaðilum og stofnunum þeirra á framboði, skipulagningu og mati á þjónustunni. Aukin hlutdeild notenda er grundvallarhugsun að einstaklingsþjónusta sé af hinu góða. Mörg rök eru fyrir því að auka hlutdeild einstaklinga í félagslegri þjónustu. Í áður nefndri skýrslu um hlutdeild notenda í einstaklingsmiðaðri félagslegri þjónustu frá árinu 2004 kemur einnig fram: að fljótverk þjónusta veitir betri þjónustu og skilvirkni hennar er aukin. Í öðru lagi öðlast þjónustukerfið meira lögmæti. Í þriðja lagi breytist ójafnvægið á milli stjórnenda og notenda. Í fjórða lagi þá verða notendur sjálfsöruggari og frekar sjálfbjarga. Og í fimmta lagi þá er þetta kennsla í lýðræði. Enn fremur segir í ofangreindri skýrslu að það sé mikilvægt að greina á milli þátttöku notenda, hlutdeild notenda og valdeflingar.

Þátttaka notenda er óljósasta hugtakið af þessum þremur. Notendur eru þátttakendur sem taka lítinn þátt, þeir gefa aðallega upplýsingar. Hlutdeild notenda felur ávallt í sér að aðgerðir notenda hafa áhrif á þjónustuferlið.

Valdefling gengur lengst og felur í sér að fagaðilar gefi frá sér völd og stjórn þannig að þjónustan verði í raun tekin og stjórnað af notendum.

Þegar að þessi þrír þættir eru skoðaðir samkvæmt þáttökustiga Arnsteins (1969) má sjá að þeir falla vel að honum. Þátttakendur falla að þriðja þrepi stigans um upplýsingar og falla undir málamyndaaðgerðir. Hlutdeildin fellur að sjötta þrepi stigans sem kallast samstarf og fellur undir stigið íbúalýðræði. Valdefling þar sem fagaðilar gefa frá sér stjórn má segja að það sé komið að efsta stigi og þrepi stigans íbúalýðræði og íbúavald.

5.2 Rætur valdeflingar í félagsráðgjöf

Valdefling er gömul og þekkt aðferð í félagsráðgjöf. Rætur hennar má rekja til frumkvöðlanna í félagsráðgjöf. Þetta voru konur sem voru án kosningaréttar, konur sem höfðu ekki heimild til að sækja langskólanám eða starfa við það sem þær sjálfar völdu. Þarna fóru konur sem unnu úti á vettvangi með minnihlutahópum. Þær börðust fyrir breyttu og bættu samfélagi. Jane Addams (1860-1935) var ein af þeim. Hún var framarlega í flokki þeirra unnu að málefnum fátækra og undirmálsfólks í Bandaríkjum Norður Ameríku. Jane Addams var gædd þeim eiginleikum að hafa heildarsýn og gerði hana að leiðarljósi sínu (Turner,1996) Hún stofnaði ásamt Ellen Starr 1889 íbúasetur (Hull House) í Chicago Forsaga þess er að þær fóru saman í ferðarlag til Evrópu 1888 og sáu þar svipaða starfsemi í London, Toynbee Hall. Eftir heimkomuna til Bandaríkjanna ákváðu þær að koma á fót samskonar starfsemi. Í íbúasetrinu fór fram fjölbreytt starf og það var staðsett í hverfi þar sem bjuggu margir innflytjendur. Þær fluttu í íbúasetrið árið 1889 og hófu starfsemina með því að bjóða fólki að hlusta á upplestur og skoða myndir. Þær komu fljótlega á fót leikskóla og aðstöðu fyrir mæðurnar þar sem þær voru aðstoðaðar við að koma undir sig fótunum í nýju landi (Women in history, 2008). Starfsemi hússins jókst þannig smám saman og sett var á fót kaffihús, skóli og leikhús. Jane Addams lagði alltaf áherslu á lýðræði, félagslegt réttlæti og virðingu fyrir margbreytileikanum. Fyrir alþjóðlegt starf sitt að friðarmálum fékk hún friðarverðlaun Nóbels 1931 (Turner,1996).

5.3 Valdefling í félagsráðgjöf

David Neville (2004) segir að valdefling sé ferli þar sem starfsfólk félagsþjónustu stuðlar að virkni einstaklinga, hópa og samfélaga. Markmið þessarar virkni er að minnka valdaleysi og veita einstaklingum, hópum eða samfélagi tækifæri til að upplifa sig sem afl sem getur beitt sér og haft þannig áhrif á eigið líf og unnið til að þeir geti náð eigin markmiðum og aukið lífsgæði sín. Það sem einkennir þessa skilgreiningu er, í fyrsta lagi að litið á valdeflingu sem ferli. Í öðru lagi höfðar hún til virkni félagsráðgjafa með einstaklingum, hópum og samfélaginu. Í þriðja lagi undirstrikar hún að markmiðið með virkninni er að minnka valdaleysi. Mikilvægt er að huga að öllu ferlinu annars verður ekki valdefling.

Gott er að hafa þátttökustiga Arnsteins til hliðsjónar þegar valdefling er skoðuð. Á neðsta þrepi er engin valdefling og á efsta þrepi er valdefling.

Hvernig litið er á valdeflingu getur farið eftir því hvernig litið er á vald. Vald sem hluta af einhverju, vald yfir einhverjum eða vald til einhvers. Einnig er hægt að tengja vald við viðhorf, getu og atferli (Sprague og Hayes, 2000).

Með valdeflingu í félagsráðgjöf var leitast við að tengja tvö sjónarmið. Annars vegar sjónarmið stjórn mála, félagslega og efnahagslega frelsisbaráttu s.s. kvenfrelsi, baráttu homma og lesbía og réttindabaráttu gegn nýlendustefnu. Hins vegar kenninga um þroska mannsins og tengsl við hjálparstéttir (Turner, 1996).

5.4 Valdefling og forsendur hennar

Bjargir eins og tengsl, upplýsingar og ákvöðunarvald eru forsenda valdeflingar. Án einhverra bjarga þá verður ekki valdefling. Einnig verður að hafa í huga þegar fjallað er um valdeflingu að þá verður að huga að öllu ferlinu, ekki sleppa neinum þætti úr. Aðgangur að stuðningi er nauðsynlegur hluti af valdeflingu. Valdefling á sér stað í gegnum félagsleg samskipti sem ýta undir sjálfsákvörðunarrétt. Hafa verður í huga að aðgangur og stuðningur er nauðsynlegur hluti af valdeflingu (Neville, 2004).

Valdefling fer víða fram og margir aðilar geta komið til við að gera hana mögulega þar má nefna neytendavernd, talsmenn, fagfólk og aðra þá er vinna við endurhæfingu. Markmið valdeflingar er að fólk finni lausnir á vandamálum sínum. Félagsráðgjafar hafi þekkingu og færni sem skjólstæðingarnir þarfnast.

Félagsráðgjafinn er sem jafningi og samstarfsaðili að leita leiða til lausna. Vald er flókið en hægt er að hafa áhrif á það. Leiðirnar eru að yfirstíga neikvætt mat hjá skjólstæðingum, þannig að þeir geti haft áhrif á vandamál sín. Finna og taka í burtu hindranir og hrósa þannig að auðveldara er að leysa vandamál (Payne, 1997).

Það er einnig margt sem sem hvetur til valdeflingar og annað sem stuðlar að valdaleysi.

Dæmi um það er :

valdefling

að vera styrkur
að ráða, hafa völd
að finna að maður hafi völd
að vera metinn
að hlustað sé á mann
að vera tekinn alvarlega
að láta sig e-h varða
að vera virtur
að virða aðra
að fá jöfn tækifæri
að hafa góð sjálfsmynd
að vera samþykktur

valdaleysi

að vera veikburða
að vera vanmetinn
að vera stjórnað
að skorta aðgengi
að hafa lítið aðgengi
að vera hundsáður
að hafa skort á sjálfmati
að vera ekki samþykktur
að skorta sjálfsvirðingu
að vera ekki samþykktur
að gera ekkert
að ekki er hlustað á
viðkomandi (Neville, 2004).

5.5 Allir eru sérfræðingar í eigin lífi

Í dag ætti að þykja sjálfsagt að einstaklingar eigi að hafa rétt til að hafa áhrif á ákvarðanir sem teknar eru um líf þeirra. Þegar félagsráðgjafar ætla að valdefla skjólstæðinga sína þá verða þeir óhjákvæmilega að hafa þá með í ráðum. Gefa þeim færi á að taka ákvarðanir um þau úrræði sem þeim býðst. Þannig gefst þeim tækifæri til að leggja eitthvað til málanna um þá þjónustu sem stendur þeim til boða, auk þess er nauðsynlegt að leyfa þeim að hafa talsmenn. (Neville 2004; Hudson, 1995). Það hefur einnig sýnt sig að notendur sem ekki eru valdefldir hafa tilhneigingu til að verða frekar háðir en óháðir. Þeir þurfa stuðning sem leiðir til sjálfshjálpar. Skjólstæðingar verða að hafa aðgang að fagfólki og nefndum sem

hafa völd og stuðning til að nálgast hann. Ef þetta er ekki til staðar þá er ólíklegt að þeir taki þátt. Ef einhver árangur á að nást þá þarf notandinn að vera virkur. Hafa verður að leiðarljósi að valdefling gefur möguleika á nýsköpun milli fagaðila og skjólstaðinga (Neville, 2004).

Rannsóknir sýna að þeir sem hafa lengi þegið félagslega þjónustu verða oft háðir henni og axla síður ábyrgð á vandamálum sínum (Kristensen, 2003).

Ef úrræði eiga að koma að notum þá er mikilvægt að hafa væntanlega notendur með í ráðum þegar úrræðin eru mótuð. Það er mikilvægt að nota þau tækifæri sem bjóðast til að vinna með þeim. Þannig felst valdeflingin í því að einstaklingar séu sérfræðingar í eigin lífi og geti best sagt hvers þeir óski. Slagorð Öryrkjabandalags Íslands er: Ekkert um okkur án okkar og Eitt samfélag fyrir alla. Aðrir hópar eins og aldraðir hafa einnig tekið undir þessi orð. Öll umræða um valdeflingu er yfirboðsleg ef ekki er tekið tillit til þeirra þátta sem einkenna líf og aðstæður þess fólks sem um ræðir hverju sinni (Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2006).

5.6 Valdefling og samfélagsvinna

Það er ekki til nein ein kenning í samfélagsvinnu. Skilningur á samfélagsvinnu getur verið tengdur pólitískum gildum. Nokkrar kenningar sem hafa verið ríkjandi í samfélagsvinnu eru það aðallega margræðis-og áttakakenningar.

Margræðiskenningar hafa verið ríkjandi síðan um 1960. Í þeim kenningum er talið að valdið liggi ekki hjá einhverjum einum hópi, heldur sé það dreift víða. Staða stjórnmalanna er afleiðing samninga milli ólíkra hópa sem eiga í samkeppni. Kenningin gengur út frá því að enginn hópur sem óskar eftir völdum, skorti nauðsynleg áhrif, flestir geti haft einhver áhrif. Þessir hópar eru taldir mikilvægir fyrir lýðræðið og stöðugleikann í samfélaginu. Þannig er valdinu dreift og enginn hópur nær að vera algjörlega ríkjandi. Stöðugur núningur á milli hópa veldur því að allir hafa einhver áhrif. Hlutverk ríkisvaldsins er að sjá um að jafnvægi með því að sjá til að pólitískar ákvarðanir taki mið af vilja hópanna. Í ljósi margræðiskenninga þá er samfélagsvinna virk sem styðjandi og hvetjandi afl til ábyrgðar og aukinnar þjónustu. Hlutverk samfélagsvinnunnar er að styðja ólíka hópa til að leysa vandamál í nærsamfélaginu. Það er gert með sameiginlegum gagnkvæmnum stuðningi, sameiginlegu starfi og reynt að tryggja betri þjónustu

fyrir íbúana. Frekar er reynt að festa fólk í farinu en fría það frá aðstæðum sínum. Launað starfsfólk er fengið til starfa og einnig sjálfbóðaliðar úr hverfinu. Sjálfbóðavinna er velþekkt innan þessara kenninga sérlega meðal kvenna (Poppo, 1995).

Átakakenningar fjalla um kröfu á grundvallabreytingum á samfélaginu. Í ljósi þessara kenninga þá er manneskjan kúguð og hún þarf að komast út úr þeim aðstæðum og hún þarf hjálp til þess og einhverjar bjargar. Algengast er að átakakenningar séu taldar á vinstri ás stjórnmálanna og einnig finnast þær lengst til hægri á hægri ásnum. Þessar kenningar hafa verið notaðar af félagsráðgjöfum sem starfa við samfélagsvinnu til að skilja misréttið í samfélaginu og þann skort sem einstaklingar og hópar verða fyrir. Þarna má nefna stofnun hóps eins og Stígamót. Þar er barist gegn kúgun kvenna.

Átakakenningar geta geta leitt til breytinga í heilum samfélögum. Samfélagsvinnan í þessu sjónarhorni á við smáa undirokaða og valdalaus hópa, sem verið er að reyna að styðja til valda. Dæmi um þetta er í breskum iðnaðarborgum og bæjum en þar urðu miklar breytingar þegar að iðnaður lagðist að mestu niður, þá varð skortur sérstaklega hjá verkafólki. Þetta ástand leiddi til þess að þeir sem unnu samfélagsvinnu studdu við þróun aðgerða með hópum og samfélögum gegn yfirvöldum. Feminismi er oft talinn til átakakenninga. Þær segja ef það á að byrja þar sem fólkið er þá verður að byrja á því að taka til reynslu og kúgun kvenna (Poppo, 1995).

Samfélagsvinna er fjölbreytt Poppo (1995) flokkar hana í 5 líkön; samfélagslega umönnun (community care), stofnanavinnu (community organization), hverfavinnu (community development), félagslega skipulagsvinnu (community planning), samfélagslega menntun (community education) og samfélagslega þátttöku (community action).

Í samfélagslegri umönnun er verið að huga að velferð íbúanna, oft eldri borgara og fatlaðra. Þar er verið að byggja upp félagsleg tengsl og sjálfbóðaðþjónustu og þróa hugmyndir um sjálfshjálp og þar er aðallega starfandi launað fólk og sjálfbóðaliðar. Dæmi um þetta er að sérfræðingur kemur verkefni af stað og dregur sig síðan smám saman í hlé og verkefnið heldur áfram. Þá getur verkefnið einnig þróast með lítilli eða engri aðstoð sérfræðinga. Þetta sjónarhorn hefur verið gagnrýnt hvort það sé rétt að nota ókeypis vinnuafli sem geta jafnvel tekið störf frá öðrum.

Með stofnanavinnu er verið að tengja og samræma þjónustu milli mismunandi stofnana. Bjargir stofnana eru virkjaðar, með því að samhæfa þær og styrkja til hagsbóta fyrir íbúana. Þetta sjónarhorn hefur verið gagnrýnt fyrir að vera of stjórnunarmiðað og tilhneigingin sé að líta fram hjá óskum íbúanna. Starf af þessu tagi fer t.d. fram hjá þjónustumiðstöðum. Þar má nefna sem dæmi Kvennasmiðju, Karlasmíðju, Grettistak og heilsueflandi heimsóknir. Með hverfavinnu er verið að styðja hópa til að öðlast hæfni og sjálftraust til að auka lífsgæði þeirra sem eru í hópnum. Áherslan er að auka sjálfshjálp með menntun. Aðallega er það launað starfsfólk er sinnir þessari vinnu. Hlutverk félagsráðgjafans er að þekkja aðstæður fólksins í hverfinu og hjálpa þeim að mynda hópa til að breyta aðstæðum til batnaðar sjálf. Félagsleg skipulagsvinna á margt sameiginlegt með hverfavinn/þróunarvinnu. Það sjónarhorn er talið vera það algengasta. Eftir greiningu á félagslegum aðstæðum eru lagðar fram áætlanir í samfélagsvinnu, sett markmið og þeim forgangsraðað. Þá eru ákvarðað um stefnuframkvæmd og áætlun um mat á þjónustunni.

Samfélagsleg menntun samkvæmt þessu sjónarhorni hefur verið lýst sem tilraun til að breyta menntastefnu yfirvalda til jafnræðis. Verið er að leitast við að styrkja tengsl á milli menntunar og samfélags. Markmið er að auka vitund foreldra og barna á þeim þáttum sem hvetja til jákvæðra samskipta fjölskyldunnar til hagsbóta fyrir alla. Popple (1995) fjallar um þrjár ólíkar gerðir. Í fyrsta lagi samstöðumódel (consensus) þar er lögð áhersla á framhaldsskóla og lýðháskóla. Í öðru lagi margræði (pluralistiskt) en þar er lögð áhersla á grunnskóla. Í þriðja lagi áttakajónarhorni þar sem lögð er áhersla á þátttöku verkafólks. Þetta sjónarhorn er aðallega undir áhrifum frá áttakakenningum. Þar er tilgátan sú að til að fólk geti tekið þátt verður það að vinna í eigin málum. Rætt er um menntun sem leið til frelsunar

Aðgerðavinna samkvæmt þessu sjónarhorni er styrking og hvatning íbúa sérlega við þá sem eru valdalausir. Sögulega séð þá er þetta sjónarhorn tengt baráttu hópa við yfirvöld oft út af einu málefni í senn. Áherslan er frekar á niðurstöðu en ferlið sem slíkt (Popple, 1995).

Femínísk aðgerðarvinna svipar til aðgerðarvinnu en markmiðið er alltaf að bæta lífsgæði kvenna með því að beita sameiningarkerfi gegn kröftum sem leitast við að viðhalda lakari stöðu kvenna í samfélaginu. Stofnun Stígamóta og femínistafélagið er dæmi sem getur vel fallið að þessu sjónarhorni. Sama má segja

um réttindabaráttu svartra gegn kynþáttahatri. Markmið með aðgerðarvinnunni er einnig þar að bæta lífgæði þeirra sem eru litaðir. Aðkoma yfirvalda að valdeflingu er að hafa áhrif á, auka skilning og koma á móts við íbúana (Kristensen, 2003). Allar þessar gerðir af samfélagsvinnu sýna hvernig félagsráðgjafinn getur komið að því að styðja íbúa við að efla sinn félagsauð.

Samfélagsvinna er fjölbreytt þar má nefna umönnun, skipulagningu, þróun, áætlun, kennslu þátttöku, allt frá því að vinna með einhverjum hópum t.d. öldruðum til að berjast fyrir einhverju. Sá sem vinnur í samfélagsvinnu getur haft áhrif á umhverfið (Banks, Butcher, Henderson og Robertson, 2003). Samfélagsvinna er byggð á og tengd vissum grundvallar hugmyndum.

Samfélag getur þróað með sér hæfileika til að kljást við vandamál (skipulagsheildir geta lært). Fólk vill breytingar og getur breytt. Margt mælir með því að einstaklingar eigi að taka þátt í að búa til og stjórna megin breytingum í nærsamfélaginu.

1. Breytingar í nærsamfélaginu sem koma frá íbúunum hafa meiningu og varanleika ólíkt breytingum sem eru settar á.
2. Með heildarsýn að leiðarljósi er hægara að fást við vandamál.
3. Lýðræði krefst samvinnu þátttakenda og einstaklingar verða að læra leikreglur lýðræðisins.
4. Oft þarf samfélagið aðstoð við skipulagningu rétt eins og einstaklingar þarfnast aðstoðar við sínar þarfir (Farley, Smith og Boyle, 1974).

Samfélagsvinna er þekkt aðferð í félagsráðgjöf og valdefling er stór þáttur í samfélagsvinnunni. Með valdeflingu í hópa og samfélagsvinnu nálgast félagsráðgjafar jaðarhópa, þar má nefna fátæka, útlendinga, útigangsfólk o.s.frv. (Turner, 1996). Í samfélagsvinnu fá þeir sem vinna við hana tækifæri til að hitta íbúa og kynna fyrir þeim valdeflingu.

Þegar félagsráðgjafar koma að samfélagsvinnu hefst undirbúningur sem felst í að virkja fólkið það er gert með því að

- a) Hafa samband við einstaklinga og greina þörfina.
- b) Leiða einstaklingana saman og aðstoða þá við að skilgreina þarfir sínar og vilja til að koma á móts við þær.

c) Aðstoða fólk til að skilja hvað þarf að gera svo hægt sé að koma á mótis við þarfirnar.

d) Aðstoð við skipulagningu, setja markmið og styðja við að finna leiðir (Adams, 2003).

Í Reykjavík vinna félagsráðgjafar að margvíslegri samfélagsvinnu. Ýmist eru verkefnið unnin miðlægt eða sem hverfastarf. Hér verður fjallað um nokkur verkefni sem félagsráðgjafar í þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts koma að með einhverjum hætti. Þar má nefna verkefnið nágrannavarsla, heilsueflandi heimsóknir, Grettistak, Kvennasmiða, Karlasmíða, uppeldisnámskeið fyrir foreldra, Lesið í skóginn og ungmennaráð.

1. Nágrannavarsla

Nágrannavörsluverkefnið var sett á fót í öllum hverfum borgarinnar 2006 og er unnið með hverfislögreglu í hverjum borgarhluta. Í Árbæ annast félagsráðgjafi og hverfislögreglumaður verkefnið. Íbúum við eina götu í hverfinu Mararás var boðið að vera með í verkefninu. Fyrst var boðið til kynningarfundar og verkefnið var kynnt. Markmiðið var að fræða íbúana um varnir gegn innbrotum. Íbúar beðnir að aðstoða hver annan t.d. þegar þeir eru í burtu þá leggur nágranninn t.d í innkeyrslunni hjá hinum, notar sorptunnuna hans o.s.frv. Mararás var merkt sérstaklega og var merki verkefnisins sett á ljósastaur við götuna og stendur á merkinu nágrannavarsla. Þá fengu allir íbúarnir límmiða sem stóð á nágrannavarsla til að setja í gluggana hjá sér. Þá fór félagsráðgjafinn og hverfalögreglan á vettvang eftir þrjá mánuði og spurðu hvernig gengi. Þá var haldinn fundur og rætt um hvernig gengi. (Óljóst er hvað verður um þetta verkefni vegna tíðra borgarstjórnarskipta)

2. Heilsueflandi heimsóknir

Markmiðið er að þetta verkefni verði unnið í öllum hverfum borgarinnar. Í Árbæ og Grafarholti sá félagsráðgjafi um verkefnið. Öllum íbúum í Árbæ og Grafarholti eldri en 80 ára, sem ekki þiggja neina þjónustu var boðið upp á heimsókn vorið 2007. Fyrst var þeim kynnt verkefnið bréflega nokkrum dögum síðar var hringt í þá og þeim boðið upp á heimsókn. Flestir þáðu heimsóknina og fór félagsráðgjafi heim og kynnti fyrir fólkinu þá þjónustu sem er í boði í hverfinu, heimaþjónusta, akstursþjónusta, baðþjónusta, hádegisverð á góðu verði og opið hús að Hraunbæ 105. Þá var það einnig hvatt til að nýta sér þá þjónustu sem er í boði. 2008 er

ákveðið að fylgja verkefninu eftir með að því að taka úrtak af þeim sem fengu heimsóknir 2007 og spyrja þá hvort og þá hvaða not þau höfðu af heimsókninni.

3. Uppeldisnámskeið

Þjónustumiðstöðin stefnir að því að hafa uppeldisnámskeið fyrir foreldra barna á leikskólaaldri í hverfinu. Fyrstu námskeiðin voru haldin vorið 2008. Tveir starfsmenn koma að verkefninu og annar þeirra er félagsráðgjafi. Markmiðið er að halda allt að fjögur námskeið á ári.

4. Kvennasmiðja

Kvennasmiðja er 18 mánaða endurhæfingarverkefni sem unnið er í Reykjavíkurborg í samvinnu við Tryggingastofnun Reykjavíkur. Verkefnið hófs 2001. Markmiðið með starfinu er að styðja einstæðar mæður sem hafa ekki verið lengi á vinnumarkaðnum. Með því að auka lífsgæði þeirra og styðja þær til sjálfshjálpar. Endurhæfingin er hagnýt, sjálfsstyrkjandi og skapandi. Hópurinn á það sameiginlegt að vera einstæðar mæður og hafa litla menntun og hafa verið á fjárhagsaðstoð um nokkurn tíma. Í lok verkefnisins er markmiðið að þær fari í vinnu eða í nám. Einn stýrihópur sem sér um verkefnið. Öll hverfin í borginni eiga einn fulltrúa í stýrihópnum og auk þess er einn fulltrúi frá Tryggingastofnun ríkisins. Reykjavíkurborg greiðir alla endurhæfinguna en Tryggingastofnun greiðir konunum endurhæfingarlífeyri. Félagsráðgjafar koma að starfsemiinni með því annast skipulagningu verkefnisins og með því að sitja í stýrihóps verkefnisins. Þá styðja þeir konurnar sem eru þátttakendur í Kvennasmiðjunni.

4. Karlasmiðja

Karlasmiðja er 18 mánaða endurhæfingarverkefni sem unnið er í Reykjavíkurborg í samvinnu við Tryggingastofnun ríkisins. Verkefnið hófst 2003. Verkefnið er fyrir karlmenn sem hafa ekki verið lengi úti á atvinnumarkaðnum og hafa þegið fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg. Markmiðið er að þeir verði færari um að komast út á vinnumarkaðinn á ný eða í áframhaldandi nám. Líkt og hjá Kvennasmiðjunni er einn stýrihópur sem sér um verkefnið. Reykjavíkurborg greiðir alla endurhæfinguna en Tryggingastofnun greiðir körlunum endurhæfingarlífeyri. Félagsráðgjafar koma að skipulagningu verkefnisins og eru einnig í beinum tengslum við þá karlmenn sem nýta sér úrræðið.

5. Grettistak

Grettistak er 18 mánaða endurhæfingarverkefni fyrir vímuefnasjúka. Verkefnið hófst 2001. Þátttakendur hafa verið lengi á fjárhagsaðstoð og eiga að baki brotna

atvinnusögu og endurteknar meðferðir. Grettistak er samstarfsverkefni Tryggingarstofnunar, Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Akureyrar og fleiri sveitarfélaga.

Félagsráðgjafar koma að Grettistaki, Karlasmiðju og Kvennasmiðju.

Hér koma félagsráðgjafar einnig að skipulagningu verkefnisins með því að sitja í stýrihóp og með beinum stuðningi við þátttakendur.

6. Ungmennaráð

Fyrir tilstilli Íþróttá og tólmstundaráðs Reykjavíkur voru sett á laggirnar ungmennaráð í öllum hverfum Reykjavíkur haustið 2001. Ungmennaráð eru starfandi í öllum hverfum Reykjavíkur.

Markmið er í fyrsta lagi að þeir sem eru yngri heldur en 18 ára geta fengið tækifæri til að taka þátt í lýðræði jafnvel þó þeir hafa ekki kosningarétt. Í öðru lagi að allir hafi eitthvað um sitt eigið líf að segja og beri ábyrgð á sjálfum sér. Í þriðja lagi að skapa vettvang og leiðir til þess að gera þeim sem eru yngri en 18 ára kleift að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Í fjórða lagi að veita þátttakendum fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum. Skipan í ungmennaráðin er að nemendaráð skóla hverfanna kjósa sér tvo fulltrúa til að starfa í ungmennaráði viðkomandi hverfis. Allir sem búa í hverfinu og eru á aldrinum 13 – 18 ára geta verið þátttakendur í ungmennaráðinu. Ungmennaráð hvers hverfis kys sér tvo fulltrúa í Reykjavíkurráð, sem heldur m.a. einn fund á hvorri önn með Borgarstjórn í Ráðhúsi Reykjavíkur. Málefni sem ungmennaráðin ræða eru: Hvernig ungmennin óska að hafa félagslífið /félagsmiðstöðina/ skólann. Alþjóðleg samskipti. Þá er rætt um grenndarsamfélagið og þær reglur sem þar gilda s.s. útivistarreglur, strætisvagnaleiðir innan hverfis, hjólabrettabrautir, lýsingar á gangbrautum o.s. frv. Félagsráðgjafi sem sinnir málefnum unglinga á þjónustumiðstöðinni er fulltrúi stöðvarinnar í ungmennaráði. Unglingarnir eru kosnir til eins árs í senn. Þau funda allan veturinn með fulltrúum frá ÍTR og Þjónustumiðstöðvunum. Starfsárinu lýkur með því að þau fara með tillögur í borgarstjórn Reykjavíkur (Reykjavíkurborg, 2008b).

7. Lesið í skóginn

Lesið í skóginn er verkefni sem er unnið í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. Um verkefnið sér verkefnastjóri sem er ekki félagsráðgjafi engu að síður þá fylgjast félagsráðgjafar vel með starfinu. Lesið í skóginn er

skólaþróunarverkefni sem hófst formlega 2001 með samstarfi aðila í Reykjavík og á landsbyggðinni 2003. Í Reykjavík mynduðu samstarfið Skógrækt ríkisins, Kennaraháskóli Íslands, Kennarasamband Íslands, Fræðsluskrifstofa og Umhverfissvið Reykjavíkurborgar og Skógræktarfélag Reykjavíkur. Fjölmargir skólar í borginni tóku þátt í þróunarstarfinu og eru nú 15 grunnskólar í borginni sem nýtt hafa sér stuðning samstarfsins og eflt útinám í grenndarskógum sínum. Markmið samstarfsins er að efla þverfaglega kennslu um skóg og skógarnytjar í grunnskólum borgarinnar, safna þeirri reynslu saman og miðla til annarra. Landsverkefnið var mótað á grundvelli þeirrar reynslu sem Reykjavíkurverkefnið hafði gefið og því stigin ný skref í þróunarvinnunni. Markmiðið var sem fyrr að efla þverfaglegt, samþætt útinám sem nær til allra námsgreina og aldursstiga grunnskólans. Rannsóknastofnun Kennaraháskóla Íslands gerði úttekt á verkefninu 2006 og staðfesti sú úttekt mikilvægi þverfaglegs samstarfs í þessu tilliti og að verkefni af þessum toga henta vel til að auka fjölbreytni í skólastarfi og styðja við mörg af grundvallarmarkmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Starfsmaður Þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts er verkefnisstjóri Lesið í skóginn fyrir hönd samstarfsaðila en Menntasvið og Skógrækt ríkisins standa sameiginlega að en hann sér um að skipuleggja kennslu fyrir starfsmenn skólanna og fylgja henni úr hlaði með handleiðslu og ráðgjöf. (Ólafur Oddson, munnleg heimild 14. apríl 2008).

5.7 Valdefling, frjáls félagasamtök og sjálfshjálparsamtök

Segja má að frjáls félagasamtök sé yfirhugtak sem nær yfir ólíkar gerðir félagasamtaka. Þessi félög eiga það sammerkt að þau eru ekki rekin í hagnaðarskyni og þau byggjast á frjálsri félagaaðild (Steinunn Hrafnadóttir, 2006a). Einkenni frjálsra félagasamtaka er að félagar þeirra, sjálfboðaliðarnir leggja fram vinnu sína og frítíma í þágu meðborgara sinna eða samfélagsins án þess að þiggja laun fyrir. Sjálfboðavinna og hlutverk sjálfboðaliða er skipulögð þjónusta við vandalaus einstaklinga eða afmörkuð samfélagsþjónusta sem rekin er af sjálfboðasamtökum eða annarri skipulagðri heild (Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997).

Sjálfboðaliðar eru einstaklingar sem leggja fram störf sín af fúsum og frjálsum vilja í þágu þjóðfélagsins eða í þágu meðborgaranna. Þetta starf er

einstaklingsbundið ólaunað framlag sem hefur ákveðið formlegt skipulag og er utan nánustu fjölskyldu. Sjálfboðaliðar eru ólíkir einstaklingar sem hafa mismunandi væntingar og þarfir. Það er algengt að fólk byrji á því að stunda sjálfboðaliðastörf vegna persónulegra ástæðna sem eru tengd þeirra eigin þörfum og einnig til að hjálpa öðrum. Þeir vilja láta eitthvað gott af sér leiða en jafnframt fá eitthvað í staðinn (Steinunn Hrafnisdóttir, 2006b).

Sjálfboðasamtök eru þannig skipuð að enginn einn á þau, og þau verða hvorki keypt eða seld (Garner, 1991). Mikil valdefling getur farið fram innan frjálsra félagasamtaka. Þau starfa á fjölbreyttum vettvangi. Fjöldi þessara félaga hefur farið vaxandi á undanförunum árum. Ástæður eru taldar í fyrsta lagi vantrú fólks á því að opinberi geirinn geti einn sins lið ráðið við öll þau vandamál sem upp koma. Í öðru lagi skortur á leiðum fyrir menntað millistéttarfolk til að tjá sig um ólík samfélagsmál. Í þriðja lagi áhrif frá tækni og upplýsingabyltingu. Í fjórða lagi þá hafa Sameinuðu þjóðirnar og Evrópusambandið hvatt til aukinnar samvinnu stjórnvalda við frjáls félagasamtök með því að benda á mikilvægi þess að þau komi að áætlunargerð, stefnumótun og framkvæmd velferðarmála (Steinunn Hrafnisdóttir, 2006a). Frjáls félagasamtök berjast fyrir margvíslegum málefnum. Þar eru samtök eins og Greenpeace, Amnesty International, félög er berjast fyrir minnihlutahópa, gegn fátækt o.s.frv. (Hudson, 1995). Félögin skipuleggja starfsemi sína og reyna að hafa áhrif á yfirvöld. Mörg þessara félaga hafa öðlast virðingu í samfélaginu t.d Rauði krossinn, og Amnesty International. Það er viss hættu hjá sjálfboðasamtökum að í mörgum félögum eru engin tengsl á milli notanda/ þjónustuþega og félags, sem leiðir af sér þá hættu að félagið gefi þörfum notandans/þjónustuþegans ekki nægan gaum (Hudson,1995).

Eins og sést hér að framan þá eru störf frjálsra félagasamtaka víðtæk. Margir hafa bent á nauðsyn þess að skilgreina vettvanginn og leitast við að finna sameiginlega skilgreiningu þannig að samanburður verði auðveldari. Það er gert með því að fjalla um hlutverk, einkenni og skipulagningu félagasamtakanna. Mörg ólík orð eru notuð um frjáls félagasamtök. Þar má nefna t.d. sjálfboðaliðasamtök, líknarfélög, góðgerðarfélag, hugsjónarsamtök og þriðji geirinn. Þá er átt við að fyrsti geirinn sé hið opinbera og annar geirinn sé viðskiptalífið. Þeir sem hafa gagnrýnt þessi hugtök segja að hugtakið vísi til þess að eingöngu sé um að ræða samtök sjálfboðaliða sem eru að störfum en svo er ekki. Engu að síður er hugtakinu ætlað að lýsa hugsuninni á bak við samtökin (Steinunn Hrafnisdóttir,

2006a). Það er ekki óalgengt að félagsráðgjafar starfi hjá frjálsum félagasamtökum. Þar hafa þeir t.d. umsjón með störfum sjálfboðaliða.

Valdefling er einnig þekkt innan sjálfhjálparsamtaka og grasrótarsamtaka. Einkenni samtaka sem hafa valdeflingu að leiðarljósi eru nokkur.

1. Jafnræði er á milli allra meðlima.
2. Allir taka sjálfstæðar ákvarðanir.
3. Hópurinn ber ábyrgð á eigin gjörðum.
4. Fólk gengur í samtökin vegna eigin vanda.
5. Trúnaður ríkir innan hópsins
6. Ekkert þátttökugjald (Adams, 2003).

Þekktasti sjálfshjálparhópurinn hér á landi er líklegast AA samtökin sem vinna samkvæmt ákveðnu 12 þrepa kerfi.

5.8 Valdefling og hindranir

Hugtakið valdefling hefur verið gagnrýnt fyrir að vera of einstaklingsmiðað og því hafi gleymst hve líf fólks er fjölbreytt (Sprague og Hayes, 2000).

Adams (2003) segir að það séu þrjár ástæður fyrir því að félagsráðgjafar séu ekki tilbúnir til valdeflingar. Í fyrsta lagi er það ólík og óviss afstaða þeirra til valds. Ekki er allt starfsfólk reiðubúið að afsala sér valdi. Í öðru lagi eru félagsráðgjafar ekki alltaf í aðstöðu til að valdefla, því þeir eru svo rígbundnir af lögum og reglum. Í þriðja lagi eru hugmyndir um vald oft of stofnanamiðaðar og ekki í tengslum við þá valdalausú. Vegna alls þessa upplifir félagsráðgjafinn sig sem valdalausán (Adams, 2003).

Neville (2004) kom með aðvörunarorð til félagsráðgjafa um valdeflingu, hann segir að það þýði lítið að tala um talsmenn og valdeflingu ef félagsráðgjöf snýst um að hafa völd yfir einhverjum. Það þykir góður hæfileiki að hafa þá hæfni að geta valdeflt fólk. Það þykir löstur ef félagsráðgjafar sem eru með umboð eða völd nýti sér það ekki til að valdeflingar. Þetta sést á því að þeir segja ekki eitthvað þegar þegar þeim finnst það eiga við, þeir þegja þegar hlutirnir ganga illa og þeir fylgja ekki eftir sínum eigin góðu hugmyndum. Talið er að það sé nauðsynlegt að yfirmenn hafi hæfni til að valdefla undirmenn sína. Þó verður einnig að hafa í huga að það taka ekki allir valdeflingu heilshugar. Deilt hefur verið á

félagsráðgjöf að hún fáist um of að breyta einstaklingunum í stað þess að breyta þjóðfélaginu (Payne, 1997).

Algengar hindranir fyrir þátttöku notenda í félagslegri þjónustu geta samkvæmt skýrslu um hlutdeild notenda í einstaklingsmiðaðri félagslegri þjónustu (2004) verið margs konar. Í fyrsta lagi pólitískar eða lagalegar. Þá er um að ræða að annaðhvort eru engin lagaákvæði til eða þau eru ófullnægjandi. Í öðru lagi stjórnsýslulegar hindranir. Einnig getur verið um skort á þekkingu á aðferðum við notendabátttöku. Þessi þekkingarskortur getur staðið í vegi fyrir eða tafið þróun. Í þriðja lagi faglegar fyrirstöður. Þar hefur verið nefnd föðurleg tilhneiging meðal fagaðila þar sem viðhorfið er „við vitum betur“ Þá er einnig nefnt óöryggi meðal félagsráðgjafa að þeir séu ekki tilbúnir til að sýna notendum opið viðmót. Þá getur starfsfólk litið á þetta sem viðbót í starfi sem krefst aukins tíma og orku. Þá má ekki gleyma því að þátttaka notenda er lítills virði ef nauðsynleg þjónusta er ekki í boði. Þrátt fyrir góðan vilja margra þá gengur valdefling hægt. Mörg ljón eru á veginum.

Helstu hindranir valdeflingar eru:

Almenn þátttaka tekur of langan tíma, hætta er á að hún hægi á ferlinu.

Yfirvöld vilja ekki auka væntingar fólks.

Almenningur vill ekki vera þátttakandi.

Það er hægt að nota þekktar lýðræðislegar leiðir

Yfirvöld vilja ekki auka byrði íbúanna eða trufla þá.

Það er ekki hægt að nálgast alla.

Þetta er kostnaðarsamt.

Við skulum fresta þessu og gera þetta næst.

Við gerum þetta nú þegar (Neville, 2004).

Þegar þessi listi er skoðaður þá má strax sjá að hann er keimlíkur listum um hindranir íbúalýðræðis. Það er ekki auðvelt að mæla hugtök í félagsráðgjöf eins og valdeflingu, samhygð og fleira. Heppilegasta leiðin er þríhliðun en sú aðferð felst í því að notandinn er spurður, félagsráðgjafinn er spurður og síðan einhver þriðji aðili. Þannig fæst betri mynd af því sem verið er að skoða (Neville, 2004). Valdefling er leið fyrir félagsráðgjafa til að styðja skjólstaðinga sína til sjálfshjálpar. Þannig að þeim geti liðið betur og notið sín í samfélaginu.

6 Aðferðarfræði

6.1 Eigindleg rannsóknaraðferð

Í þessum kafla er fjallað um markmið, framkvæmd og aðferðarfræði rannsóknarinnar.

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að kanna viðhorf íbúa í tveimur hverfum Reykjavíkur og kanna afstöðu þeirra til hverfisins, hverfisráðs, íbúalýðræðis og félagsauðs. Þá er skoðað hvort félagsráðgjöf tengist félagsauði og íbúalýðræði.

Rannsókn þessi fellur að þeirri hefð er kallast eigindleg rannsóknaraðferð. Eigindleg rannsóknaraðferð er í raun yfirheiti yfir margar rannsóknaraðferðir. Sameiginlegt með þessum aðferðum er að gögnum er safnað í samhengi en ekki í tómarúmi. Undir þessa rannsóknarhefð telst einnig að rannsakandinn er í tengslum við viðfangsefnið og getur því lýst umhverfi viðmælanda sinna. Ein aðferðin er opin viðtöl en þar er leitast eftir að ræða við viðmælendur á þeim stöðum þar sem þeir eru á heimavelli þ.e. inni á heimilum eða vinnustöðum þeirra. Spurningarnar eru lagaðar að efninu til að dýpka skilning á viðfangsefninu. Algengustu aðferðir innan eigindlega rannsóknaraðferða er þátttökuaðferð og viðtöl. Í þessari rannsókn eru notuð viðtöl (Bogdan og Biklen, 2003).

Til að dýpka og þróa skilning rannsakanda á efninu er notuð aðleiðsla sem felur í sér að í fyrstu er safnað gögnum þá er unnið úr þeim og í lokin ætti ef til vill að koma kenning (Creswell, 1998).

Þegar gerð er rannsókn er mikilvægt að vel sé staðið að öllum undirbúningi allt frá byrjun eða fyrstu samskiptum við viðmælendur. Hvernig rannsakandinn nálgast viðmælendur segir mikið um hvernig til tekst svo sem hvernig er fyrsta samband við viðmælendur er, hvernig rannsóknin er kynnt og hvernig rannsakandi kynnir sig.

Að nota viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð byggist á því að viðtalsaðferð er talin öflug leið til að svara þeim rannsóknarspurningum sem settar eru fram (Helga Jónsdóttir, 2003).

Fyrst er að fá hugmynd að rannsókn, þá að velja rannsóknaraðferð og síðan að ákveða að framkvæma rannsókn. Þá þarf að huga vel að undirbúningi og gera rannsóknaráætlun. Í kjölfarið er framkvæmd gagnasöfnun, þá tekur við úrvinnsla gagna og síðan eru gögnin greind. Margar ástæður geta legið að baki þess að valin er eigindleg rannsóknaraðferð. T.d. að við vitum ekki fyrirfram hvað við gætum hugsanlega fundið. Gildismat er misjafnt og ólíkt (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Með eigindlegri aðferð er ekki verið að draga saman harðar tölfræðilegar staðreyndir sem hægt er að varpa yfir á stærri heild heldur að öðlast dýpri skilning á skoðunum þessara tilteknu aðila. Viðfangsefni þessarar rannsóknar fellur vel að eigindlegum rannsóknaraðferðum því með þeirri aðferð er hægt að ná fram auknum skilningi viðmælanda á skynjun, gildismati og væntingum til umhverfis síns. Þessi aðferð hentar þegar verið er að skoða ákveðna hópa. Aðferðin er oft notuð þegar þarf að bera saman tvo hópa.

Markmið með rannsóknum í félagsráðgjöf eru þrjúþættar í þeim felst könnun, lýsing og útskýring. Í fyrsta lagi eru könnunarrannsóknir verðmætar í félagsvísindum og þær eru undirstaða grundaðrar kenningar. Þar geta menn kannað ný svið. Í öðru lagi þá er markmið með mörgum rannsóknum í félagsvísindum að lýsa aðstæðum og atvikum. Rannsakandinn athugar og lýsir síðan því sem hann hefur séð. Vísindalegar rannsóknir eru nákvæmari heldur en athuganir. Í þriðja lagi þá eru útskýringar á atferlum mikilvægar. Af hverju eru sumar konur beittar ofbeldi? Það er ekki nóg að kanna hversu margar verða fyrir ofbeldi og hversu oft það gerist. Heldur þarf að koma útskýring af hverju gerist þetta? (Rubin og Babbie, 1997). Þessi rannsókn sker sig ekki frá þeirri hefð hvað þessi atriði varðar. Eitt það fyrsta sem þarf að ákveða þegar ákveðið hefur verið að hefja rannsókn er við hverja á að tala og hvernig á að velja þá? Snjóboltaúrtak er úrtak þar sem valdir eru í byrjun einn til tveir viðmælendur. Þá er bætt við viðmælendum t.d. að þeir sem fyrst var talað við benda síðan á aðra, sem benda jafnvel á enn aðra. Hópurinn veltir utan á sig einstaklingum líkt og snjóbolti. Þessi aðferð þykir góð þegar verið er að kanna hegðun og viðkvæm málefni (Rubin og Babbie 1997; Þorlákur Karlsson og Þórólfur Þórlindsson, 2003).

Fræðilegt úrtak vísar til hugtaka sem koma í ljós í rannsókninni. Markmið er að fara að hitta fólk, fara á vettvang því það eykur tækifæri til að greina mun á hugtökum og fjölda flokka, skoða eiginleika og víddir. Í byrjun rannsóknar er ekki fast ákveðið við hverja eigi að ræða heldur þróast það smám saman eftir því hvað líður á rannsóknina. Fræðilegt úrtak byggir þannig á gagnasöfnun sem kemur frá þróunarkenningum og byggir á samiburði á hugtökum. Þetta byggist á því hvað birtist í greiningunni og tengist tilgátunni. Markmiðið með fræðilegu úrtaki er að auka tækifæri til að bera saman atvik og atburði og ákvarða hvernig eigi að flokka þá. Vegna þessa er mikilvægt að greina viðtölin jafnóðum. Frá þessu sjónarhorni er verið að skoða hvernig hugtök geta verið breytileg. Rannsakandinn verður að vera sér vel meðvitaður um hugtökin þannig að hann viti hvar hann eigi að leita. Þarna er ekki verið að útbúa gögnin, því þegar þeim er safnað á þennan hátt þá ákvarða þau greininguna. Fræðilegt úrtak er heppilegt þegar verið er að kanna nýjan vettvang því er hægt að beina sjónum á ákveðna þætti. Þátttakendurnir eru valdir af því að þeir eru taldir búa yfir vissri þekkingu. Hér fer stærð úrtaksins eftir þeim gögnum sem aflað er í rannsókninni. Þegar sömu upplýsingarnar koma í ljós aftur og aftur og engar nýjar bætast við þá er komin mettun og ekki talin þörf á frekari upplýsingum (Rubin og Babbie 1997; Strauss og Corbin, 1998). Í þessari rannsókn er notað fræðilegt úrtak og snjóboltaúrtak.

6.2 Viðtöl

Ein aðferð til að safna gögnum eru viðtöl en með þeim er rannsóknargagna aflað með beinum orðaskiptum viðmælanda og rannsakanda. Viðtöl eru félagsleg athöfn þar sem samskipti viðmælanda sem rannsakanda endurspeglar samspil skoðana, hegðunar og tilfinninga. Viðtöl eru heppileg aðferð þegar verið er annars vegar að spyrja fólk um reynslu sína á persónulegum þáttum eins og líðan t.d. einmanaleika. Og hins vegar þegar verið er að skoða skynjun, gildismat og væntingar (Helga Jónsdóttir, 2003). Viðtölum má skipta í stöðluð og óstöðluð viðtöl. Með stöðluðum viðtölum aflar rannsakandi gagna samkvæmt fyrirfram gefnu kerfi. Þannig viðtöl tilheyra aðallega meginlegri aðferðarfræði. Rannsakandinn stjórnar viðtalinu og reynir að tryggja að öll viðtöl sömu rannsóknar séu framkvæmd með sem líkustum hætti. Fyrirfram eru gerðar spurningar og venjulega með fyrirfram gefnum svarmöguleikum. Þannig

takmarkast geta viðmælenda við að útskýra svar sitt. Þannig spurningar kallast lokaðar spurningar. Opin viðtöl eru þannig að viðmælenda eru gefnar frjálsar hendur um að svara eftir eigin höfði. Með opnum spurningum er hægt að ná meiri dýpt í reynslu viðmælenda heldur en með lokuðum spurningum.

Viðtöl sem eru óstöðluð hafa það markmið að lýsa og veita skilning á fyrirbærum í lífi fólks. Með þeim er hægt að kalla fram lýsingar á sammannlegum reynsluheimi (Helga Jónsdóttir, 2003, Kvale 1996). Opin viðtöl felast í samræðum þar sem umræðuefnið er ákveðið af rannsakandanum sem ræðir við viðmælendann á jafnræðisgrundvelli. Líkt og stöðluðu viðtölin þá er umræðuefnið ákveðið fyrirfram en ekki innihald samræðnanna. Rætt er um atburði, skoðanir, vonir, væntingar og annað sem skiptir þátttakendum máli. Viðtölin eru ekki eins þau eru breytileg frá einum viðmælenda til annars og innihald viðtalanna er einnig ólíkt. Í viðtölum er virðing fyrir viðmælenda og virk hlustun mikilvæg og nauðsynleg. Helga Jónsdóttir (2003) segir að það megi skilgreina virka hlustun sem þá færni að skilja bæði tilfinningar viðmælenda og það sem hann tjáir ásamt því að endurvarpa til viðmælenda með eigin orðum hvað spyrjandi telur hann eiga við og tilfinningar hans sem eru tengdar viðfangsefninu. Þannig aðstoðar hann viðmælenda við að tjá sig skýrar. Þegar notuð eru óstöðluð viðtöl þá er viðtalsrammi en hann rígbindur hvorki spyrjanda né viðmælenda. Þá er alltaf til staðar viss rammi sem heldur utan um umræðuefnið. Hversu nákvæmur hann er eða hversu vel honum er fylgt er ákvörðunatriði sem tengist t.d. rannsóknarspurningunni. Mikil festa í viðtalsramma getur hindrað að viðmælendi tjái sig frjálst. Það er grundvallaratriði í óstöðluðum viðtölum að þau séu opin og rannsakandi sé eins lítið stjórnandi og hægt er. Eftir viðtal er mikilvægt að rannsakandi fari yfir það. Með viðtölunum er markmiðið að öðlast víðtækan skilning og heildstæða mynd á skoðunum fólks og aðstæðum.

6.3 Grunduð kenning

Grunduð kenning er ein af fimm þekktustu aðferðum innan eigindlegra rannsóknaraðferða.

Það sem er sameiginlegt með öllum þessum aðferðum er að gögnum er safnað í samhengi en ekki í tómarúmi. Þá er einnig sameiginlegt með öllum þessum aðferðum að krafist er mikillar nákvæmni, rannsakendur leitast við að leggja til

hliðar eigin skoðanir, viðhorf og trú. Rannsakendur leitast við að skilja þá merkingu sem fólk leggur í líf sitt og aðstæður sínar. Þeir leggja sig fram að mynda tengsl við þátttakendur og umhverfi (Bogdan og Biklen, 2003).

Grunduð kennig er ákveðin greining gagna sem beinist að því að útskýra og þróa hugtak út frá raunverulegum vísbendingum sem finnast í gögnunum. Grunduð kenning byggir á aðleiðslu og þróast. Markmið grundaðrar kenningar er að þróa eða uppgötva kenningar eða sérstakan greiningarramma fyrir tiltekið fyrirbæri sem kemur fram við ákveðnar aðstæður. Viðtölin eru greind með aðferð er kallast opin kóðun. Aðferðin felst í því að við upphaf yfirferðar gagnanna er nauðsynlegt að kafa ofan í viðtölin. Textinn er opnaður og brotinn upp í hluta og textinn er síðan skoðaður nákvæmlega og borið saman hvað er líkt og hvað er ólíkt. Leitast er við að sýna hugsanirnar sem liggja að baki orðunum og hugtök eru smám saman þróuð. Með opinni kóðun eru síðan skrifuð niður þemu og hugtök sem koma fram í gögnunum. Greiningin felur þannig í sér samskipti á milli gagnanna og rannsakandans (Strauss og Corbin, 1998). Til að dýpka og þróa skilning rannsakanda á efninu er notuð aðleiðsla og sífelldur samanburður á því sem kemur í ljós og auk þess getur komið meira efni sem getur dýpkað skilning enn frekar (Rubin og Babbie 1997; Strauss og Corbin, 1998).

6.4 Val á þátttakendum og aðgengi og áætlun um framkvæmd

Undirbúningur þessarar rannsóknar hófst í september 2005. Fljólega í ferlinu var ákveðið að nota grundaða kenningu, fræðilegt úrtak og snjóboltaúrtak. Ástæðan fyrir því að nota þessa aðferð er sú að markmið grundaðrar kenningar er að þróa eða uppgötva kenningar eða sérstakan greiningarramma fyrir tiltekið fyrirbæri sem kemur fram við ákveðnar aðstæður. Í grundaðri kenningu er ákveðin greining gagna sem beinist að því að útskýra og þróa hugtak út frá raunverulegum vísbendingum sem finnast í gögnunum. Með þessari nálgun leitast rannsakendur við að skilja þá merkingu sem fólk leggur í líf sitt og aðstæður sínar. Og það var það sem rannsóknin átti að fjalla um. Þá var ákveðið að nota fræðilegt úrtak því það hentar vel að nota það með grundaðri kenningu.

Þá var hafist handa að ákveða hvaða þátttakendur væri æskilegt að reyna að fá viðtal við. Síðan var haft samband við þá símleiðis í byrjun október 2005. Síðasta

viðtalið var tekið í ágúst 2007. Allir viðmælendur tóku því vel að vera þátttakendur.

Við framkvæmd rannsóknarinnar voru tekin viðtöl við 10 einstaklinga innan og utan þjónustusvæðis Þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts. Viðtölin voru frá 45 til 60 mínútna löng. Sameiginlegt með öllum viðmælendum rannsóknarinnar er að þeir starfa á eða búa á svæði Þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts. Í rannsókninni er fjallað um svæðið eins og þetta séu tvö hverfi Árbær og Grafarholt. Í raun mætti skipta Árbæjarhverfinu upp í fjögur hverfi þ.e. Árbæ, Selás, Norðlingaholt og Kvíslar.

Þeir einstaklingar sem taka þátt í rannsókninni voru valdir með fræðilegu úrtaki og með snjóboltaúrtaki, markmiðið var að ná til breiðs hóp. Viðmælendur eru fulltrúar frá kirkju, grunnskóla, Íþrótt og tómstundaráði Reykjavíkur, almennum íbúum, hverfisráði, borgarstjórn og frjálsum félagasamtökum. Fyrstu tveir viðmælendurnir voru fulltrúar frá skóla og frístundamiðstöð. Í þessum viðtölum fengust ábendingar og hugmyndir um íbúa sem höfðu áhuga á hverfastarfi. Þá fengust einnig hugmyndir að viðmælendum hjá samstarfsaðilum rannsakanda á Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts.

Rannsakandi hringdi í viðmælendur og bað þá að taka þátt. Þeim var sagt lítillega frá rannsókninni og lýsti rannsakandi yfir áhuga að heyra frá viðmælenda skoðanir hans varðandi uppbyggingu og þjónustu í hverfinu. Síðan var tilgreind ástæða þess að viðmælendi var beðinn um að vera þátttakandi. T.d. að hann hefði búið svo lengi í hverfinu og hvort hann vildi segja frá því að hann tengdist starfi með unglíngum og hvort hann vildi segja frá því, að hann væri í foreldrastarfi og hvort hann vildi segja frá því o.s.frv. Samhliða var greint frá því hver hefði vísað á og stungið upp á honum/ henni sem viðmælenda. Næst var leitað að hentugum tíma og stað fyrir viðtölin lengst liðu 10 dagar frá því að það var hringt í viðkomandi og hann kom í viðtalið en oftast fóru viðtölin fram innan fimm daga. Flestir völdu að ræða saman á vinnustöðum eða heimilum sínum. Tveir á heimilium sínum og fimm á vinnustöðum. Þrír aðilar óskuðu eftir að rannsakandi útvegaði aðstöðu. Þau viðtöl fóru fram í húsnæði Þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts að Bæjarhálsi 1. Samstarfsaðili þekkti til tveggja viðmælenda og spurði þá hvort þeir vildu taka þátt en rannsakandi hringdi síðan í þá eins og alla hina. Gagnasöfnun fór þannig fram að viðtölin voru hljóðrituð og síðan voru þau afrituð orðrétt.

Athugasemdir rannsakanda voru skráðar samhliða afritun viðtalanna og auk nákvæmrar lýsingar á þeim stöðum þar sem viðtölin fóru fram. Hvert viðtal var um 30 blaðsíðna langt. Þannig að allt efnið með viðtölunum er um 300 blaðsíður. Viðmælendur voru 4 karlar og 6 konur. Allar konurnar búa í hverfunum en karlarnir ekki þó hafa tveir þeirra búið þar og alist þar upp. Karlarnir starfa allir í hverfinu eða í nánnum tengslum við það. Sameiginlegt á hópurnum að tengjast hverfinu á einn eða annan hátt. Viðmælendur voru á aldrinum 35 ára til 74 ára. Þeim var heitið trúnaði og þau eru falin á bakvið gervinöfn.

Signý Jónasdóttir ellilífeyrisþegi, 69 ára. Hún hefur búið í hverfinu í yfir 30 ár.

Guðríður Guðmundsdóttir 42 ára. Hún býr í Grafarholti og býr og starfar í hverfinu.

Bára Jónsdóttir 45 ára og býr í hverfinu en starfar utan þess. Hún hefur verið virk í foreldrastarfi í skóla barnanna sinna.

Guðrún Árnadóttir ellilífeyrisþegi 74 ára. Hún hefur búið í hverfinu í yfir 30 ár.

Signý Guðmannsdóttir, 38 ára starfar og býr í hverfinu.

Jón Örn Jónsson 50 ára, starfar í hverfinu, er alinn þar upp en býr utan hverfis.

Ingi Jón Sigmundsson 51 árs, starfar í hverfinu en býr utan hverfis.

Sigurður Magnússon 39 ára, starfar í hverfinu og býr utan hverfis.

Sigurþór Guðmundsson er 36 ára. Hann býr ekki í hverfinu en ólst þar upp.

Eva Albertsdóttir 35 ára íbúi í Grafarholti. Eva starfar utan hverfis.

Í viðtölunum var stuðst við viðtalsvísi. Ekki var þó farið nákvæmlega eftir honum heldur var hann hafður sem viðmið. Spurninganna var ekki spurt í ákveðinni röð og stundum var einhverri þeirra sleppt. Þó var spurningunni um núverandi búsetu aldrei sleppt (Sjá fylgiskjal 1). Í byrjun hvers viðtals skapaði rannsakandi að traust með því að ræða um almenn atriði við viðmælendur eins og um veðrið og umferðina. Sú leið reyndist heppileg og gengu öll viðtölin hnökralaust fyrir sig. Þá spurði rannsakandi í lokin ef til þess kæmi, hvort hann mætti hafa samband aftur og allir viðmælendurnir tóku því vel.

Til að fá betri innsýn og meiri skilning á aðstæðum viðmælenda rannsóknarinnar ákvað rannsakandinn að kynna sér hverfið. Rannsakandi fór á opna fundi fyrir íbúa hverfisins og fór á helstu staði þar sem má ætla að íbúar komi saman t.d hverfahátíð, fór í messu í kirkju, fór í félags- og þjónustumiðstöðina Hraunbæ 105,

fór í heimsókn á bókasafnið og aðra þá staði sem ætla má að íbúar komi saman eins og í verslanir í hverfinu. Las Árbæjarblaðið, gekk um Elliðarárdalinn, kringum Rauðavatn og fór upp í Heiðmörk. Þá hafði rannsakandi starfs síns vegna heimsótt alla grunnskóla og flesta leikskóla hverfisins.

Íbúar í Árbæjar og Grafarholti voru þann 1. desember 2007 alls 15.140 manns. Og skiptust eftir aldri og hverfum á eftirfarandi hátt Sjá mynd 6.1:

| Grafarholt | | Árbær | | Árb&Graf | |
|-----------------|--------|-----------------|--------|-----------------|--------|
| mars 2008 | | mars 2008 | | mars 2008 | |
| Aldur | Fjöldi | Aldur | Fjöldi | Aldur | Fjöldi |
| 0 - 5 ára | 705 | 0 - 5 ára | 836 | 0 - 5 ára | 1.541 |
| 6 - 12 ára | 557 | 6 - 12 ára | 949 | 6 - 12 ára | 1.506 |
| 13 - 16 ára | 196 | 13 - 16 ára | 611 | 13 - 16 ára | 807 |
| 17 - 24 ára | 455 | 17 - 24 ára | 1.181 | 17 - 24 ára | 1.636 |
| 25 - 34 ára | 1.020 | 25 - 34 ára | 1.461 | 25 - 34 ára | 2.481 |
| 35 - 66 ára | 1.931 | 35 - 66 ára | 3.851 | 35 - 66 ára | 5.782 |
| 67 ára og eldri | 321 | 67 ára og eldri | 661 | 67 ára og eldri | 982 |
| Samtals: | 5.185 | Samtals: | 9.550 | Samtals: | 14.735 |

Mynd 6.1: Íbúafjöldi í Grafarholti og Árbæ 1. desember 2007 Myndin er fengin frá Velferðarsviði Reykjavíkur

Leikskólar eru 11 í hverfinu sjö í Árbæjarhverfi og fjórir í Grafarholtinu. Grunnskólar eru alls sex. Tveir í Grafarholti og fjórir í Árbæjarhverfi. Þá eru starfandi 34 dagmæður í Árbæ og 9 í Grafarholti. Þessi tvö hverfi eiga það sameiginlegt að vera bæði í útjaðri borgarinnar. Þessi hverfi eru ólík að því leyti að annað hverfið Árbæjarhverfi er rótgróið þar sem öll almenn þjónusta er til staðar og hins vegar Grafarholtshverfi sem er eitt yngsta hverfi borgarinnar og er ekki enn fullbyggt. Miklar umferðaræðar renna eins og beljandi stjórnfljót á milli hverfanna og svo stór golfvöllur sem mætti líkja við stöðuvatn þar sem enginn kemst yfir nema fuglinn fljúgandi. Göngubrýr og undirgöng fyrir gangandi vegfarendur eru ekki á leiðinni milli Grafarholts og Árbæjar. Á tímabili var engin strætisvagnaleið en úr því var bætt. Íbúar ræddu um að samgöngur á milli Árbæjar og Grafarholts væru erfiðar sérstaklega fyrir gangandi vegfarendur. Þegar þjónustumiðstöð Árbæjar var opnuð 1. júní 2005 þá taldi starfsfólk sig vera að fara að sinna einu hverfi en fljótlega varð starfsfólk vart við að svo var ekki heldur var þjónustumiðstöðin ekki að sinna einu hverfi heldur tveimur. Það kom strax fram óánægja íbúa Grafarholts með að nafn þess hverfis var ekki í nafni

þjónustumiðstöðvarinnar. Starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar kom með ábendingu þess efnis til borgaryfirvalda og var nafni þjónustumiðstöðvarinnar þá breytt í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. Þegar hverfisráðin voru stofnuð átti hverfisráð Árbæjar að sinna Grafarholtinu, síðar var því skipt upp í tvö hverfisráð, hverfisráð Árbæjar og hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Úlfarsárdalur er yngsta hverfi borgarinnar það er austur af Grafarholtinu og er stutt síðan að það hverfi fór að byggjast. Sjá mynd 6. 2:



Mynd 6.2: Árbær og Grafarholt. Myndin fengin úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar.

6.5 Greining gagna

Gögnin voru greind með opinni kóðun sem fólst í því að þau voru marglesin. Við þá yfirferð komu fram nokkur þemu sem var síðan skipt í meginþemu og

undirþemu. Þemu voru síðan flokkuð og raðað á sérstakt blað. Þetta var gert með því að allt efnið var flokkað, því raðað og tengt komandi þemu. Þá voru gögnin aftur lesin og þá út frá hverju þema fyrir sig. Notast var við liti til að greina þemun og þau atriði sem féllu undir þau. Dæmi um þetta má nefna að allt sem tengdist kirkjunni var litað grænt. Síðan var lesið yfir gögnin og allt það sem var litað grænt var skrifað niður á sérstakt blað. Þá sást auðveldlega hversu oft viðkomandi efni hafði komið fram og var hægara að sjá hvað viðmælendurnir höfðu sagt undir tilteknu þema. Þar sem viðtölin voru tekin á löngum tíma og greind jafnóðum þá gafst tækifæri þegar eitthvað var óljóst að spyrja næsta viðmælenda út í það atriði. Þá var hægt að beyta eiginleikum fræðilegs úrtaks með því að velja nýjan viðmælenda sem talinn var hafa vitneskju um það efni sem rannskanda fannst skorta meiri vitneskju um. Dæmi um þetta var um sögu Framfarafélags Árbæjar og Seláshverfis. Síðan var efnið allt lesið aftur. Þetta var gert við öll þemun. Allt sem tengdist íþróttum var litað rautt, skólunum blátt o.s.frv.

Helstu þemu í rannsókninni voru:

- Góð og aðgengileg þjónusta.
- Heilsugæsla.
- Skólar.
- Íþróttir.
- Útivist.
- Kirkjan.
- Boðleiðir.
- Hvað ræður því hvernig fólk velur sér hverfi?
- Hverfið mitt mér þykir vænt um það.
- Hverfasamstarf og borgaryfirvöld.
- Hvað þarf að vera í hverfi svo það geti kallast hverfi?

Hugsanleg vandamál rannsóknarinnar er að rannsakandi sé of tengdur viðfangsefninu sem starfandi deildarstjóri á Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. Hann sé því of nálægt vettvangi þannig að fólk sé ekki tilbúið að vera alveg opið og heiðarlegt.

Einnig að rannsakandi sé með fyrirfram of fastmótaðar skoðanir á því hvernig best sé að efla félagsauð og þátttöku. Þá er spurning hvort það geti skapað vandamál hjá rannsakanda ef niðurstöður eru mjög neikvæðar t.d. að viðmælendur hafi enga eða litla löngun í samstarf við þjónustumiðstöðina. Nauðsynlegt er fyrir rannsakanda að vera sér meðvitaður um að þessi hætta er til staðar og virða hana. Þá verður að hafa hugfast að rætt er aðeins við tíu manneskjur þannig að rannsóknin hefur ekki í sér alhæfingargildi. Þá er mikilvægt að rannsakandi sé sér meðvitaður um að virða niðurstöður rannsóknarinnar hvernig sem þær koma til með að verða.

7 Niðurstöður

Í þessum kafla verður fjallað um niðurstöður í rannsókninni. Eins og áður hefur komið fram þá fjallar rannsóknin um viðhorf tíu einstaklinga sem búa eða starfa í Árbæjar- og Grafarholtshverfum í Reykjavík. Viðmælendur voru spurðir um viðhorf sitt til þessara íbúahverfa og hvað þeim þykir verða að vera til staðar svo að hverfi standi undir nafni.

Í viðtölum við viðmælendur í þessari rannsókn kom í ljós að hverfið sem þeir búa í skiptir þá máli og þeir hafa skoðanir á því. Hverfi borgarinnar eru ólík og hafa ólíkt orð á sér. Kona ein úr Kópavogi sagði þegar hún heyrði af því að það ætti að fara að ræða við Árbæinga. „Maður veit nú hvað kemur úr því, þar er allt appelsínugult meira segja börnin eru með appelsínugul snuð”. Þar vísaði hún til litar íþróttafélagsins Fylkis en hann er appelsínugulur.

Væntingar um þjónustu eru ofarlega í huga þeirra þá voru þeir einnig ánægðir með stærð þess. Það tengist aldri og aðstæðum fólks hvaða þjónustu þeir telja mikilvæga.

Sigurður Magnússon lýsir hverfinu á eftirfarandi hátt:

„Árbær er svona svolítið þorpastemning. Það er mikið af fólki sem kom utan af landi og byggði þetta hverfi þannig að það er þar ákveðin samstaða í gangi þarf bara að virkja hana með einhverjum hætti maður verður náttúrulega... Við höfum verið að reyna að gera þetta með ýmsum hætti hérna í hverfinu

... Kannski komu upp einhverjir frumkvöðlar en, það er ekki nóg að það sé bara einn og einn sem að það þurfa að vera svolítið fleiri.”

Bára Jónsdóttir íbúi í hverfinu tekur undir þessi orð og segir :

„Fólk hefur talað um það að þeir sem jafnvel koma það var einn þjálfari hjá Fylki sem einmitt talaði um það í einhverjum blöðum að hann var nú frá einhverju þorpi úti á landi. Hann sagði að þetta er svona svipuð menning og í litlu þorpi út á landi. Það er svona ákveðin samsetning kannski svolítið sér og út af fyrir okkur. Við erum að vísu búin að efla bæði búðarmenningu

og annað hérna við þurfum kannski að leita minna út fyrir heldur en áður og jafnvel fólk úr öðrum hverfum kemur til að leita til okkar.”

Guðrún Árnadóttir íbúi í Grafarholtinu segir:

„Mér finnst þetta mjög notalegt. Ég er náttúrulega alin upp úti á landi. Þar sem þú labbar út og ert bara komin í frið og ró. Það er það sem mér finnst svo mikill kostur þetta þarf að passa svolítið upp á svo það glatist ekki. Þú labbar í fimm mínútur og ert komin út í náttúruna. Mér finnst persónulega kostur að vera í hverfi, kannski ljótt að segja draugahverfi en sem er svona rólegt að þú veist að það á enginn þangað erindi það kemur enginn nema að hann eigi erindi við íbúana.”

7.1 Hvernig kynnast íbúar, hvað ræður því hvernig fólk velur sér heimili ?

Margar ástæður liggja að baki því hvernig fólk velur sér hverfi. Í viðtölunum kom fram að það virðist vera að þeir sem alast upp í hverfinu kynntust þar sem börn og kynnin haldast áfram. Íbúar kynnast nágrönnum sínum, börn kynnast hvert öðru í skólum og frístundum. Foreldrar kynnast í gegnum börnin sín t.d. í gegnum foreldrastarf í skólum og frístundum. Þá kynnist fullorðnir einnig í gegnum frístundir sem eru í boði í hverfinu.

Þá getur verið að fólk vilji búa í hverfinu vegna þess að það ólst þar upp eða maki og kýs þess vegna að búa þar. Nálægð við náttúruna hafði einnig áhrif á suma meðan það skipti aðra engu máli. Nokkrir töldu að margir íbúanna kæmu utan að landi og vildu búa í þessum hverfum því að þetta hverfi væri á sinn hátt líkt bæ á landsbyggðinni. Þá getur verið að sú íbúð sem það býr í hafi verið ákjósanleg, það réð við verðið og var sátt við staðinn. Þegar viðmælendur í Árbæjarhverfi voru spurðir þá kom fram ánægja með hverfið. Þeir sögðu að það væri gott að búa í þessu hverfi auk þess sögðu þau frá því að börn sem ólust upp í hverfinu vildu búa þar áfram. Jafnframt sögðu þau að það væri algengt að þegar þau flyttu að heiman, þá færu þau í önnur hverfi þar sem þau fengu ódýrara húsnæði og snéru svo til baka þegar þau gátu. Einn viðmælendinn Eva Albertsdóttir sem hefur búið í hverfinu í yfir 30 ár orðaði þetta þannig :

„Mér finnst að þeir sem hafa búið hér og alist hér upp, vilji koma hingað aftur. ...Það er ansi mikið í mörgum þó það gangi kannski ekki alltaf upp sko. Mín börn eru bæði hér upp í Lækjarás og

Vesturás. Svona er þetta það vill gjarna vera hér þegar það er búið að prófa það. Krakkar sem ólust hér upp flytja hingað aftur eða kaupi sér eignir hér og búi áfram þannig..”

Sjálf flutist hún í hverfið vegna þess að hún hafði frétt hjá ættingja að það væri gott að búa í hverfinu og svo fékk hún hús sem hentaði henni og fjölskyldu hennar.

Bára Jónsdóttir sem hefur búið í hverfinu í tíu ár segir :

„... og greinilegt að það eru margir íbúar hér aldri upp hérna eins og bara foreldrar barnanna í bekknum hjá mér það eru ansi margir sem ólust upp í Árbænum og sækjast eftir því að vera í Árbænum og finnst gott að vera í Árbænum þannig að það er eitthvað sem togar í...”

Signý Guðmannsdóttir hefur búið í hverfinu í þrjú ár hún sagði að umhverfið hefði haft áhrif á ákvörðun hennar um kaup á íbúð í hverfinu. Hún orðar þetta þannig:

„Náttúran hérna í kring hefur áhrif á hverfið. Hún hafði áhrif á það hvaða hverfi ég valdi mér að búa í. Þú ert með Elliðadalinn, heiðina hér fyrir ofan Rauðavatn og það allt saman...”

Ég spurði mann á miðjum aldri sem ólst upp í hverfinu afhverju hann hafi flutt aftur í hverfið þá svaraði hann:

„Já það var eitthvað, ég saknaði einhvers, ég flutti sko þegar ég fór að búa. Þá fluttum við.”

Síðan hélt hann áfram og fór að lýsa tilfinningunni annars staðar.

„Þetta sem sagt að þekkja nánast hvert barn maður fann aldrei fyrir því sko þannig að ég kannski var það bara það sem réð því að við komum svo aftur ég veit það ekki alla vegana þá komum við aftur.”

Elstu íbúarnir í Árbæjarhverfinu muna glögg eftir þeim tíma sem hverfið var að byggjast upp og þjónusta var nánast engin.

Signý segir:

„Mér finnst það skipta miklu máli og bara þetta þú veist vera fjölskyldur í hverfinu þú veist þetta er hverfið mitt þetta er eitthvað fólk sem ég jafnvel kannast við já þú veist stelpa mín

er að æfa íþróttir með þú veist þessu barni eða eru saman í skóla og ég veit hver þessi er og þetta skiptir máli. Það er þannig þú í rauninni nærð að mynda þú veist já það er einhver

svona vitund sem þú færð. Af því að þú kannast við fólkid.”

En hvernig er hverfavitund skoðuð um það segir Sigurður Magnússon:

„...ég sé ekki fyrir mér að embættismenn og þeir sem starfa innan stofnana skapi þetta. Þetta verður að líka svolítið að koma innan frá. Frá fólkinu sem er í hverfinu... maður vekur þetta kannski ekki. Maður getur kannski hjálpað til við það að fólkid finni þörfina hjá sér að koma saman eða skapa eitthvað sjálft. Ég tel mikilvægt að fólk sem er innan hverfisins komi líka að því að skapa hverfavitund og samstöðu.”

Hverfavitundin og félagsauðurinn verður til við margs konar sameiginleg verkefni sem allir hagnast af. Þegar unnið er að þeim þá kynnast íbúarnir. Eva Albertsdóttir segir svo frá landnemaárum sínum í Árbænum.

„Það var alltaf afskaplega mikil samstaða þó það væri ekki nema að girða hér allt í kring og svona. Þá lögðust allir á eitt og það var ekki til fúavarinn viður. Minn maður bjó til herna út segldúk svona baðker hér inni í bílskúr. Því allur sá viður sem er herna í girðingunni kringum allt húsið. Honum var steipt ofan í ker og hann var bara settur í bað og svo var hann notaður til að girða þannig að hann væri fúavarinn. Og þá endist þetta alveg ennþá betur og við stóðum að þessu hjálpuðumst að með þetta. Ég held að fólk sé svolítið samstíga herna svona yfirleitt. Svona sé tilbúið að hjálpast að og allt það.”

Sigþór Guðmundsson þekkir vel til sögu hverfisins og orðaði þetta þannig:

„Ég held að það séu fá dæmi um að hverfisbúar hafi byggt sjálfir með eigin höndum fyrsta skólann. Borgin lagði til efnið en hafði ekki efni á að ráða smiði þannig að íbúarnir byggðu sjálfir fyrsta skólahúsið... En þetta var sem sagt mjög mikið eigið framtak sem var auðvitað gott fyrir hverfið sem slíkt og held ég hafi lagt grunninn að einhverri samstöðu og þeirri hugsun að menn eru svona ekki svo mikið að horfa menn byrja fyrst að athuga hvað þeir geti gert sjálfir áður en þeir horfa eitthvað annað, þetta hefur skapað þessa þorpstemmingu sem að eiginlega mjög margir aðrir sem hafa flutt í Árbæinn hafa eiginlega svona gróið inn og það má eiginlega segja að lengi vel hafi þessi hverfisvitund og þorpsvitund verið þrátt fyrir stefnu borgaryfirvalda.“

Þegar horft er á Grafarholtið þá hefur enn ekki heil kynslóð alist þar upp. Þar má frekar líta á íbúana sem landnema. Þar er fólk að byggja upp nýtt hverfi frá grunni. Það telur góðan kost að vera í göngufæri við náttúruna og óbyggð svæði. Þar kjósa þeir t.d. að búa sem vilja vera með í uppbyggingu eða vilja búa á hlutlausum stað þ.e. hvorki maki né það sjálft á rætur að rekja til þessa staðar. Guðríður Guðmundsdóttir íbúi í Grafarholti segir sérlega mikilvægt í nýju hverfi að stuðla að hverfisvitund. Hún segir:

„Ég held að það sé alveg gríðarlega mikilvægt í nýju hverfi sérstaklega að það sé búið til einhvern veginn þetta lím og það eru mjög góðar forsendur til þess hér skipulagslega séð. Grafarholtið er mjög þétt byggð, stendur upp á háum hól þannig að það er ekki yfirþyrmandi hvað hún er þétt. En þetta er nógu þétt að það er hægt að fara gangandi um allt hverfið og göngustígar margir og svona ákveðinn miðpunktur í því.... Mér finnst ég upplifa mjög sterkt að það sé svona að byrja hverfisvitund hér.“

Guðrún Árnadóttir hefur mikla trú á Grafarholtinu og segir:

„Grafarholtið býður uppá mikla hverfisvitund þetta er afmarkað hverfi ekki of stórt og með því einmitt að virkja eins og við vorum í gær að setja svona reyna að stofna svona íbúasamtök eða svona leggja grunninn að því að virkja fólk sem kemur úr starfi í hverfinu og fólk sem býr bæði íbúar og starfsemi... Íbúasamtök þar sem að koma aðilar úr öllum áttum og þá fer að spyrjast úr til allra ég held að það sé líka sem svona reynir að halda fólki saman. Ef það er eitthvað sameiginlegt.“

7.2 Hvað þarf að vera í hverfi svo það geti kallast hverfi ?

Til að fólk sé sátt við umhverfi sitt þarf að vera einhver þjónusta í boði. Þessi þjónusta þarf að vera fjölbreytt og fyrst og fremst að gagnast íbúunum. Þegar rætt var við viðmælendur í Árbæjarhverfi sem er gróið hverfi voru þeir tiltölulega sáttir við þá þjónustu sem þar er í boði. Þeir voru sammála um að það væri mikilvægt að hafa góða og aðgengilega þjónustu í hverfinu. Þegar þau voru spurð hvaða þjónustu þau töldu nauðsynlega, þá nefndu þau nokkra sameiginlega þætti en aðrir þættir voru ólíkir. Sameiginlegir þættir voru heilsugæsla, íþróttafélag, verslanir og skólar. Þeir sem eldri voru töldu nauðsynlegt að borgin væri dugleg að sjá um snjómokstur, en yngra fólki fannst nauðsynlegt að hafa aðgang að góðri heimasíðu um hverfið. Þá fannst fólki að kirkja ætti að vera í hverfum. Góð og aðgengileg þjónusta veitir íbúunum öryggiskennd og um leið styrkir tengsl þeirra við hverfið. Mörgum viðmælandanna fannst nauðsynlegt að hafa einhverja sameiginlega árvissa viðburði. Hverfisdagur hefur verið haldinn í nokkur ár og hefur Fylkir og Ársel sem er frístundamiðstöð á vegum íþróttá og tómstundaráðs Reykjavíkur (ÍTR) verið þar einna fremstir í flokki með allt utanumhald. Sigþrúður Guðmannsdóttir kemst svo að orði:

„Ég held að svona dagur sé mjög góður. En það vantar að kynna þetta miklu betur og tengja þetta betur íbúum í hverfinu. Nú bý ég í hverfinu og þetta bara, ég kom ekki... fór ekki á daginn, við bara slepptum þessu... Ég held að það megi í rauninni efla vitund mína sem fullorðins einstaklings í hverfinu í gegnum börnin.”

Sigurður Magnússon sem starfar hjá Íþróttá og tómstundarráði Reykjavíkur kemst svo að orði þegar hann ræðir um það hvernig megi efla hverfavitund:

„...mér dettur í hug að það er náttúrulega þetta sem að við höfum unnið að það er að það séu einhverjar hverfahátíðir, það séu sko aðilar í hverfinu sem taka þátt í því. Þau eru þátturinn í að skapa svona hverfavitund... er að fólkið hafi einhver verkefni að það sé að vinna að einhverju sameiginlegu markmiði.”

Signý Jónasdóttir segir um þetta:

„...ég held að þessi samstaða þessi hérna samstaða svona eiga góða nágranna, eiga hérna svona þátt í að þetta sé gott hverfi. Ég ímynda mér að það sé gott fyrst það eru margir sem eru búnir að vera hérna jafn lengi og ég og jafnvel lengur og fara ekkert úr hverfinu.”

Sigurþór Guðmundsson segir :

..... og bara almennur skortur á þjónustu í hverfinu knúði fram það sem var kallað framfarafélag Árbæjar og Seláshverfis sem voru áreiðanlega ein fyrstu íbúasamtökin í borginni. “

Stofnanir innan hverfis mynda heild og samstarf er á milli þeirra sumra. Í Árbæ er landsþekkt safn en það virðist ekki vera ofarlega í huga þeirra, það er merkt af því að viðmælendur nefndu það ekki þegar þeir ræddu um hverfið.

Grafarholt er tiltölulega nýtt hverfi þar er lítil þjónusta, leikskólapláss eru ekki nægjanleg og löng leið er til að fara í verslanir. Nokkrar stórverslanir eru í útjaðri hverfisins.

Í ungu hverfi eins og Grafarholtshverfinu eru íbúarnir sér meðvitaðir um að vera landnemar og að það er verið að byggja upp nýtt samfélag sem taki tíma. Guðríður Guðmundsdóttir orðar það þannig að það sé gríðarlega mikilvægt í nýju hverfi að það sé búið til lím til að líma saman hverfið. Fólkið veit að það þarf að bíða og virðist ætla að gefa yfirvöldum biðtíma. Að sögn hverfislögreglumanns þá fylgjast íbúar vel með skipulagsmálum og mæta vel á íbúafundi með borgaryfirvöldum. Guðríður segir um félagsauð:

„Félagsandi er það að fólk eigi sér eitthvað sameiginlegt með nágrönnum sínum upplifi þá sem nágranna og viti hvað þeir heiti og þeim sé ekki sama um staðinn sem það á heima á, heimahaga. Upplifi þá sem áthuga eitthvað sem manni þykir vænt um. Og upplifi fólkið nálægt sér sem sveitunga og félagsandi hefur að gera með samheldni, samvinnu þannig að til þess að það gerist þá þarf náttúrulega eitthvað að vera til staðar sem fólk getur sameinast um.”

7.3 Hverfið mitt- mér þykir vænt um það

Sex af tíu viðmælendum mínum búa í Árbænum og Grafarholtinu og hinir fjórir starfa í hverfinu eða fyrir hverfið. Öllum líkar vel í hverfinu en telja það þó ekki

fullkomið. Fólk upplifir hverfið eins og lítið þorp og finnst það jákvætt að þurfa ekki að leita út fyrir hverfið sitt. Einn viðmælandi minn Signý Jónasdóttir hefur búið í Árbænum yfir 30 ár og segist vel muna eftir þeim tíma þegar hvorki var komin sundlaug né bókasafn og þeirri baráttu sem það tók að fá þessa þjónustu. Hún sagðist hafa pantað tíma hjá borgarstjóra til að ýta á þessa þjónustu. Hún orðar þetta þannig:

„Við erum búin að eiga hér heima frá 1966. Og hérna mér finnst bara ég ekkert fara úr þessu hverfi sko. Það hefur tvisvar sinnum staðið til að breyta eða það komu þannig aðstaður upp en við bara reynum að halda í að vera hér. Bæði náttúrulega þessi staður og hús og hverfi og svo finnst mér þessi aðstaða. Samt sem áður fannst mér við sitja á hakanum sko gagnvart sundlaug, bókasafn erum búin að fá það núna en við þurftum að þrýsta á það nokkrum sinnum... Mér finnst þetta hverfi. Þessi hverfisvitund mín er svona mér þykir bara mjög vænt um þetta hverfi.”

Signý er fædd í vesturbænum og lítur svo á að rætur hennar séu þar. Um þetta segir hún:

„Ég átti dálítið erfitt með að slíta tengslin við Vesturbæinn. Því ég flyt úr Vesturbænum út í Bústaðahverfi. Mamma og pabbi hlóðu niður börnum og þá þurftu þau að stækka...sjávarilmurinn og naustið. Vesturgatan allt sem ég þekkti og náttúrulega mínar rætur skilurðu en samt sem áður finnst mér þetta hverfi vera alveg stórkostlegt.”

Ingi Jón Sigmundsson segist sjá hverfisvitund bæði hjá fullorðnum og börnum. Hann kemst svo að orði:

„En ég hef fundið þetta. Þetta er okkar hverfi og hérna finn það hjá krökkunum líka þegar það hafa komið upp einhver ævintýri maður hefur bent þeim á hvort þau vilji láta stimpla hverfið. Það vilja þau alls ekki ... þau vilja alls ekki láta koma stimpil á hverfið, að við séum eitthvað ljótt hverfi. Að þau vilja svona passa uppá hverfið. Að allt sé í lagi.”

Í huga þessa fólks sem rætt var við þá skipta nágrannar og nágrenni máli. Að eiga góða nágretta og eiga eitthvað sameiginlegt með þeim er góður kostur og skiptir máli. Hjá viðmælendum mínum sem búa í hverfinu kom fram að þeim þætti vænt um hverfið sitt. Einu sinni stóð til hjá Signýju að skipta um íbúð en hún tók ekki

annað í mál en að halda áfram að búa í hverfinu. Signý á þrjú börn, tvö búa í hverfinu en dóttir hennar býr í næsta nágrenni og skokkar stundum til foreldra sinna. Þá kom einnig fram hjá fjórum viðmælendum mínum að það væri algengt að brottfluttir Árbæingar flyttu gjarnan aftur í hverfið því það sakni svo hverfisins og þá aðallega Elliðaárdalsins. Jón Örn komst svo að orði:

„Hér fer maður út í búð og maður er yfirleitt lengi- því maður hittir alltaf einhverja sem vilja spjalla. Ég ímynda mér að þetta sé svona svipað eins og búa í einhverju svona litlu bæjarfélagi úti á landi frekar en við séum hér í höfuðborginni.”

Eva Albertsdóttir hefur búið í hverfinu frá 1979. Henni líkar vel og sagði um nágranna sína:

„Það hreyfir sig ekki þeir sem eru komnir. Það er bara alltaf sama fólkið í sínum húsum. Það er bara eitt og eitt sem fer.“

Þegar Guðríður Guðmundsdóttir íbúi í Grafarholti ræddi um hverfisvitund líkti hún hverfinu við heimahaga og taldi að það væri mikilvægt að við upplifum hverfið sem áttuga og nágranna sem sveitunga.

Guðrún Árnadóttir segir um þetta:

„Mér finnst ofsalega gaman að vera með í Grafarholtinu að uppbyggingunni það er svo margt í mótun, fá að fylgjast með og allt þetta. Ég er kannski líka á þeim aldri að það truflar mig ekki að þurfa að sækja þjónustu niðri í bæ eða eitthvað annað. Ég er á ferðinni hvort sem er. Það myndi kannski trufla mig ef ég væri eldri eða væri í þeim sporum að vera með ungabarn.”

7.4 Útivist

Það er stutt fyrir íbúana að fara út í náttúruna. Elliðaárdalur, Reynisvatnsheiði, Úlfarsfell, Elliðaárdalur, Hólmsheiði og Rauðavatn liggja að hverfinu. Það kom fram í viðtölum mínum við viðmælendur mína að flestum finnst mikið til náttúrunnar koma og þeir notfæra sér þessa nálægð. Það er aðeins örstutt í fjölda göngustíga og gönguleiða. Íbúarnir nota stígana til að fara í gönguferðir,

trimma,viðra hundana sína og síðan er stutt í aðstöðu fyrir hestafólk. Í viðtali við Sigrúnu Guðmarsdóttir sem hefur búið í hverfinu í þrjú ár kemur fram að vegna nálægðar við náttúruna hefði hún og fjölskylda hennar ákveðið að flytjast í þetta hverfi. Jafnframt sagði hún:

„Heiðmörkin þetta skiptir tvímálalaust máli kannski fyrir einstaka íbúa ekki alla. En ég held samt að Elliðaárdalurinn skipi mjög stóran sess hjá Árbæingum hann er í rauninni eitt af svona þú veist sko táknum hverfisins. Elliðarárdalurinn þú heyrir það bara þegar þú talar við Árbæinga sem eru aldir upp hérna og flytja það er mjög algengt að þeir komi til baka og þeir tala alltaf um að þeir sakni Elliðarárdalsins...Ég held að það hljóti að skipta máli fyrir fólk að vera með svona útivistarsvæði og allt það en ég held að það skipti öllu máli varðandi hverfisvitund.”

Signý Jónasdóttir sem er komin á eftirlaun segist fara í gönguferðir með nágrannakonum sínum daglega auk þess sem hún og maðurinn hennar fari í lengri ferðir. Á veturna fara íbúarnir á skauta á Rauðavatni og á sleða.

Bára Jónsdóttir hefur skoðun á umhverfinu og hún segir:

„Þetta er náttúrulega bara frábær aðstaða fyrir alla að hafa Elliðarárdalinn og síðan er náttúrulega Rauðavatnið og þar hefur verið skautað og gert ýmislegt....það er náttúrulega gott að hafa eitthvað útivistarsvæði til þess að leita í sem er skemmtilegt og eflandi... Það verður að passa uppá að grænu blettirnir hverfi ekki alveg. Þannig að móinn hefur alltaf aðdráttarafli og hérna náttúran þannig að það verður að halda vel í það.”

Þá kom einnig fram í einu viðtali að náttúran og umhverfið skipti þann aðila ekki miklu máli.

Guðríður sem býr og starfar í Grafarholtinu segir:

„Kostur við það hvað það eru góðar gönguleiðir hérna er að maður sér mikið af fólki víða úti á labbi. Ég hef tekið eftir því að náttúran er notuð mikið t.d. í skólanum. Þau eru að vinna mikið með margs konar umhverfisverkefni, fara í berjamó. Og hérna og göngutúra og grilla fram í Paradísardal og svoleiðis. Þannig að það er eitt að hafa náttúru og fínt að í rauninni opna vitund gagnvart henni.”

7.5 Heilsugæsla

Heilbrigðiskerfið á Íslandi er rekið á vegum ríkisins og þar með talin heilsugæslan. Heilsugæsla er í mörgum hverfum borgarinnar en ekki öllum. Heilsugæslan í Árbæ á að sinna íbúum Grafarholts og Árbæjar og stendur ekki til að breyta þessu í nánustu framtíð. Í dag er því þannig háttað að heilsugæslan er full og ekki er hægt að bæta við nýjum sjúklingum. Það er verið að byggja nýtt og stærra húsnæði fyrir heilsugæsluna í Árbænum. Það kom fram hjá viðmælendum mínum að þeir eru sammála um að heilsugæsla sé nauðsynlegur þáttur í hverfinu og að þeir telja það vera ákveðin hlunnindi eða góður kostur að hafa heilsugæsluna í nágrenninu til að þurfa ekki að fara langa leið í hana. Þegar heilsugæslan er innan hverfis þá veitir hún öryggi eins og Eva sagði: „Nálægð við heilsugæslu er þáttur er eflir félagsauð íbúanna.”

Hjúkrunarfræðingar á heilsugæslunni eru einnig skólahjúkrunarfræðingar í grunnskólum hverfisins. Þannig að það eru daglegar tengingar milli grunnskólanna í hverfunum og heilsugæslunnar. Þá hafa hjúkrunarfræðingar á heilsugæslunni aðkomu að foreldramorgnum.

Heilsugæsla er eitt af því sem vantar í Grafarholtið.

Guðrún segir um þetta:

„Fólk sárvantar og talar um að það vanti heilsugæslu og lækniþjónustu almennt innan hverfisins og þá var aðallega verið að vísa á þá sem ekki eru með bíl og konur sem eru með ungabörn.”

Mér finnst það umhugsunarvert að hér fer ekki saman vilji íbúa og yfirvalda. Íbúar telja nauðsynlegt að það sé heilsugæsla í hverfum borgarinnar en yfirvöldum ekki. Heilsugæslan er eins og áður segir á forræði ríkisvaldsins og þar virðist vera ónógur skilningur á nærþjónustu fyrir íbúa.

7.6 Skólar

Grunnskólar og leikskólar þykja sjálfsagðir og nauðsynlegir í hverfum borga og bæja enda eru starfandi grunnskólar og leikskólar í öllum hverfum Reykjavíkur.

Reykjavíkurborg hefur það á stefnuskránni að öll börn eiga að geta fengið pláss í leikskóla frá 18 mánaða aldri. Flest börn fara í leikskóla frá 18 mánaða aldri en þó ekki öll. Bygging leikskóla er ekki eins hröð og uppbygging nýrra hverfa þannig að það eru alltaf biðlistar á leikskólana í nýjum hverfum Reykjavíkur.

Grunnskólabyggingar eru venjulega staðsettar á áberandi stöðum í hverfunum. Þegar vísað er til vegar, þá er oft miðað við staðsetningu skólans í hverfinu. Viðmælendur nefndu skóla sem nauðsynlegan og sjálfsagðan þátt í hverfum borgarinnar. Í skólanum fer fram margt annað en einungis hefðbundin bekkjarkennsla. Í tengslum við skólann er fjölbreytt starfsemi. Þar má t.d. nefna foreldrafélög. Viðmælendur mínir voru ánægðir með skólana í hverfinu bæði grunn- og leikskóla. Þeir viðmælenda minna sem áttu börn á grunnskólaaldri þekktu töluvert til starfsemi skólans. Foreldrafélög skólanna í Árbæ standa fyrir ýmsu starfi þar má t.d nefna foreldrarölt, jólaföndur, upplestrakeppni og þau annast veislu við útskrift 10. bekkjar í Árbæjarskóla. Bára Jónsdóttir hefur verið síðastliðin þrjú ár verið formaður í foreldrafélagi í skóla barna sinna. Um starfsemi foreldrafélaganna og þátttöku segir hún:

„Það hafa verið fyrirlestrar sem hafa komið á 100 manns en okkar mæting er kannski 10 til 20 manns. Við höfum sent töskupóst og við höfum sent netpóst. Þannig að við höfum auglýst ágætlega en ég veit ekki afhverju fólk mætir ekki, hvort það er svona mikið í boði að fólk hefur ekki tíma eða áhuga til þess að koma. En síðan höfum við verið með uppákomur eins og jólaföndrið sem hefur verið ágætlega sótt. Þar sem foreldrar koma með börnunum og föndra saman.“

Hún hefur reynt að efla samstarf foreldrafélaganna í skólum hverfisins en það hefur ekki gengið eins vel og hún hefur vonast eftir. Í því sambandi segir hún :

„Ég hef sótt eftir samvinnu við hin félögin og það hefur bara ekkert orðið af því það er reynt að hafa fundi með þeim það bara.“

Foreldrarölt í hverfinu er skipulagt þannig að það eru foreldrar elstu barnanna í skólanum sem skipta röltinu á milli sín. Foreldraröltið skiptist þannig að hvert foreldri ætti að röлта einu sinni á vetri, eitt föstudagskvöld, tvo tíma í senn frá klukkan ellefu til klukkan eitt eftir miðnætti. Oft hefur gengið erfiðlega að manna foreldrarölt. Í því samhengi segir Bára:

„Það finnst mér svoldið skelfilegt af því að ég skil svo sem alveg viðhorf foreldra víst að það er voða gott að sitja í sófanum og horfa á sjónvarpið og þurfa ekkert að fara að rölt á eftir einhverjum unglíngahópum... mér finnst þetta frábær leið til að kynnst hverfinu kynnast fólkinu í hverfinu þú hittir kannski einhverja aðra en kannski bara foreldrana úr bekknum. Og þetta hafa verið mjög skemmtilegir fundir þar sem að fólk hefur sem sagt verið duglegt að mæta en stundum er það bara stjórnin bara tvö sem mætum í hvert skipti og stundum erum við bara tvö og enginn mætir.”

Foreldrafélagið er einnig ágætis vettvangur fyrir foreldra að kynnst hverfinu og kynnast innbyrðis. Þannig geta foreldrar sem eru virkir í foreldrafélaginu látið eitthvað gott af sér leiða t.d. til hverfisins. Um þetta sagði eitt foreldri Sigþrúður Guðmannsdóttir:

„Við erum ekki endilega að rölt eftir unglíngum við erum að rölt til þess í rauninni að hverfið sé þannig að hver og einn geti farið út án þess að vera hræddur...”

Um þetta segir svæðislögreglan:

„...oft eru þetta foreldrar og börnin þeirra eru jafnvel heima... þau kalla þetta hverfisrölt þarna ert þú í raun að passa uppá hverfið þitt. Þú ert að læra á hverfið þitt. Við það að þetta fólk sé á ferðinni á þessum tímum, þegar hér alls konar fólk er á ferðinni í öllum hverfum. Þá er þetta mikill fælingarmáttur í þessu. Það er staðreynd að landasalar og dópsalar og náttúrulega innbrotspjófar líka. Fólk áttar sig á að þarna er fólk með fülle femm og það fylgist með og er með hlutverk til að gera það. Er að passa hverfið sitt.”

Þarna eru foreldrarnir í raun farnir að gegna nágrannavörslu til heilla fyrir alla íbúa hverfisins. Foreldrarölt er dæmi um valdeflingu foreldranna og um leið til að efla félagsauð í hverfum borgarinnar. Þjónustumiðstöðvarnar í Reykjavík og lögreglan fóru í samstarf um verkefni er kallast nágrannavarsla. Ákvarðað var að íbúar við eina götu í hverju hverfi tækju þátt í verkefninu. Verkefnið fólst í því að íbúar við tiltekna götur voru beðnir að hafa aðgát á nágrenni hver annars. Nágrannavörsluverkefnið er dæmi um eflingu félagsauðs og valdeflingu. Þá er þetta einnig dæmi um verkefni þar sem fleiri en þeir sem taka þátt hagnast af því. Verkefnið hófst á því að það var boðið til kynningarfundar.

Um kynningarfund vegna verkefnis segir svæðislögreglan :

„Að hver passi uppá annan og það sem maður tekur eftir er að þarna á þessum fundi sem við boðuðum til þá var fólk að hittast í fyrsta skipti. Hittast jafnvel eftir einhver ár sem (þau) hafa búið í þessari götu. Þau hafa sést og hist einhvern tímann fyrir tilviljun. En yfirleitt þá kemur fólk keyrandi að og keyrir inn og lokar í þessum einbýlishúshverfum. Og skiptir sér ekkert af nágrönnunum. Þannig að þarna var fólk að hittast í fyrsta skipti í mjög langan tíma. En vissi samt hvert af öðru.”

Lengd viðvera er rekin í og við skólana eftir reglulegan skólalag af ÍTR. Starfsemi ÍTR er staðsett í frístundamiðstöðinni Árseli sem er við hlið kirkjunnar og Árbæjarskóla.

Í Grafarholti sem er nýtt hverfi eru tveir skólar Ingunnar- og Sæmundarskóli. Ingunnarskóli tók til starfa í nýju húsnæði árið 2006 en starfaði áður í færanlegum kennslustofum. Kennslan í Sæmundarskóla fer nú fram í mörgum færanlegum kennslustofum. Eftir því sem börnunum hefur fjölgað í skólanum hefur þessum kennslustofum verið fjölgað. Sæmundarskóli hét í fyrstu Sæmundarsel og var annexía frá Ingunnarskóla. Árið 2006 var hann gerður að sérstökum skóla. Tekin var fyrsta skóflustungan á nýrri skólabyggingu hausið 2007. Foreldrastarf er þar í uppbyggingu. ÍTR er búið að byggja upp frístundaheimili í Grafarholtinu.

7.7 Félög

Mörg frjáls félagamtök eru í Árbæ og Grafarholti. Fyrirferðarmest er kirkjan og íþróttafélögin Fylkir og Fram. Önnur félög eru sunddeild Ármanns, skátar, Kiwanis, Soroptomistar og Rotarý.

Íþróttir og íþróttafélög voru ofarlega í huga allra viðmælanda minna.

Góð aðstaða er til að stunda íþróttir í Árbænum en ekki í Grafarholtinu. Íþróttafélagið Fylkir skipar stóran sess í huga Árbæinga en það er stærsta íþróttafélagið. Fylkir á stórt íþróttahús sem heitir Fylkishöll. Fylkishöllin er aðallega notuð fyrir íþróttir og einnig fyrir aðrar skemmtanir í hverfinu eins og öskudagsball. Sá dansleikur var áður alltaf haldinn í frístundaheimilinu Árseli en

Það hús er orðið of lítið fyrir þann atburð. Þannig að nú er skemmtunin haldin í Fylkishöllinni.

Eva Albertsdóttir er í Soroptimistafélagi. Það félag starfar innan Árbæjarhverfis. Þetta er góðgerðarfélag og stuðlar að betri líðan íbúanna. Þannig er þetta félagið enn eitt lóðið á félagsauðsvogina. Um þetta segir hún:

„Við erum aðallega að hjálpa konum það gengur mest út á það þetta systra vinafélag. Soroptimistar þýðir það og við hjálpuðum stúlku að fara í nám til Noregs, sem var hjólastól

„Í fyrra vorum við beðin að hjálpa konu sem var með þungt heimili og börn í skóla og við gerðum það. Það er gert ef maður veit af einhverju í hverfinu sem maður getur gert þá er það gert. Ef að svo t.d. fyrir jóla þá hefur maður alltaf samband við prestinn og kennara.”

7.8 Fylkir

Mikil valdefling fer fram innan Fylkis. Þar eru félagar í íþróttafélaginu hvattir til að efla sig og aðstandendur eru hvattir til að styðja við þá er stunda íþróttir með því að leggja félaginu lið sem sjálfboðaliðar. Íþróttafélagið Fylkir skipar stóran sess í hugum Árbæinga.

Jón Örn starfsmaður Fylkis sagði :

„Já, það held ég að Fylkir eða íþróttafélag í hverfinu sé gríðarlega stór þáttur í lífi hverfisbúa. Ég er sjálfur búinn að eiga heima hérna síðan meira og minna síðan nítján hundruð sextíu og sex. “

Í Fylki er hægt að æfa fimm tegundir íþróttar fótbolta, handbolta, fimleika, karate og blak. Meirihluti barna í Árbænum æfir íþróttir hjá Fylki. Börn geta byrjað á íþróttæfingum við fimm ára aldur. Í byrjun fylgja foreldrar börnum sínum á íþróttæfingar og foreldrastarf er virkt hjá yngri flokkunum. Valdefling og efling félagsauðs fer fram hjá Fylki því þar eru félagsmenn virkjaðir og um leið eflast tengingar þeirra inná við og einnig útá við.

Jón Örn kemst þannig að orði :

„Það er sérstök stjórn sem heitir barna og unglingaráð. Þá er það þeirra fysta verk þegar búið er að ráða þjálfara að boða til funda. Því það gerist á haustin er að börnin fara upp í aldursflokk. Það eru tveir árgangar saman í hóp og sá eldri fer upp í næsta aldur á

haustin. Þannig á hverju hausti þá þarf að mynda nýtt foreldraráð og það er gert og gengur alltaf vel og alltaf best þegar börnin eru sem yngst, gengur alltaf best þar. Þetta geta verið fimm til átta manna hópur foreldra sem skipuleggur síðan félagsstarf og svona ferðlag bæði hérlendis og erlendis og hérna koma mjög margir að starfi öðru heldur en beinni þjálfun að starfi félagsins í kringum sinn flokk...

Með þessu fyrirkomulagi hefur félagið getað virkjað foreldrana og þannig í raun tryggt samfellu í starfinu.”

Það fer þó eftir íþróttagreinum hverstu mikið og virkt foreldrastarfið er. Í elstu íþróttagreininni fótbolta þar er foreldrastarfið mjög virkt. Félagið er að reyna að efla foreldrastarfið í öðrum greinum.

Í fótboltanum eru komnar á ýmsar hefðir sagði Jón Örn og um foreldrastarfið sagði hann:

„Foreldrastarf er mjög mikið, ef við tölum um félagsauð. Þá má kannski tala um það að auður okkar að hann liggi fyrst og fremst í foreldrastarfinu. Sérstaklega í fótboltanum. Í fimleikum hefur aldrei verið mikil áhersla lögð á foreldrastarf... En það er aðeins að byrja núna sem vonandi skilar sé á næstu árum og í handboltanum hefur verið ágætt starf líka.að það sé bara ekki enginn hópur í rauninni reiðubúinn til þess að vera í starfi nema að það sé foreldraráð með honum..”

Jón Örn Jónsson sagði að það væri mikilvægt að frumkvæðið kæmi frá foreldrum, því þá virki það og eitthvað gerist frekar en þegar foreldrar eru mataðir. En mikilvægt er að foreldrar fái stuðning við starf sitt. Foreldrarnir skipuleggja félagsstarf t.d. ferðalög innan og utanlands. Foreldrar úr barna og unglिंगastarfinu sinna auk þess sjálfbóðaliðastarfi fyrir eldri flokkana. Á leikjum meistaradeildarinnar bera foreldrarnir mikla ábyrgð og þeir annast þar gæslu og veitingasölu. Í gegnum foreldrastarfið kynnast foreldrarnir. Þeir eignast vini og félagið fær áhangendur. Þarna hafa foreldrarnir fengið hlutverk, sem veitir þeim ánægju sem leiðir til þess að þeir finna fyrir samstöðu og verða ánægðari í hverfinu. Ein viðmælenda Signý Guðmannsdóttir sem hefur búið í hverfinu í þrjú ár orðaði það á eftirfarandi hátt:

„Alveg eins og vitundin er með íþróttafélög þú veist það er náttúrulega það sem við gerum gegnum börnin við verðum virk í foreldrastarfi í íþróttafélaginu og þú veist erum

að gera allt í gegnum börnin. Þar kynnist ég foreldrunum í hverfinu og þú veist þar er maður að fara á þú veist lokaball hjá Fylki ..”

Þegar börnin eldast þá breytist margt íþróttæfingum fjölgar og eru gerðar meiri kröfur til barnanna. Þegar krakkar eru 14 til 16 ára þá hefur komið í ljós að margir heltast úr lestinni. Til stendur að gera átak gegn brottfalli. Hugmyndir eru um að finna þeim, sem ætla sér ekki langt í íþróttum en engu að síður vilja vera með, þeim vettvang innan félagsins. En eins og svo oft áður er þetta verkefni talið stranda á peningaskorti. Ákveðið hefur verið að leita styrkja í þetta verkefni. Sigurður Magnússon telur að íþróttafélag geti verið góður vettvangur til að efla hverfavitund. Hann segir:

„Ég tel nú að íþróttafélög geti verið mjög góður miðpunktur. Ég hef alltaf litið á Fylki sem aðila sem er gott að tengjast til þess að ná til fleiri því það eru mjög margir þátttakendur í Fylki.”

Það eru aðeins örfáir einstaklingar sem ná að komast í meistaradeildina. Það er eins og íbúarnir finni ánægju í að fylkjast í kringum sitt lið. Þegar fólk er orðið yfir 30 ára þá fer það yfir í *old boys* eða *old girls*. Þetta fólk tengist þannig félaginu aftur virðist aftur verða virkt.

Allt þetta umstang í kringum íþróttafélögin gleður fjölda íbúa og finna þeir fyrir samstöðu og hafa taugar til félagsins allt fram á fullorðinsár.

Jón Örn sagði um þetta:

„Félagið hefur verið samferða svo mörgum sem hér hafa búið og búa reyndar enn. Það er mjög mikið um það að krakkar sem ólust hér upp flytji hingað aftur eða kaupir sér eignir hér og búi áfram þannig að þá er sem sagt íþróttafélagið áfram mjög sterkt og ríkt hjá þeim og svo þeirra börnum.”

7.9 Fram

Það kom fram hjá viðmælendum mínum að í fyrstu þegar að Grafarholtið var að byrja að byggjast upp þá var reiknað með því að Fylkir myndi einnig þjóna því hverfi. Síðan var tekin sú ákvörðun að Fram yrði íþróttafélag Grafarholts. Þegar búið var að taka ákvörðunina komu fulltrúar frá Fram í skólana í Grafarholti og

gáfu öllum nemendum Framtreyjur. Léleg aðstaða er fyrir hendi en uppbygging er framundan. Fram hefur aðstöðu í eina íþróttasal hverfisins sem er í Ingunnarskóla. Þar er verið að stofna foreldrafélög. Reykjavíkurborg lofar uppbyggingu íþróttaaðstöðu í Úlfarárdal en það er hverfi sem á að fara að byggja.

Fram er 100 ára gamalt íþróttafélag sem er með félagssvæði í Safamýri. Á hundrað ára afmæli félagsins 1. maí 2008 skrifaði borgarstjórinn í Reykjavík undir samninga við Fram um framtíðarsvæði Fram í Úlfarsárdal. Þar er áætlað að verði stórt fjölnota íþróttahús. Gert er ráð fyrir að íþróttasalurinn verði tekinn í notkun fyrri hluta ársins 2010. Þá er gert ráð fyrir aðalleikvangi sem fullnægir öllum kröfum KSÍ um mannvirki í efstu deild. Einnig gert ráð fyrir gervigrasvelli og fjölnota grasæfingavelli. Gert er ráð fyrir að allt svæðið verði fullfrágengið árið 2012 („Framsvæðið í Úlfarsárdal”, 2008). Þannig að í Grafarholtinu er íþróttastarf á byrjunarreit og bjart er framundan fyrir íþróttafólk.

Guðríður orðar þetta þannig:

„Við erum að fá íþróttafélag til okkar. Upphaflega stóð til að það væri Fylkir en það...Fram átti að vera íþróttafélagið sem kæmi hér og yrði til langframa staðsett í Úlfarsárdalnum. Ég var á hverfisfundi þar sem fólk vildi bara fá mjög skýr skilaboð um þetta. Hvaða íþróttafélag kæmi og yrði... Þeir byrjuðu að fara í skólana og gefa Framtreyjur og það er mjög sniðugt vegna þess að þau eru alltaf í treyjunum og maður sér svona blátt lið hérna um allt. Ég er alltaf að taka feil held alltaf að þetta séu synir mínir en það eru bara náttúrulega börn sem eru í eins fötum. Þannig að þetta hafa orðið hálfgerðir skólabúningar og þar sem allir klæðast eins, klæðast Framfötum, það byrjar strax að upplifa sig sem Framsvæði.”

Íþróttafélögin eru enn einn mikilvægur aðili í hverfum borgarinnar sem stuðlar að félagsauð og valdeflingu.

7.10 Kirkjan

1. desember 2007 voru tæplega 81 % Íslendinga skráðir í þjóðkirkjuna (Hagstofan, 2008). Kirkjan er því stærsta félagið í hverfinu. Það kemur því ekki á óvart að orð eins og kirkja komi oft fram í viðtali þegar verið er að ræða um hverfisvitund og félagsauð. Kirkjubyggingar eru líkt og skólar oft á áberandi stöðum í hverfunum. Segja má að kirkjan og kirkjustarf fylgi flestu fólki frá vöggu til grafar. Kirkjan er

stofnun sem leitast við þjóna sem flestum íbúum. Þessi samskipti hefjast með skírn en lýkur með greftrun. Það eru ekki margir þéttbýliskjarnar á Íslandi þar sem ekki fyrir finnst kirkjubygging eða í það minnsta einhver vísir að kirkjustarfi. Í ungum hverfum eins og Grafarholti þar sem ekki er enn komin kirkja er kirkjustarf hýst í húsnæði Reykjavíkurborgar að Þórðarsveig 1-3. Í Árbænum er stór kirkja með safnaðarheimili í miðju hverfinu. Það kom fram í viðtölunum að margir telja að hún sé á besta stað í hverfinu. Frá kirkjunni er gott útsýni yfir Elliðaárdalinn.

Kirkjan býður upp á hefðbundnar messur, foreldramorgna léttmessur og kyrrðarstundir í hádeginu. Með léttmessum er átt við messur þar sem þekktir tónlistamenn koma til að flytja tónlistina. Á foreldramorgna koma foreldrar aðallega mæður í fæðingarorlofi með börn sín. Þar fá þær tækifæri til að bera saman bækur sínar um barnauppleði og annað er liggur þeim á hjarta. Kirkjan hefur tengsl við marga aðra aðila innan hverfisins.

Frjáls félagasamtök hafa aðstöðu til fundarhalda í húsnæði kirkjunnar. Þar má nefna AA samtökin, Soroptomista og Rótarý. Í Árbæjarkirkju er haldin árleg Fylkismessa, þá er kirkjan í samstarfi við skólana. Kvennakirkjan heldur einnig árlega messu í kirkjunni.

Viðmælanda mínum Sigurði Magnússyni sem starfar hjá ÍTR finnst staða kirkjunnar vera sterk í hverfinu. Hann segir:

„Við erum með hérna náttúrulega mjög góða kirkju og hún ég tel að hún sé nokkuð virk og margir sem sækja hana. Ég tel líka mjög gott að íþróttafélag sé eins og Fylkir sem geti nýst til að skapa góða hverfavitund.“

Þá vissi hann einnig af starfi kirkjunnar og frjálsra félagasamtaka eins og Lions. Þó var eins og vitneskja og tengsl viðmælanda minna við kirkjuna tengdist þeim stað sem viðkomandi eru staddir í lífshringnum.

Báru Jónsdóttur sem á unglunga, fannst kirkjan gegna mikilvægu starfi fyrir unglungana. Hún kallaði það TTT og sagði að þetta starf væri vinsælt. TTT er skammstöfun fyrir starf barna í kirkjunni frá tíu til tólf ára. TTT (tíu til tólf ára). Þá sá hún hverfið fyrir sér eins og keðju og væri kirkjan, íþróttafélögin og skólinn hluti af keðjunni.

Sigprúður Guðmannsdóttir segir:

„Kirkjan er mjög virk og hérna gerir miðstigið sem er nú svona krítískur aldur sem er oft að detta út úr kirkjunni það þá er hópur sem heitir TTT... Það er kynnt inni í skólanum og með því að kirkjan fer inn í skólann þá nær hún til svo margra krakka og þau rjúka af stað rosalega gaman svo er spurning hvað þetta náí að halda ...”

Signý Jónasdóttir er ellilífeyrisþegi og er ekki í þjóðkirkjunni. Hún taldi gott að vera í samstarfi við kirkjuna vegna félags sem hún er í sem er samtök Soroptimista. Þá voru foreldramorgnarnir henni ofarlega í huga vegna barnabarns hennar. Um það segir hún:

„Ég held að mömmumorgnar t.d. hér í kirkjunni eru mjög vinsælir. Því ég á tengdadóttur sem býr hér í hverfinu og ...hún fór í svona fæðingarpunglyndi með eitt barnið. En kynntist þarna hún konu mjög góðri.”

Bára segir kirkjuna gera heilmikið fyrir fólkið. Kirkjan bjóði upp á marga atburði fyrir alla aldurshópa en oft láti yngra fólkið ekki sjá sig nema fermingarbornin því það sé skylda að þau mæti til kirkju. Það kom fram í rannsókninni að kirkjan lánar frjálsum félagasamtökum húsnæði til fundarhalda. Ekki er alltaf tekin leiga af húsnæðinu en félögin vinna í staðinn fyrir kirkjuna. Signý Jónasdóttir lýsir þessu þannig:

„...Þurfum náttúrulega að ganga frá sjálfar og leggja á borð og eitthvað en það er kostur fyrir það klæðum við í kyrtla og það er mjög skapandi starf finnst mér og maður tengist þá bæði prestinum, aðstoðarpresti og fólkinu hér í kirkjunni.”

Þá er einnig hefð í Árbænum að Soroptimistafélagið sjái um messukaffi fyrir eldri borgara á uppstigningardag og klæði fermingarbornin í kyrtlana.

Soroptimistafélagið gefur fátækum íbúum matarkörfur fyrir jólin og útdeilir þeim með aðstoð kirkjunnar. Kirkjan tekur stundum við þegar að aðrir geta ekki eða treysta sér ekki til. Dæmi er þegar það verða t.d. slys. Það gerðist að unglingur úr Árbæjarskóla tók líf sitt. Svæðislögreglan orðar þetta svona:

„Hún (kirkjan) hefur gríðarlegt afl þegar að svona kemur upp á ...þegar farið var ofan í það mál. Að hún skiptir máli en það er þá þegar að eitthvað svona gerist..“

Um starfsemi kirkjunnar segir Bára:

„En kirkjan náttúrulega hefur boðið uppá ýmislegt fyrir fullorðið fólk og boðið uppá ýmislegt þar sem að fullorðið fólk kannski eingöngu mætir en kannski þar sem að yngra fólk er ekki að mæta þó svo að því sé boðið.“

Eva Albertsdóttir segir:

„Kirkjan komi að góðum notum þó hún sé ekki hentug. Þá kemur hún að miklum notum. Við erum alltaf með fund niðri í kjallara þar.“

Í Grafarholti er ekki komin kirkjubygging en búið að stofna söfnuð og er það yngsti söfnuður borgarinnar. Kirkjan er með aðstöðu í sal í húsnæði Félagsbústaða. Í húsinu þar sem salurinn er, eru 50 leiguíbúðir fyrir eldri borgara. Kirkjan býður upp á bænastundir og sameiginlegan morgunverð einu sinni í mánuði. Nýverið hefur þjónustumiðstöðin boðið upp á uppeldis námskeið fyrir íbúana. Félagsbústaðir er hlutafélag í eigu Reykjavíkurborgar og sér það um allar félagslegar leiguíbúðir í eigu borgarinnar.

Bygging kirkju í Grafarholti er hafin og var fyrsta skóflustunga tekin í ágúst 2007. Áætlað er að kirkjubyggingin verði tilbúin í lok ársins 2008. Kirkjan verður á áberandi stað efst í hverfinu nálægt Ingunnarskóla. Í báðum þessum hverfum Árbæ og Grafarholti er kirkjan staðsett miðsvæðis. Kirkjan stóð fyrir stofnun foreldramorgna í Grafarholtinu. Þá hefur hún komið að einstökum viðburðum eins og skáldakvöldum en þar koma skáld og lesa upp úr verkum sínum. Kiwanis hefur gefið jólaseríu á jólatré sem er í umsjón kirkjunnar. Kirkjan í Grafarholtinu gefur út fréttablað sem er borið út í öll hús í hverfinu.

7.11 Boðleiðir

Til að fólk sé sátt við hverfið sitt þá þarf að vera einhver þjónusta í boði. Þessi þjónusta þarf að vera fjölbreytt og gagnast íbúunum. Stundum heyrir að einhver hverfi séu án allrar þjónustu en það er ekki alls kostar rétt því í þéttbýli er ávallt

einhver þjónusta til staðar, þar má nefna sorphreinsun, póstútburð, vatn, rafmagn, hitaveitu, símatengingar, lagningu göngustíga, félagslega heimaþjónustu, hreinsun strandarinnar, hreinsun gatna o.s. frv. Grunnþjónusta vill gleymast en engu að síður þá er þetta þjónusta sem íbúar fá.

Það að flytja og fá fréttir hefur einnig alltaf verið fyrir hendi. Fyrir hundrað árum voru allar boðleiðir gjörólíkar því sem gerist í dag. Eina orðið sem kemur upp í hugann í þessu samhengi er bylting. Fregnir bárust helst með tímaritum, sendibréfum eða í samtölum. Fréttir bárust þannig sjaldan og á einfaldan hátt. Í upplýsingasamfélagi nútímans berast fréttir stöðugt og í sífellu enda er talað um síbylju. Þeir sem halda utan um eitthvert starf íhuga vel hvernig þeir eigi að koma hugmyndum sínum á framfæri. Það er samkeppni um að finna árangursríkustu leiðina til að ná til fólks. Til að íbúar geti fylgst með hvað er að gerast í hverfinu verða þeir að fá upplýsingar um hvað er að gerast. Stoker (2006) segir að bein samskipti milli íbúa og stjórnmálamanna sýni mestan árangur.

Í könnun sem Reykjavíkurborg lét gera 2005 var spurt hvernig íbúum hentaði best að nálgast upplýsingar um starfsemi borgarinnar. Gefnir voru eftirfarandi sjö svarmöguleikar; í gegnum sjónvarp, útvarp, dagblöð, Internetið, heimsenda bæklinga, í gegnum hverfablöð eða með öðrum hætti. Í gegnum sjónvarp 6,4% í gegnum útvarp 1,6%, í gegnum dagblöð 11,5%, í gegnum internet/ tölvupóst 61,4%, í gegnum heimsenda bæklinga 5,2%, í gegnum hverfablöð 5,6% og með öðrum hætti 7,3% (Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Snorri Örn Árnason og Matthías Þorvaldsson, 2005).

Sigprúður og Sigurður voru sammála um að það gengi best að reyna að virkja sem flesta. Sigurður sagði:

„Mér finnst að það eigi að gefa sem flestum möguleika að hafa eitthvað vægi í því og geta sýnt svona kannski aðeins hvað þeir eru að gera. Þú þarft ekki mikla markaðsetningu á viðburðinum ef fullt af börnum og hérna fullorðnum, öldruðum koma að því og þá eru þeir farnir að draga með sér þá sem tengjast þeim. Ég lít svolítið á Grafarvogsdaginn sem góða fyrirmynd því að mér finnst það hafa gengið mjög vel að virkja marga þar.“

Í flestum hverfum Reykjavíkur eru gefin út mánaðarlega hverfisblöð. Í þessum blöðum birtast helstu fréttir úr hverfinu og fyrirtæki í hverfinu auglýsa starfsemi sína. Í Árbæjar- og Grafarholtshverfi er gefið út Árbæjarblaðið. En eftir að Grafarholtshverfið tók að stækka þá var fyrir neðan nafn blaðsins bætt við blaðið að það væri borið út í Grafarholti og í Árbæ. Viðmælandi úr hverfisráði taldi ekki vera grundvöll fyrir sérstöku hverfablaði í Grafarholtinu. Hann sagði:

„Í dag er enginn grundvöllur, held ég að gefa út sérblað. Þetta er ekki nema tæp sex þúsund manns. Og það er svo lítið af fyrirtækjum í hverfinu við vitum að svona blöð ganga á auglýsingarkosnaði það er enginn til að auglýsa. Þannig að ég held að við séum bara mjög háð því að hafa sameiginlegt blað. Við þurfum að vera duglegri að koma með efni í blaðið finna fyrir því að við tilheyrum þessu blaði líka.”

Að ná til fólks getur verið erfitt. Það hefur komið fram í könnun hjá Reykjavíkurborg að hverfisblöðin eru með 5,6 % lesningu úti í hverfunum.

Í hverfi þar sem fólk er reynir að efla hverfavitund þar er fólk óþreytt við að leita leiða til að kynna starfsemi sína til að sem flestir íbúar geti haft aðgang að henni og notið hennar.

Nýjasta leiðin til að ná til fólks er í gegnum veraldarvefinn. Eins og kom fram í könnun Reykjavíkurborgar 2007 þá hafa margir mikla trú á Netinu og heimasíðum. Annar viðmælanda minna sem hefur átt veg og vanda að hverfasíðu Árbæjar telur að hverfasíða sé

„ ...gott tæki til þess að efla íbúavitundina að fólk viti af því sem er að gerast í sínu hverfi..Ég held bara hérna eins og með hverfasíðuna að það væri hægt að koma heilmiklum upplýsingum til íbúanna. “

Sigurður Magnússon hefur svipaða sýn og sagði :

„...að það sé hægt að hafa einhvern gagnabanka þar sem foreldrar t.d. geta nálgast allar upplýsingar um það hvað er að gerast í hverfinu að það sé einhver svona þarna á daglegum basis eins og maður segir vettvangur þar sem þú getur bæði verið að spjalla um hverfið ræða um það, hvað má betur fara í gatnamálum, forvörnum eða nefndu hvað sem er og geta líka náð í upplýsingar af því oft er það þannig að það stangast á viðburðir.”

Sigðurþór Guðmundsson sagði:

„...einhverju í sambandi við framfarir horfur í hverfinu að þú hafir fréttamiðil sem er reglulega að segja þér fréttir af einhverjum slíkum einhverjum hlutum vegna þess að þá er einhver að hérna að segja ég meina það að Fréttablaðið gerir það ekki Mogginn gerir það ekki að þessir hlutir sem sumir myndu kalla litla en eru gríðalega stórir og mikilvægir í þessu nær samfélagi eru mikilvægir eru brýnir og eru sameiginleg verkefni.”

Þekktar aðferðir til að koma skilaboðum til fólks er að senda töskupóst heim með skólabörnum, hringja til fólks, setja auglýsingar í Árbæjar- og Grafarholtsblaðið, hengja auglýsingar upp í verslunum, bönkum, bókasafni og pósthúsi. Þeir sem hafa búið lengi í hverfinu segja að þeir fái fréttirnar við að fara út í búð eða jafnvel á bensínstöðina.

Um heimasíðu segir Bára Jónsdóttir hún er :

„gott tæki til þess að efla íbúavitundina að fólk viti af því sem er að gerast í sínu hverfi “. Þrátt fyrir þessar boðleiðir þá upplifa ekki allir að þeir fái tilkynningar. Þó sagðist einn viðmælandinn minn að það væri gott að leita til eldri íbúa.

Guðrún Árnadóttir sagði :

„Það er fullt af fólki sem er ekki tölvuvætt. Það er bara í dag þótt það sé alltaf minni og minni hópur. Þá er það samt ótrúlega stór hópur. Miðað við að við gerum alltaf ráð fyrir því að allir hafi tölvur.”

Flestir sögust alltaf lesa Árbæjar og Grafarholtsblaðið. Þó sagðist ein kona ekki hafa séð það blað í mörg ár og taldi að það væri hætt að gefa það út. Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts er komin með heimsíðuna arbaer.is og grafarholt.is og þar geta þeir íbúar sem hafa tölvur fengið vitneskju um það sem er að gerast innan hverfisins. Þá geta íbúar og aðrir ef þeir óska farið á póstlista Þjónustumiðstöðvarinnar.

Viðmælendum mínum var það mikilvægt að búa til hefð eða viðhalda gömlum hefðum. Allir töldu það mikilvægt að íbúar ungir sem aldnir sameinuðust um eitthvað eins og t.d hverfahátíð.

Sigurður Magnússon telur að einn þátturinn til að skapa hverfavitund sé að íbúarnir vinni að einhverju sameiginlegu markmiði. Það kom fram hjá þeim viðmælendum mínum sem starfa innan hverfisins að þeim finnst nauðsynlegt að vinnustaðir þeirra komi að því að efla hverfisvitund og leggi þannig sitt að mörkum til að efla félagsauð. Stofnanir innan hverfis mynda heild og samstarf er á milli þeirra sumra.

Signý Guðmannsdóttir sagði:

„Það er íþróttafélagið, það er kirkjan, það eru skólarnir, leikskólarnir allir þessi staðir þú veist þeir skipta allir máli þannig að skátarnir væru bara einn hlekkur enn í keðjunni til að búa til einhverja svona heildar hverfisvitund því allir þessir hlutir eru hlekkur í keðjunni sem býr til hverfið okkar... eftir því sem fleiri aðilar koma svona inn að þá styrkir það böndin vegna þess að ég kannski væri að kynnast einhverju fólki á einum staðnum á meðan ég var að kynnast öðrum hópi á öðrum stað alveg eins og í íþróttum þar kynnist ég fullt af foreldrum.”

Samgöngur á milli Grafarholts og Árbæjar eru ekki greiðar. Um þetta sagði Guðríður:

„Og þegar að strákar mínir fóru í sund í sumar þá röltu þeir yfir í Grafarvoginn. Og svo er það líka hverfið sem maður kemur í er verksmiðjuhverfi maður fer ekki inn í íbúahverfi. Á meðan það er bæði auðveldara niður í Grafarvoginn sjálfan og mjög fallett umhverfi þar.”

Guðrún sagði um þau vandkvæði sem íbúar geta lent í þegar þeir leita fréttu:

„En það er enginn svona einn staður þar sem þú getur hengt upp og þú verið viss um að allir komi. Það er ekki komin sundlaug, já ég veit ekki það væri kannski hægt að setja upp staur sem væri gler fyrir en það þarf alltaf einhver að sjá um það.”

Sigurþór Guðmundsson sagði:

„Þessar umræður um málefni hverfisins- umhugsunarvert t.d. bara í öllum þælingum um íbúalýðræði að þú sért með stóran þöglan hóp sem þú bara nærð aldrei í og- og þú veist þetta er kannski meira segja líka hópur sem er síður líklegur til þess að mæta á kjörstað taka þátt í kostningu hvað þá að skrifa grein í blöð eða hringja inn í símatíma

útlarpstöðvanna þannig að þetta er hættan með jaðarhópa getum við sagt, þetta eru einstæðingar þetta er fólk af erlendu bergi brotið þetta er hérna, já fólk bara sjúklingar, fólk sem af ýmsum ástæðum er svona, ekki og svona áhættuþáttur fyrir þetta er auðvitað ef þú ert ekki á vinnumarkaði. Það er svona mjög mikill svona tengiþáttur fyrir mjög marga. Vera í vinnu. Þetta er allt hérna hluti af þessum auð og ég held að best er ef að sé að einhver svona miðstöð þar sem að það sko blæði svolítið á milli þannig menn séu að nota sér aðstöðuna sé ekki að leigja sér einhverja kytrur út af fyrir sig út um allt heldur svona, já sé svolítið saman eða samnýti einhverja hluti þannig að það myndist svona einhver óvænt tengsl kannski í gegnum þetta eins og gerist í sundi, kannski á þetta að fara allt fram í pottunum.”

7.12 Hverfasamstarf og borgaryfirvöld

Viðmælendur höfðu ólíka vitneskju um starfsemi hverfisráðanna. Þeir sem unnu hjá borginni vissu um tilvist hverfisráðanna. Nokkrir hinna höfðu heyrt þeirra getið. Einum viðmælenda fannst það vera galli á þeim að þau væru pólitískt kosin og sagði að það væri ekkert öryggi fyrir því að fólk utan hverfis væri í ráðunum. Og þá var viðkomandi efins um að einstaklingarnir störfuðu af sömu heilindum eins og ef þeir væru í hverfisráði í borgarhluta þar sem þeir bjuggu sjálfir. Öðrum viðmælenda mínum fannst að við hlið hverfisráðanna ætti að vera starfandi annað ráð eða félag sem væri ópólitískt sem væri grasrótastarfsemi þ.e. kæmi frá íbúunum ekki frá yfirvöldum.

Það kom fram hjá þremur viðmælendum mínum að fyrir nokkrum árum hefðu borgaryfirvöld ætlað að setja sorpböggunarstöð í Hádegismóa við Rauðavatn. (Þar sem Morgunblaðið er til húsa.) Þá tóku íbúarnir sig saman og skrifuðu 3244 íbúar undir mótmælaskjal og færðu borgaryfirvöldum, sem síðan drógu þessa ákvörðun til baka. Á þessum tíma var starfandi Framfarafélag Seláss og Árbæjarhverfis (F.S.Á). Það félag var stofnað 1954. Félagið stóð að alls konar málum þar má nefna að á stjórnarfundum félagsins 7. mars 1967 lagði formaður félagsins til að unnið yrði að sérstakri sókn fyrir Árbæinn. Jafnframt lagði hann til að stofnað yrði íþróttafélag. Þá stóð félagið árið 1966 fyrir stofnun lúðrasveitar barna. (Sigurjón Ari Sigurjónsson, 1969a, 1969b, 1969c.). Þetta var fyrsta hagsmunafélag íbúa í Reykjavík. Árið 1969 til ársins 1971 stóð félagið fyrir útgáfu fréttablaðsins Jörfa, kynningarblaðs Framfarafélags Selás og Árbæjarhverfis. Blaðið kom út einu sinni á ári í þrjú ár alls komu út þrjú tölublöð. Tilgangur félagsins var að vinna að

framfara-, hagsmuna og menningarmálum hverfisins, efla samhug og samstarf og stuðla að fegrun og þrýði á lóðum og löndum félagsmanna („Lög félagsins”, 1969). Það kom fram hjá tveimur viðmælendum mínum að félagið hafði mörg baráttumál á stefnuskránni. Þar má nefna að það barðist fyrir endurbótum í skólamálu, frágangi á íþróttasvæði Fylkis, að umgengni og umhirða í hverfinu yrði bætt og að skipuleggja árlegs hreinsunardags í samvinnu við hreinsunardeild borgarinnar, rukka fyrir gefin loforð um uppsetningu umferðarljósa og byggingu sundlaugar. Formaður síðustu virku ára félagsins var Benedikt Bogason en hann lést skyndilega og fljótlega í kjölfarið lagði félagið upp laupana. Benedikt lifði hvorki að sjá Fylkishöllina né sundlaugina rísa. Það er vel þekkt að einstaklingur sem hefur svokallað náðarvald seti á fót einhverja starfsemi og laði til sín fólk með svipaðar skoðanir. Þetta fólk starfar saman að einhverri uppbyggingu en þegar foringinn hættir þá annaðhvort hættir starfsemin eða einhver tekur við kyndlinum og starfsemin heldur áfram (Hudson, 1995). Benedikt virðist hafa haft svona náðarvald og var hann um tíma aðalsprautan í félaginu. Nokkrir viðmælendur mínir töldu mikilvægt að stofna íbúasamtök og þeim sem þekktu til Framfarafélagsins fannst ástæða til að reyna að endurvekja það. Einn viðmælandi minn Sigurbór Guðmundsson sagði að Framfarafélagið hefði aldrei verið lagt niður og ætti að vera tiltölulega auðvelt að lifga það við. Þá var það hugmynd sumra að í raun væri það Fylkir sem hefði fyllt það skarð er varð við lát Benedikts Bogasonar. Fylkir virðist hafa haft mikil áhrif í hverfinu. Eva Albertsdóttir sagði að hún saknaði Framfarafélagsins. Hún sagðist aldrei hafa heyrt minnst á hverfisráð, en hún hafði fyrir nokkrum árum pantað tíma hjá borgarstjóra til að biðja um að bókasafn kæmi í hverfið. Þetta gerðist eftir að Framfarafélagið lagði niður starfsemi sína.

Eva lýsir samskiptum þeirra hjóna við borgaryfirvöld með eftirfarandi hætti:

„Þetta hverfi sat alltaf á hakanum það náttúrulega var ekki stórt. Og þá var ekki mikið um að kjósa fá kosningar frá þessu félagi eða hverfi. Þá fer hann á fund Davíðs Oddsonar borgarstjóra þáverandi og fær hann til að lofa því að næsta sundlaug sem eigi að byggja verði í Árbæjarhverfi og fór svo með það í sjónvarpið og með því var það heitbundið og það var ekki aftur tekið og svo þegar að það kom að því að það eigi að fara t.d. að setja sorpið hérna upp, þá var bara gengið í hús og skilað. Allir vildu náttúrulega allir voru samþykkir því að vilja ekki fá þar sem Morgunblaðshöllin er að fá þar sorpið það skrifuðu

bara allir undir...sko það þurfa að vera menn sem eru duglegir að koma fram og þora að fara að tala við þessa háu herra sem ráða yfir okkur. Og fá samþykki þeirra til að þetta sé gert og hitt sé gert.”

Þeir viðmælendur sem vissu um hverfisráðin töldu að það ætti að vera hlutverk þeirra að efla tengingar innan hverfisins og aðstoða við að virkja íbúana sérlega í nýjum hverfum. Þá ætti það að sjá um sameiginlega atburði eins og hverfisdag. Einnig að hafa umsjón með heimasíðu hverfisins. Einn viðmælandi minn Sigurður Magnússon ræddi um mikilvægi ungmennaráðanna. Hann sagði einnig:

„Oft er það líka þannig að fólk hefur einhverjar hugmyndir sem eru óframkvæmanlegar þá er gott að þeir sem sitja í þessu hverfisráði að þeir geti komið þá með eitthvað á mót. Þannig að það sé ekki bara ég ætla að fá og svo velkist það um í kerfinu og að einhverjum mánuðum eða vikum seinna kemur nei. Þetta er ekki hægt. Þá verður fólk pirrað í staðinn fyrir að geta rætt þetta að þarna sé mjög mikill góður möguleiki að það sé svona hvað á maður að segja sátt í hverfinu um hvernig hlutirnir eru unnir. Ég held að það sé einmitt mikilvægt að börn og unglingar fái möguleika á að koma að svona hlutum líka.”

Viðmælendur mínir voru ekki allir vissir um hlutverk hverfisráðanna. En þeir sem sitja í hverfisráðunum líta á þau sem tengilið við borgarstjórn og til að stuðla að því að íbúarnir standi saman og séu stolt af umhverfi sínu.

Maður sem þekkti borgarkerfið sagði að hann myndi panta sér tíma hjá borgarstjóra ef hann þyrfti að hafa samskipti við borgaryfirvöld. Mikil ásókn er í viðtöl hjá borgarstjóra og er allt að mánaðarbið eftir viðtölum hjá honum auk þess veita borgarfulltrúar Reykjavíkur íbúunum viðtöl. Hverfisráðin virðast ekki vera nægjanlega kynnt, viðmælendur þekktu lítið til starfsemi þeirra. Það sama virðist gilda um þjónustumiðstöðina. Viðmælendur mínir virðast vita óljóst hvað þar fer fram. Þeir muna t.d. ekki hvað hún heitir. Þetta átti við flesta viðmælendur mína hvort sem þeir voru að vinna innan borgarinnar eða ekki. Þá sögðu þeir sem þekktu til borgarkerfisins að það væri flókið og tæki langan tíma að læra á það.

Einn viðmælandi sagði:

„Við erum með pólitískt ráð gott og vel og allt í lagi að hafa það sem í raun einhverja tengingu við borgarstjórn eða borgaryfirvöld en það yrði að vera frekar stuðningsaðili við

(íbúana) ... Það er bara þannig að hverfisráð held ég að væri bara gott mál ef það vinnur að því að vinna að hagsmunum íbúanna en það eitt og sér er ekki nægjanlegt til þess að búa til einhverja hverfisvitund í hverfinu. Það er ekki víst að þetta fólk búi einhvers staðar í hverfinu. Það getur búið einhvers staðar annars staðar...Pólitískt skipað hverfisráð nægir ekki til að búa til eitthvað svona heildstætt hverfi. Það getur verið með sem stuðningsaðili en ekki eitt og sér. Það er bara eins og alltaf til þess að þú fáiir einhvern árangur, og til þess að þú náir til allra þá þarftu að vera með íbúana sjálfa virka.”

Jafnframt sagði hann að þjónustumiðstöðin væri ekki sýnileg íbúunum.

Þeir stjórnámálamenn sem ég talaði við voru sér meðvitaðir um og gerðu sér grein fyrir hversu vandasamt hlutverk þeirra er. Annars vegar að stuðla að stofnun íbúasamtaka og jafnframt hins vegar vitandi að það er almennt talið betra til árangurs að svona starfsemi komi frá grasrótinni. Þannig verða þau í raun að leita leiða til að hvetja og virkja (valdefla) íbúana til að stofna íbúasamtök. Markmiðið með því að stuðla að íbúasamtökum, hverfafundum og íbúalýðræði er að veita íbúunum eitthvert tækifæri til að koma á einhvers konar samstarfi. Signý Jónasdóttir sagðist aldrei hafa heyrt um hverfisráð en hún hafði séð auglýsingu um þjónustumiðstöðina.

Guðríður leggur mikið upp úr tengslum og orðar það þannig:

„ ...ég er sannfærð um það að tengsl hvort sem þau eru við stofnanir eða við einstaklinga, skipta máli. Það byggist á persónulegum tengslum. Maður safni að sér fólki sem er gott að vinna með og hérna hefur aðgang að öðrum hlutum, eins og ég segi, það eru sumir hlutir sameiginlegir með þessu. Og aðrir með einhverju öðru.”

Rannsakanda fannst einlægur vilji vera hjá þeim stjórnámálamönnum sem hún talaði við hvar í flokki sem þeir eru að stuðla að betri borg og góðum samskiptum við íbúana. Í Grafarholtinu þar sem verið er að byggja upp nýtt hverfi vaknaði áhugi á stofnun íbúasamtaka. Íbúasamtök Grafarholts og Úlfarsárdals voru stofnuð 19. apríl 2008 og samþykkt voru lög fyrir félagið. Í þeim kemur fram að tilgangur félagsins sé meðal annars er að vera samstarfsvettvangur og vinna að framfara- og hagsmunamálum í hverfinu. (Sjá fylgiskjal 2)

Þennan dag kom borgastjóri á fund til íbúa hverfisins. Þá er einnig er hafinn undirbúningur í hverfinu fyrir íbúafing. Þeir opnu fundir sem eru haldnir með yfirvöldum eru vel sóttir. Mikill áhugi virðist vera á umferðarmálum og

skipulagsmálum t.d lagningu göngustíga. Meiri þörf er talin vera á stofnun íbúasamtaka í nýjum hverfum, í eldri hverfum borgarinnar hafa þau tilhneigingu til að vera sérhæfðari. Þróun félagasamtaka er vel þekkt og íbúasamtökin falla hæglega að þeirri þróun. Þróun félagasamtaka er frá því að einstaklingur vekur athygli á einhverjum tilteknum málstað og smám saman koma fleiri í hópinn og þessir aðilar stofna félag sem tengist málstaðnum (Hudson, 1995). Þá hefur komið fram á íbúafundum í Grafarholti að þeim finnst tenging þeirra við Árbæinn vera of mikil og vilja meira sjálfstæði s.s eigin heilsugæslustöð, þjónustumiðstöð og hverfablað. Hverfisráðin í Reykjavík eru ung og því er ef til vill ekki einkennilegt að borgarbúar þekki illa til starfsemi þeirra. Það var sammerkt með viðmælendum mínum að þeir voru ekki uppteknir af borgaryfirvöldum, hverfisráðum eða íbúalýðræði. Það merkti ég með því að þeir svöruðu ekki um þau nema þeir væru spurðir beint. Hverfisráðin þurfa líklega lengri tíma og fleiri fundi til kynna sig og hugmyndafræði íbúalýðræðis þannig að þau verði sýnileg íbúunum. Um hverfavitundina segir einn viðmælandinn:

„ ...mér finnst það alveg hafa gengið svona upp að vissu marki mér finnst það vanta svona næsta skref að það eru margir sem eru farnir að sjá að þetta skiptir máli verulega miklu máli fyrir þá inni í svona hverfavitundinni. En mér finnst þetta svona vera kannski ekki nógu markvisst svona eins og þetta hefur verið það þarf að búa til þessi samtök.

.. pólitíkusar og fólk inni sem er ekki bara í þjónustumiðstöðinni að vinna heldur líka kannski aðilar í hverfinu sem geta verið að hittast reglulega eins og ég meina þesssi samtök að það væru reglulegir fundir fjórum sinnum á ári eða eitthvað.”

Um skort á hverfasamtökum í Árbæjarhverfi sagði Sigurþór:

„Sko að hluta til hefur Fylkir svolítið fyllt í þetta skarð. Það er að segja að vera svona vettvangur. Ég meina ef þú horfir á þegar það berast einhver mótmæli í hverfinu þá er það glettilega oft eitthvað sem menn hafa svona græjað á skrifstofu Fylkis eða svona tala sig saman yfir getraununum eða svona að einhvern veginn hefur það svona tekið svolítið yfir sem er hjartað í hverfinu.”

Jón Örn sagði um samskiptin við borgaryfirvöld:

„Ég hugsa að hinn almenni Árbæingur myndi sjálfsagt bara panta sér tíma hjá ritaranum niðri í ráðhúsi og fara bara að hitta borgarstjórnann... Ég held að þessi venjulegi Árbæingur sé ekkert ja- viti ekki nægilega mikið um þjónustu t.d. þjónustumiðstöðvarinnar til hvers hún er þarna ? Hvað eigum við að sækja þangað ? ... Það væri kannski eðlilegi leið að fara fyrst þangað (í þjónustumiðstöðina). En ég held nú samt að hverfisbúinn myndi bara panta sér tíma hjá borgarstjóra, bara viðtalstíma og fái sinn hálf tíma eða korter eða hvað það er. Hmm.”

Um þetta sagði Guðrún Árnadóttir:

„Kannski finnst fólki vesen að hringja í einhverja þjónustumiðstöð. Til að koma einhverju á framfæri þegar það getur frekar bankað upp á hjá gæjanum í næsta húsi og komið með eitthvað. Mér finnst allt í lagi að koma þessu á framfæri sumir eru bara þannig.”

Um leið og einn viðmælendi minn kvartar undan boðleiðunum, segir hann jafnframt:

„Mér finnst... þetta fólk er alveg aðgengilegt af því að maður veit að maður getur fundið það inni á Reykjavíkurvefnum og ég held bara að það sé mikilvægt að þetta fólk sé aðgengilegt líka fyrir fólkið í hverfinu að gera sent áfram fyrirspurn eða ábendingu.”

Einn viðmælendi sem átti setu í hverfisráði sagði:

„Ég sé okkur sem svolítinn tengilið. Þrýstihópur fyrir íbúana fyrir það sem það er að gera. Og taka þátt í uppbyggingu...ég held að málið sé einmitt að þá er líka gott að fá hugmyndir frá íbúunum sjálfum, hvað brennur mest á hvar eigum við að einbeita okkur næst.... Borgarsystemið er náttúrulega mjög flókið, ofboðslega mikið bákni og kannski helst að maður vildi hafa greiðari leið að þeim sem hafa svörin.

7.13 Mótsagnir

Í viðræðum mínum við viðmælendur mína komu fram nokkrar mótsagnir. Þeir voru sammála um samstöðu íbúanna og sögðu að hverfavitund væri til staðar. Mótsögnin felst í því að um leið og þau lýsa yfir samstöðu íbúanna er samtímis erfitt að manna stjórnir foreldrafélaga og þátttaka er víða dræm eins og í foreldraröltinu. Þá eru mótsagnir í því að um leið og þeir ítreka að þeim líði vel í

hverfinu, það sé gott að búa í hverfinu og þeim finnist hverfið vera mjög gott, þá kemur einnig fram að hverfið sé ekki svo gott. Þeim finnst hverfið vera útundan, það þyki ekki nógu merkilegt og það sitji á hakanum. Jón Örn sem starfar hjá Fylki sagðist halda að flestir séu frekar ánægðir með hverfið sitt en ekki endilega ánægðir með umhverfið. Það hefði ekki verið gengið frá gangstéttum og lýsingu en hann telur hverfið vera tiltölulega öruggt. Þá eru þeir sammála um það sé kostur að hverfið sé ekki stórt. Annars staðar segir hann það neikvætt að hverfið sé ekki stórt vegna þess að það fái litla þjónustu frá borgaryfirvöldum vegna smáðar þess. Hann orðar þetta þannig:

„Ég held það þ.e.a.s sko kannski ekkert endilega ánægðir með umhverfið sitt. Við höfum löngum svona fundist þetta vera hálfgerð olnbogahverfi ekki gengið frá svona stéttum og lýsingu og eitt og annað sem hefur verið að pirrað okkur í gegnum tíðina. En ég held að þeim finnist nú flestum ef ekki öllum gott að búa hérna með börn að þetta sé svona tiltölulega, öruggt umhverfi þó áin sé hér.”

Eva Albertsdóttir sem býr í Árbæ segir að það sé kostur að hverfið sé privat og útaf fyrir sig. Mótsögnin felst m.a í því að þeim finnst jafnframt að hverfið sé olnbogahverfi og hverfið sé útundan í framkvæmdum á vegum ríkis og borgar.

Um þetta segir Eva að sundlaugin hafi verið byggð seint og síðar meir og önnur yngri hverfi hafi haft forgang. Þá rifjar hún upp að þegar til stóð að byggja sorpböggunarstöð upp við Rauðavatn tók mikill meirihluti sig saman og mótmælti kröftuglega og sendi undirskriftalista til borgarstjórnar sem varð til þess að yfirvöld hættu við þessar aðgerðir.

Eva segir jafnframt að hlutirnir hafi skánað og kemst svo að orði:

„Við auðvitað höfum alltaf verið útundan með allt og ekki fengið neitt. Og við fórum fram á bókasafn hér uppfrá og það er nú komið. Og það er svo margt svona eins og við værum ekki með af því það var eins og við værum ekki með því við værum ekki nógu merkileg. Nógu mikill fjöldi hér uppfrá til að hægt væri að sinna okkur En það hefur verið ansi mikið þannig en þetta hefur skánað mikið. Það hefur gert það... Og allt í einu kom stór Bónus hérna sem maður átti ekki von á. En það eykur gífurlega traffík hérna. Það er alltaf fullt planið hjá Bónus alltaf troðfullt. Mér finnst ósköp þægilegt að vera svona nálægt öllu.”

Signý segir um þetta:

„Það sem er gallinn við svona er þegar stór hluti hverfisins finnur ekki þörf hjá sér til þess að fara af því hann vantar svolítið hlutverk svo þegar þú ert búinn að ná manni einu sinni þá fer maður aftur og aftur þegar búíð er að festa þetta.”

Bára bendir á að opið hús að félagsmiðstöðinni Hraunbæ 105 er einungis opið á skrifstofutíma og segir:

„Þá er hún opin öllum en náttúrulega á þeim tíma sem flestir eru að vinna en það allir eru velkomnir eins og forstöðukona hefur sagt og það er heilmikið starf sem er þar í gangi. Og það mætti alveg efla kannski hérna þennan samgang á milli skóla og Félagsþjónustunnar.”

Sigurþór Guðmundsson segir:

„Borgaryfirvöld mega ekki einhvern veginn búa til einhver íbúasamtök þau verða að spretta úr grasróttinni eðli málsins samkvæmt. Finnst mér að minnsta kosti. En það á hins vegar að hvetja til stofnunar þeirra með því að hafa aðgengilegan svona einvern stofnkostnað og eitthvað svona þannig að það bætist nú ekki ofan á sjálfböðavinnuna og hitt að slíta fólk á fyrstu fundina o.s.frv. Sundlaugin drap auðvitað allt annað af sér af því að hún er svo náttúrulegur samastaður fyrir allt. Kannski er þetta að færast frá Fylki yfir í sundlaugina. Ég veit það ekki yfir í pottana.”

8 Niðurlag

8.1 Samantekt og umræða

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að kanna viðhorf íbúa í tveimur hverfum Reykjavíkur og kanna afstöðu þeirra til nánasta umhverfis, hvað það er í huga þeirra sem skapar hverfi og félagsauð. Þá var fjallað fræðilega um hvort félagsráðgjöf tengist félagsauði og íbúalýðræði. Sú leið sem var valin til að nálgast rannsóknarefnið var að gera eigindlega rannsókn og rætt var við tíu einstaklinga sem búa og/eða starfa í Árbæ og Grafarholti. Í fræðilegum hluta var fjallað um hugtökin valdeflingu, félagsauð og íbúalýðræði. Könnuð var umfjöllun erlendra fræðimanna um þessi hugtök. Athugað var hvort og ef svo var, hvernig hægt væri að tengja þessi hugtök viðhorfum viðmælenda rannsóknarinnar.

Rannsókninni má skipta í tvo hluta annars vegar eigindlega rannsókn og hins vegar kenningarlega umfjöllun um félagsráðgjöf, félagsauð, valdeflingu og íbúalýðræði.

Megin rannsóknarspurningarnar eru tvær. Í fyrsta lagi hvert er viðhorf íbúa í Grafarholti og Árbæjarhverfi til umhverfisins og hvað er það í huga þeirra sem skapar hverfi og félagsauð? Og í öðru lagi var spurt hvort það væru tengsl á milli félagsráðgjafar, íbúalýðræðis og félagsauðs.

Í þessari eigindlegari rannsókn kemur í ljós hvaða þættir það eru sem gefa viðmælendunum tilfinningu fyrir því að finnast þeir vera sáttir í hverfinu. Hvernig þeir upplifa að þeir tilheyri því og að þeir séu hluti af heild og leggi sitt af mörkum með þátttöku og hvað þeim þyki mikilvægt að sé í hverfi svo það standi undir nafni. Af greiningu viðtala má draga þá ályktun að það er ekkert eitt sem skapar félagsauð. Í hverfi þar sem fólk er að reyna að efla félagsauð er það óþreytt við að leita leiða til að kynna starfsemi sína til að sem flestir íbúar geti notið hennar. Allir viðmælendurnir í rannsókninni tengjast einhverri starfsemi í hverfinu. Sumt eiga þeir sameiginlegt en annað ekki. Þessi niðurstaða fellur vel að kenningu

fræðimannsins Putnams um félagsauð, þegar hann fjallar um hnýtingu (bonding). Hnýting snýr að hópum sem eru einsleitir og eiga sér eitthvað sameiginlegt. Með hnýtingu er átt við siðferðislega tengingu þar sem verið er að treysta böndin í nærsamfélaginu eins og við nágranna og hverfafélög (Putnam, 2000). Ofarlega í huga viðmælendanna í rannsókninni er skólinn, kirkjan og íþróttafélagið. Þeir tengjast starfsemi þeirra á beinan og óbeinan hátt. Á ýmsum tímamótum í lífi sínu tengjast þeir kirkjunni. Þar má nefna við skírn, fermingu, giftingu og andlát. Allir tengjast þeir íþróttafélaginu á einhvern hátt. Þá tengjast foreldrar starfi í skólum barna sinna. Foreldrar tengjast einnig í gegnum frístundir barnanna. Fullorðnir tengjast í gegnum frístundir sem geta verið þátttaka í frjálsum félagasamtökum eða íþróttum. Þannig tengist fólk ýmist í gegnum börnin sín, barnabörn eða sjálf sig. Þá finnst því að hverfi þurfi að hafa eitthvað sameiningartákn sem getur verið umhverfið, náttúran eða félag. Þessi niðurstaða fellur að kenningu Fukuyama (1999) um félagsauð. Hann telur að góð viðmið séu ekki nægjanleg þau verði að leiða til samskipta í hópum.

Til að vita hvað er að gerast innan hverfisins er nauðsynlegt að fólk fái vitneskju um viðburði í hverfinu, en það fær fólkíð í gegnum heimasíður, hverfablöð og fréttabréf. Íbúarnir sem rætt var við telja mikilvægt að í hverfinu sé einhver heildar hverfisvitund og líktu allri starfsemi í hverfinu við hlekk í keðju sem lægi um hverfið. Til að fólk líði vel í hverfunum þá þarf það að upplifa sig sem hluta af því, að það hafi eitthvert hlutverk og líti á hverfið sem heimahaga. Íbúarnir sem rætt var við í þessari rannsókn telja það mikilvægt að einhver lágmarkspjónusta sé í hverfinu og þegar hún er ekki til staðar þá ýta þeir eftir því hjá yfirvöldum. Dæmi um þetta er bygging íþróttahúss, bókasafns og sundlaugar. Þá kom fram hjá nokkrum viðmælendum að þeim finnst góður kostur að hafa heilsugæslu í nágrenninu til að þurfa ekki að fara langar leiðir í hana. Þessi nálægð við heilsugæsluna eykur ánægju og traust þeirra. Þannig að nálægð og gott aðgengi við heilsugæslustöð er einn þáttur sem eykur félagsauð viðmælendanna. Þetta fellur vel að kenningum Colemans (1998) því samkvæmt þeim þá byggir félagsauður á tengingum og trausti. Þegar fólk er sátt við þá þjónustu sem er til staðar, öðlast það öryggiskennd og vill búa þar áfram þ.e. foreldrar ala upp börnin sín og þeir eldri eyða ævikvöldinu þar. Þannig sýna þeir hverfinu ákveðna tryggð á sannfærandi hátt. Öll þessi starfsemi sem hefur verið nefnd ætti að vera til þess fallin að efla félagsauð íbúanna.

Í viðtölunum kom fram að viðmælendurnir höfðu heyrt orðið félagsauður en þekktu misvel til þess. Aftur á móti skildu allir merkingu þess og notuðu þeir orð eins og félagsanda, hverfavitund, heimahaga, samstaða, vera samstíga, lím, hjálpast að og mynda vitund þegar þeir voru í raun að fjalla um félagsauð.

Einn viðmælandi sagðist sjá hverfisvitund bæði hjá fullorðnum og börnum. Hann sagði að hverfisvitundin birtist þannig að íbúar vilja passa upp á hverfið sitt vilji ekki láta koma ljótan stimpil á það. Annar sagði að félagsandi sé þegar fólk á sér eitthvað sameiginlegt með íbúum, upplifi þá sem nággranna og sé ekki sama um staðinn þar sem það á heima og finnst nággrannarnir vera sveitungar. Tveir viðmælendur sögðu að það væri samstaðan í hverfinu sem gerði hverfið að góðu hverfi. Þá sagði einn að fólkið í hverfinu væri samstíga og allir tilbúnir að hjálpast að. Eva Albertsdóttir sem er í Soroptimistafélagi Árbæjar sagði frá því hvernig félagskonur styrkja íbúa eins og fatlaða stúlku til að stunda nám erlendis. Móðir barns í grunnskóla sagði að það skipti máli að þekkja fjölskyldurnar í hverfinu og vita hverjir væru með barninu hennar í skólanum og ná þannig að mynda vitund. Einn annar fjallaði að það væri mikilvægt að búa til lím í nýjum hverfum. Allar þessar upplifanir og lýsingar fjalla að kenningu Putnams (2000) , Fukuyama (1999) og Colemans (1998) um félagsauð.

8.2 Íbúalýðræði og félagsauður

Íbúalýðræði og félagsauður verður líkt og annað í samfélaginu ekki til af engu. Í rannsókn sem er verið að kanna viðhorf íbúa til umhverfisins þarf að skoða umfjallanir fræðimanna um félagsauð og lýðræði. Eitt það fyrsta sem var skoðað í rannsókninni var þátttökustigi Arnsteins og breytt útgáfa Gunnars Helga Kristinssonar af honum sjá kafla 2.4. Þessir stigar gefa góða mynd af þróun þátttöku íbúa í lýðræðinu. Á stigana er raðað þátttöku íbúa frá engri þátttöku til mikillar þátttöku eins og íbúavalds. Með því að skoða þátttöku í samfélaginu og bera hana við stigann er unnt að sjá hversu langt þróunin er komin. Á stiga Arnsteins öðru stigi þriðja þrepi er lýðræðið aðallega fólgið í því að stjórnvöld kynna áform sín. Þá er næst að stjórnvöld bjóða borgurunum upp á samstarf og í loka fasa er um fullkomið valdaafsal að ræða. Þegar þessar niðurstöður eru skoðaðar út frá þátttökustiga Arnsteins þá virðast íbúar að stórum hluta upplifa gerðir yfirvalda á neðstu þrepunum. Þriðja þrepið upplýsingar er algengast. Á því

þrepi fá íbúar alls konar tilkynningar sem ekki er ætlast til að þeir svari. Þarna geta verið auglýsingar frá yfirvöldum um nýja þjónustu eins og þegar að þjónustumiðstöðin hóf störf í hverfinu og um opnunartíma borgarstofnana. Dæmi um næstu þrep þar fyrir ofan er þegar að íbúar ýmist einir eða nokkrir saman panta sér tíma hjá borgarstjóra til að ræða við hann um nauðsyn einhverra framkvæmda. Eins og kom fram í niðurstöðum rannsóknarinnar þá fóru íbúar Árbæjar á fund borgarstjóra til að ýta á eftir byggingu sundlaugar og bókasafns. Þá fannst einum viðmælanda mikilvægt að fá borgarstjóra til að gefa loforð opinberlega eins og í fjölmiðlum og það vera vísun um að loforð yrðu haldin. Almennungur og yfirvöld eru ekki alltaf sammála hvar samskipti þeirra eru staðsett á þáttökustiganum. Dæmi um það er þegar að yfirvöld telja sig upplýsa almenning en íbúarnir telja sig fá að koma of seint að málnum. Þarna mætti nefna margs konar ósætti um skipulagsmál. Íbúar geta haft áhrif á niðurstöður yfirvalda með því að sýna vald sitt. Það gera þeir með mótmælum sem birtast í fjölmiðlum og með undirskriftarlistum. Þetta kom vel fram í rannsókninni þegar að íbúar í Árbæjarhverfi tóku sig saman og mótmæltu því að fá sorpböggunarstöð í hverfið sitt.

Líta má á lýðræðið sem ferli sem byggir á umræðu og er í sífellu að breytast. Í rannsókninni í kafla 2.1 var fjallað um lýðræðið og þróun kosningaréttar á Íslandi. Í 2.2 var skoðuð saga lýðræðisins allt frá dögum Forn- Grikkja. Í kafla 2.3 er fjallað um mun á beinu lýðræði og fulltrúalýðræði. Í kafla 2.4 var fjallað um aðkomu einstaklinga að lýðræðinu. Fræðimennirnir Gerry Stoker og Marion Young hafa bent á galla lýðræðisins. Gerry Stoker (2006) telur að stjórnmálamenn hafi gleymt hugmyndafræðinni og hafi því brugðist. Hann bendir á að það þurfi að breyta stjórnmálunum á þann veg að þau veiti fólki tækifæri til að segja eitthvað um þau mál sem skiptir það máli. Það þarf að upplýsa almenning og tryggja að hann fái að koma skoðunum sínum á framfæri. Undir þetta taka einnig Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Sigurborg Sigmarsdóttir og telja að það þurfi að rækta lýðræðið og koma á fót einhvers konar kennslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum. Til að efla enn frekar lýðræðið þá væri það hægt með að nýta sér fjölbreytileika samfélagsins til að styrkja lýðræðislega samræðu og ákvörðunartöku (Young, 2000). Í kafla 2.5 var fjallað um sögu íbúalýðræðis, hugtakið var fyrst notað í umhverfismálum. Hugmyndir um það má rekja til svo kallaðrar Brundtlands skýrslu sem Sameinuðu þjóðirnar gáfu út árið 1987. Í

Þessari skýrslu kemur fram að með sameiginlegu átaki væri enn von fyrir jarðarbúa án þess að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Til að íbúalýðræði geti komist á þá þurfa íbúar að hafa aðgang að upplýsingum og fræðslu um það þannig að þeir öðlist þekkingu á því. Kostir íbúalýðræðis eru tvíþættir annars vegar er það tæki til að bæta stjórn málin og hins vegar til að auka áhrif íbúa (Guðmundur H. Frímannsson, 2007). Í kafla 2.6 var fjallað um helstu aðferðir íbúalýðræðis sem er íbúafing, kynningarfundir, hverfisráð, með notkun heimasíðu og með rýnihópum. Í kafla 2.7 var fjallað um atkvæðagreiðslur. Til að koma í veg fyrir misskilning og óánægju er nauðsynlegt áður en gengið er til kosninga að tryggja að íbúar viti hvort verið sé að leita eftir álitum þeirra eða hvort um bindandi kosningu er að ræða. Íbúar trúa oft að þeir séu að taka þátt í samstarfi eða valdaafsali á meðan fagfólk hefur tilhneigingu til að líta á samráðsferli fyrst og fremst sem kynningu (Gunnar Helgi Kristinsson, 2005). Þetta fellur vel að niðurstöðum rannsóknarinnar en í þeim kom í ljós að viðmælendunum fannst þeir ekki fá nægilega góðar upplýsingar frá yfirvöldum. Sem sást t.d. með því að þeir þekktu ekki vel til þjónustumiðstöðvarinnar í hverfinu og þekktu illa til starfsemi hverfisráðanna.

Reykjavík hefur stigið skref að íbúalýðræði m.a. með því að stofna hverfisráð. Reglur um hverfisráð Reykjavíkur hafa verið margvíslegar og endurspeglar á hverjum tíma vilja borgaryfirvalda. Þar má nefna hverfisráðin í Reykjavík sem hafa tekið breytingum eftir því hverjir sitja í borgarstjórn. Það er nauðsynlegt að það komist á þverpólítískur vilji í borgarstjórn um það hvernig eigi að standa að íbúalýðræðinu. Þá er mikilvægt að það sé til staðar pólitísk sátt og stöðugleiki en vegna stjórn málalegs ástands síðustu ára þá hefur það ekki verið fyrir hendi. Rannsaka þarf starfsemi hverfisráðanna og afstöðu Reykvíkinga til þeirra. Hverfisráðið í hverfinu var ekki vel þekkt hjá viðmælendunum í rannsókninni. Þeir viðmælendur sem störfuðu í hverfinu vissu meira um hverfisráðin og starfsemi þeirra heldur en þeir sem einungis bjuggu í hverfinu. Einn viðmælandi vissi ekkert um tilvist hverfisráðsins.

Í símakönnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir Reykjavíkurborg 2006 kemur fram svipuð niðurstaða. Þar kom fram að 64% svarenda íbúa Árbæjar og Grafarholts töldu sig þekkja illa og frekar illa til starfsemi Velferðarsviðs. Undir það svið eru þjónustumiðstöðvarnar og þær hýsa

hverfisráðin. Viðmælandi sem sat í hverfisráði leit á hverfisráðið sem þrýstihóp og tengilið við íbúa.

Í kafla 3. 1 er fjallað um félagsauð. Það er hugtak sem er ekki gamalt en hefur verið að festa rætur í samfélaginu. Samkvæmt kenningu Putnams (2000) um félagsauð þá eru sambönd og samskipti sem leiða til trausts og gagnvæmra samskipta mikilvæg fyrir einstaklinga og hópa. Félagsauður er í þjóðfélögum þar sem ríkir traust og gagnkvæm samskipti. Það kemur í ljós í rannsóknum á félagsauð að einstaklingur sem er veltengdur líður betur en þeim sem eru það ekki. Þjargir og tengsl eru mikilvæg hugtök í umræðunni um félagsauð þau eru einnig kjarninn í félagsráðgjöf. Félagsmótun og reynsla af þátttöku í sameiginlegum efnum er hluti af félagsauð. Þegar verið er að rannsaka félagsauð þá er mikilvægt að skoða einstaklinginn í nærumhverfi sínu frekar en á landsvísu því þeir þættir sem skapa félagsauð og höfða til fjölskyldunnar. Traust er oft talið vera öruggt, sérstaklega í norrænum löndum. Þar er traust á ríkistjórnnum venjulega gott og það er talið nauðsynlegt fyrir heilbriggt og virkt lýðræði. Félagsauður samfélagsins eykst með aukinni þátttöku (Gunnar Helgi Kristinsson, 2001)

Það kom fram í rannsókninni að kirkja og íþróttafélögin eru dæmi um aðila í hverfinu sem stuðla að tenginu á milli íbúanna. Þessi starfsemi fellur vel að kenningu Putnam um félagsauð þar sem tengingar eru mikilvægar. Það er hægt að staðsetja og skoða félagsauðinn á þátttökustiga Arnsteins. Í kafla 3.2 er fjallað um Coleman og félagsauð. Samkvæmt kenningu Colemans (1998) um félagsauð þá eru upplýsingar mikilvægur þáttur í félagsauði. Hann telur mikilvægt í öllum samfélögum að halda íbúum vel upplýstum þannig að þeir viti hvað er að gerast. Eins og áður segir þá virðist vera að upplýsingaskortur sé veikur hlekkur varðandi uppbyggingu félagsauðs í hverfum viðmælendanna í rannsókninni. Í kafla 3.3 er fjallað um Putnam og félagsauð. Putnam (2000) leggur áherslu á að félagsauðurinn getur verið fjölbreyttur, hann þarf ekki að vera alveg sá sami allsstaðar. Hann telur að félagsauðurinn sé mikilvægur hvað varðar hegðun fólks í að viðhalda heilbrigði og hamingju. Í hverfum þar sem félagsauður er mikill þar virðist vera gott að ala upp börn. Það kemur fram hjá einum viðmælenda rannsóknarinnar að þrátt fyrir hættur í umhverfinu eins og Elliðaánum þá á finnst honum gott að ala upp börn í hverfinu. Annar viðmælandi sagði að það væri greinilegt að mörgum íbúum sem ólust upp í Árbænum, finnst gott að búa í

hverfinu og vilja ala upp börnin sín þar. Í kafla 3.4 er fjallað um Fukuyama og félagsauð. Fukuyama (1999) leggur áherslu á að tengsl geta bæði verið einföld og flókin. Þá telur hann að góð viðmið séu ekki nægjanleg nema að þau leiði til samskipta. Þá varar hann við því ef yfirvöld taka að sér að skipuleggja alla hluti þá verður fólk háð því og missi tækifæri og hæfileikann til að vinna með öðrum. Í rannsókninni kom fram dæmi um velheppnaða samvinnu íbúa án íhlutunar yfirvalda þegar að íbúar tóku sig saman á landnemaárunum í Árbæ og fúavörðu efni í sameiginlega girðingu. Þá kom það einnig fram hjá öðrum viðmælenda að honum finnst að borgaryfirvöld megi ekki búa til íbúasamtök heldur verði þau að spretta úr grasrótinni. Einnig kom fram að annar viðmælandi taldi að pólitískt skipað hverfisráð nægði ekki til að búa til heildstætt hverfi. Sá viðmælandi sagði jafnframt að til að ná árangri og ná til íbúa þá þurfi að virkja þá og benti á að hverfisráð gæti verið með sem stuðningsaðili en ekki eitt og sér. Í kafla 3. 5 var fjallað um félagsauð og samfélagið og í kafla 3.6 var fjallað um félagsauð og rannsóknir. Við mælingar á félagsauð hefur verið farin sú leið að mæla traust í samfélögum. Rothstein (2004) segir að traust sé oft talið vera öruggt, sérstaklega í norrænum löndum. Þar er traust á ríkistjórnnum venjulega gott og það er talið nauðsynlegt fyrir heilbrigt og virkt lýðræði. Í rannsókn Björnskov og Svendsen (2003) á ríkjum í Evrópu þar á meðal á Íslandi kom í ljós að í ríkjum þar sem dreifstýring er við höfð líkt og hér á landi og Norðurlöndunum þar mælist meiri félagsauður það er meira traust á stjórnvöldum og minni spilling. Fukuyama (1999) telur mesta veikleika félagsauðsins vera þann að ekki er sameiginlegur skilningur á hvernig eigi að mæla hann. Í þessari rannsókn kom ekki fram vantraust á yfirvöldum aftur á móti voru viðmælendur rannsóknarinnar sammála um skort á upplýsingum frá þeim. Það er mikilvægt fyrir stjórnámamenn, og aðra þá er koma að stefnumótun, að þeir verði sér meðvitaðir um þann félagsauð sem liggur í samfélaginu. Til að íbúalýðræði virki þá verða íbúar og yfirvöld að taka höndum saman um sameiginlega hagsmuni sína. Segja má að yfirvöld hafa stigið skref í átt að íbúalýðræði en enn er töluvert í land þó það megi segja að það sjáist í fjarska til lands. Af ofangreindri umfjöllun má draga þá ályktun að félagsauður sé mikilvægur fyrir íbúalýðræðið og sé undanfari þess.

8.3 Tengist félagsráðgjöf, íbúalýðræði og félagsauður ?

Félagsráðgjafar þekkja margar aðferðir og hafa fengið þjálfun í félagsráðgjafanáminu til að nota þær. Í kafla 4.3 eru bornar eru saman skilgreiningar á félagsráðgjöf og félagsauð. Tengingar og bjargir eru þættir sem eru þýðingamiklir í félagsráðgjöf og í félagsauði (Nysæther, 2004). Í kafla 4. 4 er fjallað um heildarsýn. Lára Björnsdóttir (2006) segir að baki þeirri hugmyndafræði sé sú sýn á manneskjuna að hver og einn einstaklingur sé sérstakur og margbreytilegur og að líta þurfi á aðstæður hans frá öllum hliðum og í samhengi við umhverfi hvers og eins. Þar er átt við fjölskyldu, vini, vinnufélaga, nággranna og í raun samfélagið allt í heild sinni. Félagsráðgjafar þekkja vegna starfa sinna til margra ólíkra hópa í samfélaginu. Því ætti það að vera þeim hægðarleikur að styðja og valdefla fulltrúa minnihlutahópa til að koma hugmyndum sínum á framfæri svo að fjölbreytileika samfélagsins verði meiri. Starf félagsráðgjafans getur fallið að kenningu Marion Young (2000) um það hvernig bæta megi lýðræðið með því að gera fulltrúum minnihlutahópa kleift að hafa áhrif á lýðræðislegar ákvarðanatökur í samfélaginu. Og um mikilvægi að viðurkenna margbreytileika og hvetja ólíka hópa til að setja orð á þarfir og óskir sínar og áhuga og sýna skilning á þjóðfélaginu. Þannig geta félagsráðgjafar komið að því að auðga og styrkja lýðræðislega samræðu og ákvarðana töku svo lýðræðið nái til allra. Í kafla 5 er fjallað um valdeflingu.

Félagsráðgjafar og aðrir þeir sem vinna að eflingu félagsauðs verða að þekkja til faglegara aðferða samfélagsvinnu sem felst í að virkja fólkið það er gert með því að hafa í fyrsta lagi samband við einstaklinga og greina þörfina. Í öðru lagi leiða einstaklingana saman og aðstoða þá við að skilgreina þarfir sínar og vilja til að koma á móts við þær. Í þriðja lagi að aðstoða fólk til að skilja hvað þarf að gera svo hægt sé að koma á móts við þær. Og að lokum aðstoð við skipulagningu, setja markmið og styðja það við að finna leiðir (Adams, 2003).

Með stofnun Þjónustmiðstöðvar í hverfum er verið að beita stofnanavinnu sem felst að verið að tengja og samræma þjónustu milli mismunandi stofnana. Bjargir stofnana eru virkjaðar, með því að samhæfa þær og styrkja til hagsbóta fyrir íbúana. Til að auðvelda samvinnu við íbúa stendur til að Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og Heilsugæsla Árbæjar verði staðsettar í sama húsi. Þá er einnig

mikilvægt að hafa í huga að mikil valdefling fer fram innan frjálsra félagasamtaka. Fjöldi þessara félaga hefur farið vaxandi hér á landi undanförunum árum (Steinunn Hrafnisdóttir, 2006a). Þjónustumiðstöðvarnar hafa farið í samstarf við nokkur frjáls félagasamtök eins og t.d. Íþróttafélög. Eins og hér hefur verið rakið þá getur félagsráðgjöf tengst íbúalýðræði og félagsauði með valdeflingu. Án valdeflingar verður ekki félagsauður og án félagsauðs þá verður lítið úr íbúalýðræðinu.

8.4 Niðurlag og lærdómur

Helstu takmarkanir í þessari rannsókn er að talað er við fáa íbúa. Rannsóknin væri fjölbreyttari ef notuð hefði verið blönduð aðferð það er að beita eigindlegri og megindlegri aðferðarfræði. Með blandaðri aðferð þá verða rannsóknir fjölbreyttari og geta þær svarað spurningum sem aðrar rannsóknaaðferðir geta ekki. Með blandaðri aðferð er auðveldara að draga ályktanir og með þeim gefst einnig kostur á að rannsaka og skoða fleiri þætti í einu en við aðrar rannsóknaraðferðir (Tashakkori og Teddlie, 2003). Blönduð aðferð er viðameiri en þessari rannsókn var ætlað að vera. Mikilvægt er að gera viðamikla rannsókn á íbúalýðræði og hverfisráðum til að rannsaka hug og skilning fólks á umhverfi sínu, íbúalýðræði og hverfisráðum.

Lærdómurinn sem má draga af þessari rannsókn er sá, að ef efla á félagsauð og íbúalýðræði þá liggur ekki fyrir nein ein lausn eða ein leið. Nauðsynlegt er að efla marga þætti og reyna að leita leiða til að virkja sem flesta hópa og einstaklinga innan hverfisins. Ein leið væri að stofna og efla íbúasamtök þar sem íbúar, félög og stofnarnir í hverfinu væru aðilar. Viðmælendur þessarar rannsóknar virtust vera tilbúnir til að láta gott af sér leiða fyrir hverfið sitt. Þá er einnig mikilvægt að hafa allar boðleiðir skýrar og hafa greiða og öflugra upplýsingaveitu sem nær til allra íbúa hverfisins. Mikilvægt er að öll þjónusta borgarinnar sé öllum íbúunum hennar aðgengileg, greið og sýnileg.

Heimildir

- Adams, R. (2003). *Social work and empowerment*. Hamshire: McMillan.
- Alta. (2008). Sótt 19.08.2008 af <http://www.alta.is/a/?s=%EDb%FAa%FEing&searchsubmit=Leita>
- Andrea G. Dorfadóttir, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Friðrik Jónsson. (2007). *Viðhorf borgarbúa til þjónustu Reykjavíkurborgar*. Símakönnun fyrir Reykjavíkurborg janúar 2007. Reykjavík : Félagsvísindastofnun.
- Arnstein, S. (1969). A ladder of citizen participation. *Journal of the American institute of planners*, 35(4), 216-224.
- Auður Styrkarsdóttir. (1982). *Kvennaframboðin 1908-1926*. Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands, Örn og Örlygur.
- Ágúst Þór Árnason, Guðmundur Heiðar Frímansson og Ingibjörg Elíasdóttir. (2007). *Lokaskýrsla starfshóps um íbúalýðræði*. Akureyri.
- Áslaug Ólafsdóttir, Ella Kristín Karlsdóttir og Guðrún H. Sederholm. (1997, 10. janúar). Hvað er félagsráðgjöf ? *Morgunblaðið*, bls. 29.
- Banks, S., Butcher, H., Henderson, P og Robertson, J. (2003). *Managing community practice principles, policies and programmes*. Glasgows: The Policy Press.
- Bogdan, R. og Biklen, S. K. (2003). *Qualitative research in education: An introduction to theory and methods*. Boston: Allyn and Bacon.
- Bourdieu, P. (1986). The forms of capital. Í Richardson, J. (ritstjóri), *Handbook of theory and research for the sociology of education* (bls. 241- 258). New York : Greenwood press.
- Björnskov, C. og Svendsen, T.S. (2003). *Why does the northern light shine so brightly ? Decentralisation, social capital and the economy*.
- Brundtlandskýrslan. (e.d.). *Our common future*. Sótt 11.09.2007 af <http://ringofpeace.org/environment/brundtland.html>
- Coleman, J. S. (1988). Social capital in the creation of human capital. *American Journal of Sociology* 94, 95- 120.
- Creswell, J.W. (1998). *Qualitative inquiry and research design choosing among five traditions*. London: Sage publications.

- Dagur B. Eggertsson. (2002, 26. júní). Opið stjórnkerfi í Reykjavík. *Morgunblaðið*, bls. 25.
- Diani, M. (2004). How associations matter: An empirical assessment of the social capital- trust-voluntary action link. Í Prakash, S. og Selle, P. (ritstjóri), *Investigating social capital (137-161)*. London: Sage Publications.
- Ella Kristín Karlsdóttir og Eyrún Jónatansdóttir. (1999, 21. október). Félagsráðgjöf – hvað er nú það ? *Morgunblaðið*, bls.42.
- Farley, W., Smith, L. og Boyle, S. (1974). *Introduction to Social Work*. (10. útgáfa). Boston : Allyn and Bacon.
- Félagsráðgjafafélag Íslands. (e.d.). *Siðareglur félagsráðgjafa* sótt 17. 8. 2008 af <http://www.felagsradgjof.is/index.php?option=content&task=view&id=8&Itemid=31>
- Framsæðið í Úlfarsárdal. (2008, 1. maí). *Morgunblaðið*, bls.3.
- Fukuyama, F. (1999). *Social Capital and Civil Society*. Sótt 22.11. 2007 af <http://www.imf.org/external/pubs/ft/seminar/1999/reforms/fukuyama.htm>
- Garner, C.W. (1991). *Accounting and budgeting in public and nonprofit organizationa. A managers 's guide*. San Francisco: Jossey-Bass Publishers.
- Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Snorri Örn Árnason og Matthías Þorvaldsson. (2005). *Viðhorf borgarbúa til þjónustu Reykjavíkurborgar*. Símakönnun fyrir Reykjavíkurborg nóvember 2005. Reykjavík : IMG Gallup.
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir og Guðrún Á Stefánsdóttir. (2006). Búseta- verkmennig- virðing starfa. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VII* (bls. 79-92). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Guðmundur Heiðar Frímansson. (2006). Íbúalýðræði. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VII* (bls. 651-659). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Gunnar Karlsson. (2004). Alþingiskosningar 1844. Fyrstu skref Íslendinga á braut fulltrúalýðræðis, *Ritið. I*, 23-50.
- Gunnar Helgi Kristinsson. (2001). *Staðbundin stjórnmal : markmið og árangur sveitarfélaga*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gunnar Helgi Kristinsson. (2005). *Íbúalýðræði í skipulags- og umhverfismálum*. Erindi flutt á málþingi Skipulagsstofnunar: Samráð við skipulag og mat á umhverfisáhrifum, Grand Hótel Reykjavík, 29. janúar 2005.
- Gunnar Helgi Kristinsson. (2006). *Íslenska stjórnkerfið*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Hagstofan. (2008). *Mannfjöldi í Þjóðkirkjunni* sótt 21.08 af www.hagstofan.is/?PageID=632&src=/temp/Dialog/varaval.asp?ma=MAN10305%26ti=F%E9lagar+%ED+&FEj%F3%F0Irestak%F6lum+og+pr%F3fastsd%E6mun+2007%26path=./Database/mannfjoldi/Trufelog/%26lang=3%26units=fjoldi
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir. (2005). Valdefling. Glíma við margrætt hugtak. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlun hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasvæði* (bls. 66-79). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Heiða Björg Pálmadóttir. (2003). *Forsendur íbúalýðræðis, Réttarstaða Reykjavíkurborgar: verkefni styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna fyrir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og Lögfræðiakademíuna*. Reykjavík: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara: Lögfræðiakademían.
- Helga Jónsdóttir. (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í Aðferðarfræði og Rannsóknnum í Heilbrigðisvísindum* (bls. 67-84). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Hildur Kristjánsdóttir. (2002). *Þátttaka almennings í mótun skipulags. Hugmyndafræði og aðferðir*. Borgarfræðasetur Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar.
- Hilligaard, L. og Keiser, L. (1979). *Social(be)handling teori og metode i socialt arbejde* (3. útgáfa) Árhús: Munksgaard.
- Hópur sérfræðinga um hlutdeild notenda í félagslegri þjónustu á vegum Evrópuráðsins. (2004). *Skýrsla um hlutdeild notenda í einstaklingsmiðaðri félagslegri þjónustu*. Þýðing unnin í september 2005 á vegum Félagsmálaráðuneytis, Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.
- Hudson, M. (1995). *Managing without Profit. The Art of Managing Third-sector Organization*. London: Directory of Social Change.
- Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. (2004). Hver á að ráða Um lýðræðið á tímum hinna stjórnlyndu. *Ritið. 1*, 159-165.
- International Federation of Social Workers. (e.d.). Sótt 27.08.2008 af <http://www.ifsw.org/en/f38000138.html>
- Kristensen, J.K. (2003). Myndiggörelse gennem legitim perifer deltagelse- et teoretisk bud paa et maal for aktiveringsindsatsen. Í Andersen, J., Beck, A. M. T., Kristensen, C. J. og Larsen, J. E. (ritstjórar), *Empowerment i storbyens rum* (bls. 162-184). Kaupmannahöfn:Hans reitzeils forlag.
- Kristín Ástgeirsdóttir. (2004). Frá fulltrúalýðræði til þátttökulýðræðis. *Ritið. 1*, 81-112.

- Kristín Guðmundsdóttir og Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Rýnihópar og rannsóknir í félagsráðgjöf. *Tímarit félagsráðgjafa.1*, 73-80.
- Kvale, S. (1996). *Interviews: An introduction to qualitative research interviewing*. London: Sage Publications.
- Lára Björnsdóttir. (2006). Heildrænt skipulag í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn, Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 49-61). Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Lög Félagsins.(1969). *Jörfi, Kynningarblað Framfarafélags Selás og Árbæjarhverfis*, bls. 8.
- Lög íbúa samtaka Grafarholts og Úlfarsársdals.* (2008).
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/ 1991.*
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.*
- Lög um kosningar til Alþingis nr.24/2000.*
- Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992.*
- Lög um reynslusveitarfélög nr. 82/1994.*
- Magee, B. (2002). *Saga heimspekinnar*. Reykjavík: Mál og menning.
- María Anna Þorsteinsdóttir. (1996). *Tveggja heima sýn. Saga Ólafs Þórhallasonar og þjóðsögurnar*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Neville, D. (2004). *Putting empowerment into Practice:Turning rhetoric into reality* London: Whiting og Birch Ltd.
- Nysæther, L. (2004). Kan begrepet social capital anvendes I sosialt arbeid ? *Nordisk sosialt arbeid* 24(1), 63-76.
- Ólafur Jóhannesson. (1960). *Stjórnskipun Íslands*. Reykjavík: Hlaðbúð.
- Payne, M. (1997). *Modern social work theory* (2. útgáfa). New York: Palgrave.

- Pincus, A. og Minahan, A. (1973). *Social work practice : Model and method*. Wisconsin: F. E. Peack publishers.
- Poppo, K. (1995). *Analysing community work. Its theory and practice*. New York : Open University press.
- Putnam, R. (2000). *Bowling alone. The collapse and revival of American Community*. New York: Simon & Shulster.
- Putnam,R. (e.d.). *Better together, an initiative of the Saguaro seminar: Civic engagement in America at Harvard University*. Sótt 18.10. 2007 af <http://www.bettertogether.org/150ways.htm>
- Regína Ástvaldsdóttir. (2002). *Heimsókn stjórnkerfisnefndar Reykjavíkurborgar til Osló, Bergen, Kaupmannahafnar og Stokkhólms 27- 31 ágúst 2002*. Reykjavíkurborg.
- Reykjavíkurborg.(2008a). Skilgreining á félagsauði á þjónustumiðstöð Grafarvogs sótt 20. ágúst af http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-1758/2634_read-5407/
- Reykjavíkurborg.(2008b). Ungmennaráð. Sótt 20. ágúst af <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-151>
- Reykjavíkurborg umhverfissvið. (e.d.). *Reykjavík í mótun, stefnumótun í átt að sjálfbærni samfélagi í Reykjavík til 2015*. Reykjavík.
- Rothstein, B. (2004). Social Capital and Institutional Legitimacy: The Corelone Connection. Í Prakash, S. og Selle, P. (ritstjórar), *Investigating Social capital* (bls 113-136). London: Sage Publications.
- Rubin, A. og Babbie , E. (1997). *Research methods for social work* (3. útgáfa). Pacific Grove: Brooks/ Cole Publishing Company.
- Samþykkt fyrir Hverfisráð Reykjavíkurborgar (2008). sótt 14.08. 2008 <http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/?tabid=614>
- Samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 637, 2002 sbr. 804,2003.
- Schugurensky, D. (2008). Selected moments of the 20th century. A work in progress. Sótt 30.07. 2008 <http://.oise.utoronto.ca/research/edu20/moments/1986bourdieu.html>
- Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir. (1997). *Hvers vegna sjálfböðastörf? Um sjálfböðastarf, félagsmálastefnu og félgsráðgjöf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldhvörf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Félagráðgjöf í heilbrigðisþjónustu- eitt sérfræðisviða. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn, Félagráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 33-47). Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Sigurjón Ari Sigurjónsson. (1969a). Árbæjarsókn. *Jörfi, kynningarblað Framfarafélags Selás og Árbæjarhverfis*, bls.5.
- Sigurjón Ari Sigurjónsson. (1969b). Lúðrasveitin. *Jörfi, kynningarblað Framfarafélags Selás og Árbæjarhverfis*, bls.5.
- Sigurjón Ari Sigurjónsson. (1969c). Knattspyrnufélagið. *Jörfi, kynningarblað Framfarafélags Selás og Árbæjarhverfis*, bls.3.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða meginindlegar rannsóknaraðferðir ? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðarfræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219-235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997.*
- Sprague, J. og Hayes, J. (2000). Self-determination and empowerment: A feminist standpoint analysis of talk about disability. *American Journal of Community Psychology*, 28(5), 671-695.
- Stefán Gíslason. (2001). *Staðardagskrá 21 á Íslandi samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og umhverfisráðuneytisins október 1998-mars 2000, (Lokaskýrsla)* Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Steinunn Hrafnisdóttir. (2006a). Sjálfböðastörf á Íslandi. *Tímarit félagsráðgjafa. 1*, 43-54.
- Steinunn Hrafnisdóttir. (2006b). Af hverju vinnur fólk sjálfböðaliðastörf ? Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í Félagsvísindum VII* (bls. 235-244). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóli Íslands.
- Stolle, D. (2004). Communities and Local Government: Generalized Trust in Regional Settings. Í S. Prakash, og P. Selle. (ritstjórar), *Investigating Social capital* (bls.184-206). London: Sage Publications.
- Stoker, G. (2006). *Why Politics matters- Making democracy work*. New York: Palgrave Macmillian.
- Strauss, A. og Corbin, J. (1998). *Basics og qualitative research: Techniques and proceures for developing grounded theory.* (2. útgáfa) London: Sage Publications.

- Svanborg Sigmarsdóttir. (2003). *Borgarlýðræði : Pólítísk valddreifing í Reykjavík*. Reykjavík: Borgarfræðasetur Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar.
- Svanur Kristjánsson. (2006). Ísland á leið til lýðræðis. *Ritið*. 2, 115-142.
- Sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998*.
- Sverrir Óskarsson. (2004). Enhanced local democracy in Reykjavík: A study of local democracy and citizen's participation in the neighbourhood councils in Reykjavík. Óbirt meistararitgerð. The department of Social Science, Roskilde University.
- Tashakkori, A. og Teddlie, C. (2003). *Handbook of Mixed methods in social & behavioural research*. London: Sage Publication.
- Thomas, M. og Pierson, J. (1995). *Dictionary of Social Work* (3. útgáfa). London: Collin Educational.
- Turner, F. J. (1996). *Social work treatment* (4. útgáfa). New York: The free press.
- Women in history. (2008). *Jane Addams biography*. Sótt 27.08.2008 af <http://www.ikwdpl.org/WIHOHIO/adda-jan.htm>
- Young, M. (2000). *Inclusion and democracy*. New York: Oxford university press.
- Þjóðarpúls. (2008).Sótt 25.07.2008 <http://www.galup.is/?page1D=760>
- Þorlákur Karlsson og Þórólfur Þórlindsson. (2003). Um úrtök og úrtaksaðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðarfræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 51-66). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Viðauki

Viðauki 1

Viðtalsvísir rannsóknarinnar 1

Hvernig má efla hverfisvitund íbúanna í hverfinu ?

Hvaða leiðir eru heppilegastar til að efla samstarf stofnana og frjálsra félagsamtaka í hverfinu ?

Hvernig er hægt að efla félagsauð í hverfinu ?

Hvar vill fólk eiga heima ? (Afhverju býrð þú þar sem þú býrð ?)

Viðauki 2

Lög íbúasamtaka Grafarholts og Úlfarsárdals.

1. grein

Félagið heitir Íbúasamtök Grafarholts og Úlfarsárdals. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Félagssvæði þess er Grafarholt og Úlfarsárdalur.

2. grein

Tilgangur félagsins er:

- a. Að vera samstarfsvettvangur íbúa og félagasamtaka á félagssvæðinu
- b. Að vinna að framfara- og hagsmunamálum í Grafarholti og Úlfarsárdal
- c. Að stuðla að samhug innan svæðisins
- d. Að byggja upp samstarf við opinberar stofnanir sem hafa með málefni hverfisins að gera.
- e. Byggja upp samstarf við önnur íbúasamtök.
- f. Að hvetja íbúa til hugmynda og athafna fyrir hverfið

3. grein

Allir íbúar Grafarholts og Úlfarsárdals sem þar eiga lögheimili, teljast félagar. Kjörgengi hafa allir lögskráðir íbúar svæðisins 18 ára og eldri.

4. grein

Stjórn íbúasamtaka Grafarholts og Úlfarsárdals skal skipuð 5 stjórnarmönnum; formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og meðstjórnenda. Stjórn skiptir með sér verkum.

5. grein

Aðalfund skal halda árlega, á tímabilinu frá 1. september til 1. desember. Skal hann boðaður með a.m.k. viku fyrirvara með sannanlegum hætti.

6. grein

Dagskrá aðalfundar. Skýrsla stjórnar um störf á liðnu ári skal lögð fram. Endurskoðaðir reikningar fyrir liðið ár skulu lagðir fram til úrskurðar. Tillögur að lagabreytingum skulu teknar fyrir. Tillögur um lagabreytingar þurfa að hafa borist stjórninni eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund og skal stjórn kynna þær í

fundarboði aðalfundar. Samþykki 2/3 fundarmanna þarf til að lagabreytingar nái fram að ganga. Kosning stjórnar. Stjórnarkjör fer fram skv. 4 grein. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum. Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára , nema á fyrsta fundi þá skulu tveir stjórnarmenn kosnir til tveggja ára og þrír til þriggja ára. Skipa skal tvo skoðunarmenn reikninga fyrir næsta ár. Önnur mál.

7. grein

Hvatt er til þess að íbúar hafi frumkvæði og hugmyndir að velferð hverfisins og stofni nefndir á hverjum tíma eftir því sem þörf krefur. Nefndir skulu hafa fullt samráð við stjórnina um mál er varða samtökin.

8. grein

Stjórnin skal boða til almenns félagsfundar ef ákveðnar óskir studdar af a.m.k. 20 félagsmönnum koma fram þar að lútandi og skal sá fundur auglýstur og boðaður eins og um aðalfund væri að ræða. Stjórn getur boðað til málfunda um tiltekin málefni.

9. grein

Hætti samtökin störfum renna eignir samtakanna til æskulýðsmála í hverfinu.